**DILJÁ MAGNEA ODDSDÓTTIR**

*Þykir best að búa á Íslandi*

bílar börn ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**SJÁVARÚTVEGUR**

*Vilja framleiða vistvænt eldsneyti*

Sérblað um sjávarútveg

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**LEONARDO DICAPRIO**

*Valdi Ísland fram yfir Alaska*

Vildi sjá næturlíf Reykjavíkur

**FÓLK 34**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. mars 2007 — 65. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

## Heinesen í Hafnarborg

Virtasti málari Færeyja, Zacharias Heinesen, opnar sýningu í Hafnarfirði.



**MENNING 24**

## Blekkingar Landsvirkjunar

„Hvers vegna að sóa því núna, sem hægt verður að selja margföldu verði í ekki svo fjarlægri framtíð?“ spyr Ólafur Hannibalsson.

**Í DAG 18**

## Fánalög brotin

Anna Nicole bjó til bikiní úr íslenska fánanum.



**FÓLK 26**

## Baráttusigur Chelsea



Chelsea, Roma, Valencia og Liverpool eru komin áfram í fjórðungsúrslit Meistaradeildar Evrópu.

**ÍÞRÓTTIR 30**

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÆGIR Á VESTFJÖRÐUM** Í dag verður hvöss norðaustan átt á Vestfjörðum en lægir þar með kvöldinu. Annars staðar verður vindur mun hægari. Dálítil rigning eða skúrir á við og dreif. Hiti 3-7 stig.

**VEÐUR 4**

# Sjálfstæðisflokkur og VG samstiga gegn ESB

**Vinstrihreyfingin - grænt framboð og Sjálfstæðisflokkur hafa lagt fram sameiginlega bókun í Evrópunefnd um einarða afstöðu gegn Evrópusambandinu.**

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin - grænt framboð og Sjálfstæðisflokkurinn hafa lagt fram sameiginlega bókun í Evrópunefndar. Þetta staðfestu nefndarmenn við Fréttablaðið í gær. Skýr afstaða gegn Evrópusambandsaðild kemur fram í bókuninni.

Í drögum af niðurstöðum nefndarstarfsins, sem stýrt er af Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra, kemur fram að engar líkur séu á því „að samist geti um milli Íslands og ESB, að 200 mílna efnhagslögsagan umhverfis Ísland verði í heild sinni viðurkennd sem sérstakt fiskveiðistjórnunarkerfi undir stjórn Íslendinga [...] Það er niðurstaða nefndarinnar að Íslendingar geti ekki framselt yfirráðin yfir þeim miklu auðæfum sem þar er að finna til Evrópusambandsins, án þess að hafa nokkra vissu fyrir hvaða reglum verði fylgt í sjávarútvegsmálum á komandi áratugum.“

Í niðurstöðunum er einnig frá því greint að réttur ríkja til þess að gera sjálfstæða viðskiptasamninga við önnur ríki myndi niður falla við aðild að Evrópusambandinu. „Nefndin telur því afar óhyggilegt fyrir Íslendinga að glata réttinum til að gera fríverslunarsamninga við önnur ríki.“

Framsóknarflokkurinn hyggst leggja fram sérstaka bókun líkt og Samfylkingin. Brynjar Sindri Sigurðsson, fulltrúi Frjálslynda flokksins í nefndinni, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, útilokuðu ekki í gær að flokkurinn tæki undir með Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokki en sögðu líklegra að flokkurinn léti nægja að leggja fram sérstaka bókun.

Nefndarmenn funda í Þjóðmenningarhúsinu í hádeginu í dag. Björn Bjarnason var ekki tilbúinn til þess að greina frá vinnu nefndarinnar þar sem nefndarvinnu væri ekki lokið.

Í lokaorðum í drögum að niðurstöðum nefndarinnar kemur fram að þótt aðild að ESB fylgi ýmsir kostir sé „hitt fullljóst að þeir hagsmunir og réttindi sem glatast við aðild vegi miklu þyngra en kostirnir“. **- mh**

Klámráðstefnan á Sögu:

## Skaðabótamál í undirbúningi

**DÓMSMÁL** Skaðabótamál er í undirbúningi gegn Hótel Sögu, fyrir að hafa meinað aðstandendum „klámráðstefnunnar“ um gistingu og aðstöðu á hótelinu á dögunum. Ætluðu yfir 100 manns að koma hingað til lands, ferðast og ræða viðskipti. Mætti það mikilli gagnrýni og vísaði Hótel Saga þeim frá. Oddgeir Einarsson, héraðsdómslögmaður hjá lögfræðiskrifstofunni Opus, staðfesti við Fréttablaðið í gær að stofan hefði tekið að sér að kanna grundvöll slíkrar lögsóknar.



ODDGEIR EINARSSON

„Já, þetta er í fullri vinnslu og við erum í gagnaöflun. Þetta byrjar svo væntanlega með kröfugerð á hótelið,“ segir Oddgeir. Ákvörðun um framhaldið verði tekin á næstunni. **- kóþ**



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Barcelona féll úr keppni:

## Sigurmark Eiðs dugði ekki til

**FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sigurmark Barcelona gegn Liverpool á heimavelli enska liðsins í síðari viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær.**

**Eiði Smára var skipt inn á á 71. mínútu og skoraði markið fjórum mínútum síðar eftir að hafa leikið glæsilega á markvörð Liverpool, José Reina. Mark Eiðs dugði þó liði hans ekki til að komast í 8-liða úrslit þar sem Liverpool vann fyrri leikinn, sem fór fram í Barcelóna, 2-1, og kemst því áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.**

**Fjórir leikir fara fram í Meistaradeildinni í kvöld og verða þrír þeirra sýndir beint á Sýn.** **- esá / sjá síðu 30**

Laun forstjóra og stjórnarformanns Kaupþings samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 2006:

# Einn og hálfan milljarð í tekjur

**VIÐSKIPTI** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, og Sigurður Einarsson stjórnarformaður fengu hvor um sig rúmar 140 milljónir í laun fyrir árið 2006. Einnig nýttu þeir sér báðir forkaupsrétt síðan 2003, og græddu hvor um sig 674 milljónir á því. Samtals höfðu þeir því um einn og hálfan milljarð króna í tekjur frá bankanum á síðasta ári.

Í ársskýrslu Kaupþings fyrir árið 2006, sem kom út í gær, segir að laun og launatengd gjöld fyrirtækisins hafi verið samtals 33,5 milljarðar króna á árinu, en í lok ársins störfuðu 2.719 hjá bankanum í fullu starfi.

Af þessum 33,5 milljörðum fara rúmar sex hundruð milljónir í laun og bónusa til forstjórans, stjórnarmanna, forstjóra á Íslandi og í Danmörku og fimm framkvæmdastjóra. Þá er ótalinn hagnaður af forkaupsrétti sem stjórnendur fá í sinn hlut.

„Kaupþing er alþjóðlegt fyrirtæki og því er eðlilegt að borga stjórnendum laun í samræmi við það,“ segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs bankans. „Það þarf að hafa í huga að hluti launanna er árangurstengdur og það náðist afar góður árangur á síðasta ári.“ **- sþs**


Fagleg og lögleg

þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni 1. – 11. mars

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

50 stk á einstöku verði aðeins í dag!

~~12.980,-~~ 4.990,-

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



LAGER SALA

LAGERSALA SKÍFUNNAR

SKEIFUNNI 17

OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR

11-19

## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, heldur þú upp á daginn í Svíþjóð?*

Nei, ég er víst hættur sem forsætisráðherra.

Júlíus Hafstein sendiherra varð sextugur í gær. Eins og frægt er orðið var hann ranglega sagður Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, í forsíðumyndatexta Fréttablaðsins í vetur.

Leið fyrir menntaskóla með bekkjakerfi að stytta námstíma til stúdentsprófs:

# Níundu bekkingar í MR

**MENNTAMÁL** Menntaskólinn í Reykjavík hefur fengið leyfi menntamálaráðuneytis til að innrita nemendur sem lokið hafa níunda bekk á komandi skólaári í tilraunaskyni. „Við höfum haft áhuga á að bjóða upp á þennan valkost í þeim tilgangi að bjóða upp á sveigjanlegri námsleiðir og koma þannig til móts við nemendur sem hefðu hug á að stytta námstíma sinn til stúdentsprófs,“ segir Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík.



YNGVI PÉTURSSON

Yngvi segir ætlunina að innrita einn til tvo bekki á næsta skólaári á mála- og náttúrufræðibraut. Nemendur verði þeir sem taldir eru hafa getu til að fást við verkefni sem ætluð eru 10. bekk jafnframt námsefni sem ætlað er nemendum á fyrsta ári í menntaskólanum.

Umsjónarkennurum tilraunabekkjanna sé ætlað umfangsmeira starf en gerist í við hefðbundna kennslu, að sögn Yngva og samstarf verði haft við forráðamenn fyrstu tvö árin.

Fjöldi nemenda verður takmarkaður og verða þeir nemendur sem hann telur hæfasta valdir úr hópi umsækjenda. Meðal skilyrða sem nemendur verða að uppfylla eru að hafa hlotið yfir 8 í einkunn í níunda bekk grunnskóla, þreytt samræmt grunnskólapróf í íslensku auk þess sem mat grunnskólans á námslegum og félagslegum þroska nemandans verður að fylgja. **- kdk**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

# Gagnrýnir sölu fasteigna borgar

**STJÓRNMÁL Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, segir vinnubrögð borgarstjórnar við sölu fjögurra fasteigna borgarinnar ekki standast skoðun. Milljarðasamningur við Eykt hafi verið gerður án útboðs eða auglýsingar.**

**Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá að borgin stefni að því að selja fasteignir í eigu borgarinnar fyrir 1,2 milljarða króna til Eyktar. „Borgarráð var ekki upplýst um þessa þróun mála og þegar ég spurði fékk ég loðin svör. Það er mörgum spurningum ósvarað í þessu máli.“** **- sþs**

Samþykkt ríkisstjórnarinnar:

# Vilja vistvæna ríkisbifreiðar

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrir sitt leyti lagafrumvarp sem ætlað er að hvetja til aukinnar notkunar á vistvænum bifreiðum. Er ráð fyrir því gert að vörugjöld verði felld tímabundið niður af metan- og rafmagnsbifreiðum, auk þess sem mælst verður til þess að ríkisstofnanir kaupi vistvænar bifreiðar þegar þær endurnýja bifreiðar sínar.**



GEIR H. HAARDE

**Markmiðið með breytingunni er að í lok árs 2008 verði tíu prósent af bifreiðum í eigu ríkisins knúnir vistvænum orkugjöfum, 20 prósent í lok árs 2010 og 35 prósent í lok árs 2012.**

**Ríkisstjórnin segir ljóst að aðgerðir sem þessar séu til þess fallnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, það er mengun.** **- mh**

Bónus fyrir barnafjölskyldur:

# Leikskólagjöld lækka á Nesinu

**FÉLAGSMÁL** Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt að lækka leikskólagjöld. Grunngjald verður lækkað um tíu prósent, systkinaafsláttur tvöfaldast og framlög til einkarekinna leikskóla hækka um 30 til 60 prósent. Breytingarnar taka gildi frá og með 1. apríl næstkomandi.

Í fréttatilkynningu segir að eftir breytingu verði gjald fyrir vistun með fullu fæði 26.244 krónur án afsláttar. Systkinaafsláttur fer úr 25 prósentum í 50 prósent fyrir annað barn og úr 50 prósentum í hundrað prósent fyrir þriðja barn. Breytingunni er ætlað að bæta afkomu barnafjölskyldna á Seltjarnarnesi. **- sþs**

# Börnin líða fyrir gloppur í kerfinu

**Móðir drengs segir börn líða fyrir að einstæðir foreldrar geti ekki verið hjá börnum sínum í níu mánuði á styrk. Óréttlátt gagnvart börnum og það kemur vel til greina að ráða bót á þessu, segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.**

**FÉLAGSMÁL** Foreldrar barna, þar sem annað foreldrið hefur ekki afskipti af barninu frá fæðingu, geta að hámarki þegið fæðingarstyrk í sex mánuði. Þetta þýðir að börn, sem búa við fyrrnefndar aðstæður, geta í flestum tilfellum ekki verið alfarið hjá foreldri í níu mánuði eins og gert er ráð fyrir í lögum.

„Mér finnst þetta óréttlátt, svo ekki sé meira sagt. Þarna er augljós gloppa í kerfinu sem þarf að huga betur að því börnin eiga ekki að þurfa að líða fyrir aðstöðumun með þessum hætti,“ segir Edda Hrund Guðmundsdóttir sem elur dreng sinn, Nicolas Örn Skagfield, upp ein. „Ég fæ ekki fæðingarstyrk í níu mánuði þó að faðir drengsins míns komi ekkert að uppeldinu. Að hámarki get ég fengið sex mánaða styrk og í því felst óréttlætið, og það bitnar mest á barninu.“

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir þessi málefni hafa verið skoðunar í ráðuneytinu. „Við vitum af þessari stöðu. Í þessu málum er um þrískipt kerfi að ræða. Móðir fær styrk í þrjá mánuði, faðir í þrjá mánuði og svo eru þrír mánuðir þar sem hægt er að skipta á milli. Í lögunum er réttur feðra sjálfstæður og því ekki deilanlegur,“ segir Magnús og nefnir að lagabreytinga gæti verið þörf. „Það er alveg rétt að börnin þurfa að líða fyrir þessa stöðu og það er okkar að skoða þessi mál betur, og það verður gert.“





**EDDA HRUND OG NICOLAS** Edda Hrund er ein þeirra sem geta ekki verið með fæðingarorlofsstyrk nema í sex mánuði, þrátt fyrir að faðirinn komi ekki að uppeldinu með neinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/EDDAHRUND



**MAGNÚS STEFÁNSSON** Vill beita sér fyrir breytingum á lögum um fæðingarorlofsstyrki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður fæðingarorlofssjóðs, segir þetta undantekningatilvik. „Það eru um 90 prósent feðra sem nýta sér rétt sinn og taka feðraorlof þannig að þetta eru ekki mörg tilvik. Það liggur fyrir að réttur móður og föður er ekki deilanlegur enda er markmið laganna að börnin njóti samvista við föður og móður. Undantekningartilvik þarf að meðhöndla með viðeigandi hætti.“

> „Þarna er augljós gloppa í kerfinu sem þarf að huga betur að því börnin eiga ekki að þurfa að líða fyrir aðstöðumun,“
>
> EDDA HRUND GUÐMUNDSDÓTTIR
> MÓÐIR

Algengast er að móðir nýti sex mánuði af orlofinu en feður þrjá. Samkvæmt upplýsingum frá fæðingarorlofssjóði færist það í vöxt að foreldrar skipti jafnt á milli sín þremur mánuðum sem eru til skiptanna, lögum samkvæmt.

magnusg@frettabladid.is

Skrifa bók um Baug Group:

# Breskir blaðamenn í efnisleit

**BAUGSMÁL** Væntanleg er bók um fyrirtækið Baug Group, og eru tveir breskir blaðamenn staddir hér á landi til að viða að sér efni um Baugsmálið.

Blaðamaðurinn Ian Griffiths, sem starfar hjá breska dagblaðinu Guardian hluta úr ári, leit við í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær til að sjá hvernig málarekstur fyrir dómi gengi, ásamt sjálfstætt starfandi kollega sínum.

Griffiths sagði að umsvif Baugs Group í Bretlandi væru orðin slík að það væri full ástæða til að skrifa bók um félagið. Ekki væri hægt að skrifa þá bók nema kynna sér Baugsmálið ítarlega, en hann hafi reyndar fylgst með þróun málsins frá upphafi. **- bj**

Heiðmerkurdeilan:

# Framkvæmdaleyfi veitt

**UMHVERFISMÁL Umsókn Kópavogsbæjar um framkvæmdaleyfi vegna vatnslagnar í Heiðmörk verður tekin til afgreiðslu í skipulagsráði Reykjavíkur í dag.**



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

**„Nú liggja fyrir allar umsagnir sem óskað var eftir vegna umsóknarinnar og í framhaldi af því verður framkvæmdaleyfið lagt fram til afgreiðslu, með þeim skilyrðum sem koma fram í umsögnum umhverfisráðs og Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs.**

**Hún segir þetta gert til að lágmarka þann skaða sem hafi orðið á svæðinu. Hún muni mæla með því að umsóknin verði samþykkt.** **- kóþ**


BÍLL DAGSINS

OPEL VECTRA COMFORT

Nýskr. 11.03 - Beinskiptur - Ekinn 51 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Atlantshafsbandalagið sendir 4.500 hermenn til höfuðs talibönum í Afganistan:

# Stærsta sóknin frá upphafi

**AFGANISTAN, AP** Hermenn á vegum NATO hófu á mánudaginn stórsókn á hendur herskáum talibönum í Helmand-héraði, sem er sunnan til í Afganistan. Aðgerðirnar eru þær viðamestu sem NATO hefur stjórnað í landinu frá upphafi.

Alls munu 4.500 erlendir NATO-hermenn og þúsund íraskir hermenn taka þátt í aðgerðunum, sem miða að því að „bæta öryggisástandið á svæðum þar sem tali-banskir ögmenn, eiturlyfjasalar og erlendir hryðjuverkamenn eru nú virkir“, að því er Tom Collins ofursti, talsmaður herliðs NATO í Afganistan, sagði í gær.

„Strax og öryggisástandið batnar hefjum við uppbyggingarstarf til skemmri og lengri tíma,“ bætti hann við.

Bandaríkjaher sendi helmingi stærra lið á vettvang til Helmand-héraðs í fyrra til þess að berjast gegn herskáum uppreisnarmönnum. Collins segir ástandið nú allt annað en þá og NATO eigi auðveldara með að ná fótfestu í héraðinu heldur en Bandaríkjamenn í fyrra.

Strax í gær lést þó einn hermaður á vegum NATO í Helmand-héraði, þótt ekki hafi verið upplýst hvort hann hafi tekið þátt í þessum aðgerðum. **- gb**



**LEITAÐ Á FERÐAFÓLKI** Afganskur hermaður leitar á farþegum í bifreið sem kom í gær til Lashkar Gah, höfuðstaðar í héraðinu Helmand í Afganistan þar sem talibanar hafa löngum átt skjól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



120 1886 2006
LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAÐ
Þessi lætur þér líða vel
Hugmyndin um að eyða í sparnað er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd og býr þig undir það sem framtíðin ber í skauti sér.
• Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
• Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
• Byrjaðu að spara reglulega
Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.
Landsbankinn
GOTT FÓLK

## GENGIÐ 06.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,83 | 68,15 |
| Sterlingspund | 130,67 | 131,31 |
| Evra | 88,92 | 89,42 |
| Dönsk króna | 11,937 | 12,007 |
| Norsk króna | 10,871 | 10,935 |
| Sænsk króna | 9,588 | 9,644 |
| Japanskt jen | 0,5819 | 0,5853 |
| SDR | 101,8 | 102,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,7263

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptavinir halda sig enn frá Norðurbrú eftir óróa síðustu daga:

# Verslanir tapa milljónum á dag

**DANMÖRK** Verslunareigendur á Norðurbrú hafa tapað allt að einni milljón króna á degi hverjum frá því að óeirðaástand skapaðist þar eftir að mótmæli vegna rýmingar Ungdómshússins fóru úr böndunum. Fréttavefur Politiken hefur þetta eftir Johnny Beyer, formanni verslunarmannafélags Norðurbrúar, sem segir skýringuna fyrst og fremst vera skort á viðskiptavinum. „Ég hef heyrt um búðir sem hafa verið að selja 50 prósent minna en venjulega, en meðaltalið er í kringum þriðjungur af venjulegri veltu.“

Verslunareigendur hafa ekki enn gefið upp tjónskostnað vegna rúðna sem voru brotnar og annarra skemmdarverka. En það er aðeins brot af þeim kostnaði sem skortur á veltu veldur, að sögn Beyer, þar sem tryggingarnar nái ekki yfir það eins og skemmdir.

Verslunarmannafélagið áætlar að það geti tekið átta til fjórtán daga fyrir verslun á svæðinu að komast í samt lag, að því gefnu að ekki verði meira um ólæti.

Niðurrif Ungdómshússins hélt áfram í gær. Kveikt var í tveimur bílum sem fluttu brak og hafa fleiri fyrirtæki sem koma að verkinu tilkynnt um skemmdarverk á búnaði. Lögregla handtók nokkra mótmælendur. - sdg



**MÓTMÆLENDUR OG LÖGREGLA** Kveikt hefur verið í bílum, rúður brotnar og skemmdarverk unnin í mótmælum undanfarinna daga. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrri íbúar Ungdómshússins:

# Heimta nýtt ungdómshús

**DANMÖRK Hópur ungmenna sem áður hélt til í Ungdómshúsinu á Norðurbrú krefst þess að yfirvöld láti þeim í té nýtt hús.**

**Hópurinn, sem kallar sig Ungdómshús núna! ætlar að halda til á götum borgarinnar þangað til af því verður að því er talskona hópsins, Sune Andersen, tjáði fréttavef Nyhedsavisen. „Við erum þvinguð á götuna gegn okkar vilja. Þetta er val stjórnmálamannanna að við höfum ekki lengur samkomustað. [...] Því sjáum við enga aðra leið en að halda til á götunni.“**

**Yfir þúsund manns mættu á götuhátíð sem hópurinn bauð til í gær.** - sdg

Afplánun skömmu eftir dóm:

# Erfitt að koma í veg fyrir flótta

**LÖGREGLUMÁL** Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður segir að erfitt geti reynst að tryggja að menn komist ekki úr landi þrátt fyrir farbann á Schengen-svæðinu. Hún segir mikilvægt að menn hefji afplánun sem fyrst eftir að dómur er fallinn til að koma í veg fyrir að þeir komi sér úr landi og frá refsingu.

„Varðandi önnur úrræði [en farbann] til að tryggja að menn stingi ekki af þá kemur gæsluvarðhald helst til greina. Það eru hins vegar ströng skilyrði fyrir því að því sé beitt í þessu skyni,“ segir Steinunn og útskýrir að fyrir þurfi að liggja sönnun um að ætla megi að viðkomandi muni reyna að komast úr landi eða koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar. - kdk

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Braut fimm tennur í konu

**DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, sem meðal annars leiddi til þess að fimm tennur brotnuðu í fórnarlambinu.**

**Atvikið átti sér stað í janúar 2006 á veitingastað við Klapparstíg í Reykjavík. Maðurinn sló konu í andlitið með glerglasi með fyrrgreindum afleiðingum, auk þess sem hún hlaut fjögur hruflsár á hálsi og sár og bólgu á neðri vör.** - jss

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að karlmaður á fimmtugsaldri hefði verið fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild eftir umferðarslys á Suðurlandsvegi. Hið rétta er að hinn slasaði ökumaður er kona.

# Farbann gagnslítið úrræði

**Fjórir menn eru eftirlýstir af íslenskum lögregluyfirvöldum hjá Interpol. Lögreglufulltrúi alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra segir kerfið ekki hafa brugðist við því hve farbann sé orðið gagnslítið úrræði fyrir lögreglu. Þörf sé að skoða beitingu gæsluvarðhalds í fleiri tilvikum, sérstaklega þegar fjallað er um sakamál útlendinga.**

**LÖGREGLUMÁL** Farbann varð gagnlítið úrræði fyrir lögreglu þegar Íslendingar urðu þátttakendur í Schengen-samstarfinu árið 2001. Kerfið hefur ekki brugðist fyllilega við þeim breytingum. Þetta segir Sigurgeir Ómar Sigmundsson, lögreglufulltrúi alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra.

Íslenska lögreglan lýsir eftir fjórum mönnum hjá Alþjóðalögreglunni Interpol. Tveir mannanna eiga eftir að afplána dóm Hæstaréttar, einn á eftir að afplána dóm héraðsdóms en sá fjórði stakk af eftir að hafa fengið úrskurð um að mæta fyrir héraðsdóm.

Sigurgeir bendir á að farbann sé ekki til þess fallið að tryggja það að fólk komist ekki af landi brott án vegabréfs til annars lands innan Schengen-svæðisins. Þörf sé fyrir að skoða beitingu gæsluvarðhalds í fleiri tilvikum, sérstaklega þegar fjallað er um sakamál útlendinga sem lítil tengsl eða engin tengsl hafa hér á landi. „Okkur er í nöp við þetta úrræði vegna þess hversu gagnslítið það er,“ segir Sigurgeir.

Brot þeirra manna sem íslenska lögreglan lýsir eftir eru alvarleg. Sá sem lengst hefur verið eftirlýstur er Ali Zerbout, rúmlega fertugur Alsírbúi, sem var dæmdur í sex ára fangelsi í Hæstarétti í maí 2002 fyrir tilraun til manndráps. Hann hafði stungið mann tvisvar með hnífi og kastað hnífi að vitni.

Davíð Garðarsson, tæplega fertugur Íslendingur, var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti 1. desember 2005 fyrir að hafa nauðgað stúlku í nóvember 2004. Samkvæmt dómsorði ógnaði Davíð stúlkunni með dúkahníf til að koma fram vilja sínum. Hann átti að baki langan sakaferil en flúði land og hefur ekki afplánað dóminn.

Moh D Bashar Najeh Suleiman Almasaid, 29 ára karlmaður frá Jórdaníu, var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fíkniefnabrot í maí á síðasta ári. Hann bað um frest til afplánunar og meðan hann sætti farbanni útvegaði hann sér far úr landi með skútu sem lagði frá Reykjavíkurhöfn í september.

Sá fjórði af þeim eftirlýstu er Pap Ousman Kweko Secka, 33 ára karlmaður frá Gana. Sigurgeir segir að tvær ákærur hafi legið hjá ríkissaksóknara yfir honum. Önnur ákæran var vegna gruns um nauðgun, hin vegna gruns um misneytingu. Hann átti að mæta fyrir héraðsdóm í desember 2005 en gerði ekki. karen@frettabladid.is

### Um Schengen án vegabréfa

**Ísland hefur verið þátttakandi í Schengen-samstarfinu frá því í mars 2001. Hægt er að ferðast um á Schengen-svæðinu án þess að framvísa vegabréfum á landamærum. Þess er hins vegar krafist að þeir sem ferðast á svæðinu hafi meðferðis gild persónuskilríki til að þeir geti sannað á sér deili hvenær sem krafist er. Íslenskir ferðamenn þurfa þó ávallt að framvísa vegabréfum þar sem engin önnur raunveruleg persónuskilríki eru gefin út hér á landi. Fimmtán Evrópuríki eru fullir þátttakendur í Schengen-samstarfinu. Þetta eru auk Íslands, Finnland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Þýskaland, Belgía, Frakkland, Lúxemborg, Holland, Ítalía, Austurríki, Spánn, Portúgal og Grikkland.** - kdk



**PAP OUSMAN KWEKO SECKA** Mætti aldrei fyrir héraðsdóm en tvær ákærur á hendur honum lágu hjá ríkissaksóknara, önnur fyrir nauðgun, hin fyrir misneytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/INTERPOL



**ALI ZERBOUT** Hann hefur verið lengst eftirlýstur af fjórmenningunum. Zerbout var dæmdur í sex ára fangelsi í Hæstarétti í maí 2002 fyrir tilraun til manndráps. FRÉTTABLAÐIÐ/INTERPOL



**MOH D BASHAR NAJEH SULEIMAN ALMASAID** Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fíkniefnabrot í maí í fyrra. Hann fékk frest til afplánunar og nýtti tímann til að koma sér úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/INTERPOL



**DAVÍÐ GARÐARSSON** Hann var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti 2005 fyrir að hafa nauðgað stúlku í 2004. Hann flúði land og hefur ekki aflpánað dóminn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


MARKAÐURINN
Einfalt mál




Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BATNANDI FYRIR VESTAN**

Eftir norðaustan stórhríð á Vestfjörðum síðustu daga sér nú fyrir endann á því óveðri. Það verður reyndar hvasst í dag en í kvöld ætti vindurinn að vera orðinn hægur. Annars staðar á landinu er ágæt spá fyrir daginn. Á morgun hvessir hins vegar á ný, fyrst sunnan til nálægt hádegi en síðan einnig vestan til síðdegis.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 3-8 m/s. Smáskúrir. Hiti 3-6 stig að deginum.

um hádegi »




» á morgun




Stíf austanátt með suður- og vesturströndinni, annars hægari.

» föstudagur




Allhvasst á Vestfjörðum, annars mun hægari.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 9°C hálfskýjað | Alicante | 22°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 7°C léttskýjað | París | 9°C skúrir | Mallorca | 16°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C snjóél | Frankfurt | 9°C rigning | Algarve | 18°C skúrir |
| Stokkhólmur | 2°C skúrir | Friedrichshafen | 7°C rigning | Krít | 17°C léttskýjað |
| Gautaborg | 4°C skúrir | Berlín | 13°C alskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Sparnaðarreikningar



ARGUS / 07-0166

# **10%** vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí nk.** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí.*

**SPRON Vaxtabót**
**– allt að 14,55% vextir* + vaxtaauki**
Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus.

**SPRON Viðbót**
**– allt að 6,4% vextir* + vaxtaauki**
Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn til 36 mánaða. Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaálag að binditíma loknum.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON
fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. mars 2007. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

spron

**KJÖRKASSINN**



*Ertu búin(n) að ákveða hvað þú munt kjósa í vor?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,3% |
| Nei | 45,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú notað stinningarlyf?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Flotinn á veiðum við Snæfellsnes en illa gengur því bræla er á miðunum:

# Loðnuvertíðinni senn lokið

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég held að það sé orðið svolítið framorðið á þessu,“ segir Grímur Jón Grímsson, skipstjóri á Suðurey VE, sem var að dæla loðnu úr nótinni utan við Snæfellsnes í skítabrælu í gærdag. Að sögn Gríms voru tólf skip að veiðum á loðnumiðunum sem áttu erfitt með að athafna sig við veiðarnar vegna veðurs. „Það er hrikalegt að fá svona brælu á þessum tíma því loðnan leggst til hrygningar. Þetta er að verða búið, held ég, nema að það komi vestanganga,“ segir Grímur sem er í sínum síðasta túr á þessari vertíð.

Vertíðin hefur verið viðburðarík hjá Grími og skipverjum hans því skip þeirra, Antares VE, bilaði á miðunum fyrir nokkru og þurfti að fá varðskip til að draga skipið til hafnar á Akranesi. Vegna bilunarinnar var brugðið á það ráð að klára vertíðina á Suðurey VE, gömlu nótaskipi í eigu Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. „Skipið er gott þótt það sé gamalt. Það kann þetta eiginlega sjálft og við þurfum lítið að gera annað en að lafa á,“ segir Grímur.

Nú hafa veiðst um 230 þúsund tonn af loðnu á vertíðinni af þeim rúmlega 300 þúsund tonna kvóta sem gefinn var út 1. febrúar. Þrátt fyrir lítinn kvóta eru útgerðarmenn almennt ánægðir með vertíðina því markaðir fyrir loðnuafurðir eru mjög sterkir, hvort sem um ræðir mjölafurðir, heilfrysta loðnu, dýrafóður eða hrogn. **- shá**



**GRÍMUR JÓN GRÍMSSON SKIPSTJÓRI** Segir hrikalegt að fá brælu en hún gangi yfir innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Rauði kross Íslands:

# Átaksvika 1717 um átröskun

**HEILBRIGÐISMÁL Vikuna 12. til 19. mars stendur Rauði kross Íslands fyrir átaksviku um átröskun.**

**Vakin er athygli á hjálparsímanum 1717. Í hann er hægt að hringja til að fá upplýsingar um hvert hægt sé að snúa sér vegna átröskunar, sinnar eigin eða nákominna.**

**Hjálparsíminn hefur verið rekinn af Reykjavíkurdeild RKÍ í þrjú ár og að meðaltali er hringt í hann fimmtíu sinnum á sólarhring. Árið 2006 var heildarfjöldi símtala liðlega 16.000. Flest erindin voru vegna sálrænna vandamála, svo sem þunglyndis, kvíða og geðraskana. - kóþ**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hraðakstur um helgina

Fimmtíu ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur um helgina. Þeirra á meðal eru tveir piltar sem voru teknir á Fiskislóð þar sem hámarkshraði 50 km. Þeir voru mældir á 112 og 117 km hraða. Sá yngri er 17 ára og fékk prófið í síðasta mánuði. Hinn er 18 ára en hefur nokkrum sinnum áður verið tekinn fyrir hraðakstur.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fann 250 grömm af hassi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann 250 grömm af hassi og neyslumagn af kókaíni við húsleit á heimili karlmanns á þrítugsaldri á mánudaginn. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnabrota. Málið telst upplýst og fer til ákærumeðferðar.


ICEBANK

## Skráning víxla í Kauphöll Íslands

**Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingar vegna skráningar víxla bankans í Kauphöll Íslands og gert aðgengilega almenningi frá og með 6. mars 2007. Eftirfarandi víxlaflokkar hafa verið gefnir út:**

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. ágúst 2006 og skráður í Kauphöll Íslands 2. ágúst 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0201. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. febrúar 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. september 2006 og skráður í Kauphöll Íslands 4. september 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0301. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. mars 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 2. október 2006 og skráður í Kauphöll Íslands 3. október 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0402. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 2. apríl 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. nóvember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands 2. nóvember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0502. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 2. maí 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. desember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands 4. desember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0601. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. júní 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 3. janúar 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 7. mars 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0702. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 2. júlí 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. febrúar 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 7. mars 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0801. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 1. ágúst 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. mars 2007 og skráður í Kauphöll Íslands 7. mars 2007. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er ICB 07 0903. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 3. september 2007.

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands er Icebank hf.

Lýsingar er hægt að nálgast á vefsetri Kauphallar Íslands: news.icex.is og á vefsetri útgefanda: www. icebank.is.

7. mars 2007



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**VISTMENN Á VERGANGI** Skjólstæðingar Byrgisins sem komnir eru á götuna eftir að því var lokað hafa leitað skjóls hjá Geðhjálp, að sögn framkvæmdastjóra samtakanna. Sama máli gegnir um menn sem dvöldu á drengjaheimilinu í Breiðuvík. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Fjöldi fyrrum skjólstæðinga á götunni

**Margir þeirra sem dvöldu í Byrginu og á drengjaheimilinu í Breiðavík hafa leitað til Geðhjálpar. Þeir eru heimilislausir að sögn framkvæmdastjóra samtakanna. Stjórn Geðhjálpar hefur ritað ríkisstjórninni harðort bréf vegna málsins.**

**FÉLAGSMÁL** Fjöldamargir þeirra sem dvöldu á Breiðavík og í Byrginu hafa leitað til Geðhjálpar af því að þeir eru á götunni, að sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra samtakanna.

Stjórn Geðhjálpar hefur ritað ríkisstjórninni bréf, þar sem segir það hafa komið í ljós að þjónusta geðteymis á geðsviði Landspítala hafi aðeins nýst hluta þess fólks sem orðið hafi illa úti eftir dvöl sína í Byrginu og á drengjaheimilinu á Breiðavík. Til Geðhjálpar hafi þannig leitað einstaklingar sem segjast hafa mátt sæta harðræði, ofbeldi og kynferðislegri misnotkun á meðan stofnanavistun þeirra á ábyrgð hins opinbera stóð. Geðhjálp geri alvarlegar athugasemdir við framkvæmd þeirrar þjónustu sem boðið sé upp á og telur að samhæfa hefði þurft mun betur aðgerðir af hálfu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis frá byrjun. Einnig lýsir Geðhjálp því sjónarmiði sínu að rétt sé við þessar aðstæður, að hið opinbera hafi frumkvæði að því að hafa milliliðalaust samband við fórnarlömb hins meinta ofbeldis í stað þess að beina fólki á geðsvið LSH. Geðhjálp minnir á að íslenska ríkið skuldi því fólki sem þarna á í hlut, hvar sem það er á landinu, allan þann faglega stuðning sem best getur nýst og völ er á í landinu.

> „Hingað leita einstaklingar sem komnir eru á götuna, fyrst og fremst vegna lokunar Byrgisins. Sumir eru í neyslu og hvergi staðsettir í hús.“
>
> **SVEINN MAGNÚSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐHJÁLPAR

„Hingað hafa leitað einstaklingar sem komnir eru á götuna, fyrst og fremst vegna lokunar Byrgisins. Sumir eru í neyslu og hvergi staðsettir í hús,“ segir Sveinn. „Síðan eru skjólstæðingar sem vistaðir voru í Breiðavík. Stór hluti þeirra er þetta ógæfusama óreglufólk sem mælir hér göturnar.“

Sveinn bendir á að yfirvöld heilbrigðis- og félagsmála bjóði þetta fólk velkomið inn á geðdeild Landspítala. Sumum sem hafi haft dug í sér til að fara þangað hafi verið úthýst. „Hinu opinbera, sem er með gagnagrunn um hverjir þessir einstaklingar eru, ber að hafa frumkvæði að því að kalla þá til, þar sem þeir fái heildstætt mat og viðeigandi aðstoð í samræmi við það. Það þarf að taka mun heildstæðar á þessu máli heldur en nú er gert.“

„Öllum fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur sem leitað hafa til geðsviðs LSH hefur staðið til boða sálfræðiaðstoð,“ segir í yfirlýsingu frá LSH og jafnframt að bráðaþarfir allra fyrrverandi vistmanna Byrgisins sem leita til geðsviðs séu metnar og við þeim brugðist eins vel og hægt sé. **jss@frettabladid.is**

Landlæknir um ásakanir Geðhjálpar vegna fyrrum Byrgis- og Breiðavíkurfólks:

# Aðstoðin í æskilegum farvegi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það sem snýr að heilbrigðisþjónustunni varðandi fólkið sem dvaldi á drengjaheimilinu í Breiðavík annars vegar og Byrgisins hins vegar, er í þeim farvegi sem við óskuðum eftir. Landlæknisembættið gerir engar athugasemdir við það,“ segir Matthías Halldórsson landlæknir um framkomnar athugasemdir stjórnar Geðhjálpar varðandi þá þjónustu sem stendur umræddum hópum til boða. Hann segir landlæknisbættið hafa valið til teymisvinnunnar það fólk sem hæfast hafi þótt og borið sé fullt traust til þess.

Matthías segir það sína skoðun að heilbrigðismálaráðuneytið hafi brugðist vel í þeim þætti málsins sem að því snýr.

„Ég skil ekki alveg þetta upphlaup í Geðhjálp því þaðan hefur ekki verið haft samband hingað. Þeim er fullkunnugt um að landlæknisembættið hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustunni, en frá þeim hefur ekki heyrst eitt einasta orð.“

Matthías kveðst hafa verið í sambandi við þau teymi á LSH sem sjái um að aðstoða umrætt fólk, sem þess óski. Allir sem þangað komi fái sín mál í einhvern farveg, en vandamálin séu oft mjög flókin og erfið og þau verði ekki leyst á einum degi. Sex konur úr Byrginu og sautján menn úr Breiðavík hafi nú leitað aðstoðar og fólkið séu hvatt til að hafa samband. **- jss**



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** Landlæknir segir upphlaup Geðhjálpar illskiljanlegt.

www.icelandexpress.is

# Smelltu þér til London í mars!

» Fjölgum flugsætum á lægsta verðinu, 7.995 kr. aðra leiðina, með sköttum!

Sala hefst kl. 12.00



» **Iceland Express** hefur nú stórfjölgað flugsætum á lægsta verði til London í mars. Það er því tilvalið að skella sér í vorstemninguna í heimsborginni sem heldur þér við efnið frá morgni fram á rauðanótt.

Þessi flugsæti staldra stutt við, svo það er um að gera að bóka sem fyrst á **www.icelandexpress.is**

Ferðaskrifstofa Iceland Express, **Express Ferðir**, býður einnig frábært tilboðsverð á flugi og hóteli, aðeins 29.900 kr. Gist er á þriggja stjörnu hóteli miðsvæðis í borginni. Innifalið er flug með sköttum og gisting í tvær nætur í tvíbýli, með morgunverði.

## Flug og gisting í 2 nætur

# 29.900 kr.

Dagsetning 17.–19. mars

**Bókaðu á www.expressferdir.is**

» **VERÐ FRÁ:**

# 7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

» **BÖRN:**

# 50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» **www.icelandexpress.is**

Iceland Express

Fíton/SÍA FI18659

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver er stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf.?*

2 *Hver hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í gær?*

3 *Hvaða bandaríski kvikmyndaleikari var væntanlegur til landsins í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Saksóknari telur ósaknæmt að hafa notað orðið „alræmdur“ :

# Jón Baldvin ekki ákærður

**DÓMSMÁL** Saksóknari sér ekki tilefni til að ákæra Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum utanríkisráðherra, fyrir að nota orðið „alræmdur“ um látinn embættismann í sjónvarpsþætti.

Jón hafði verið kærður af uppkomnum börnum Sigurjóns heitins Sigurðssonar, fyrrverandi lögreglustjóra, fyrir að kalla föður þeirra „alræmdan lögreglustjóra“ í Kastljóssþætti hinn 10. október.

Björn Þorvaldsson, settur saksóknari, segir að orðið „alræmdur“ eitt og sér segi ekki mikið. Skilningur Jóns á orðinu virðist vera annar en almennur skilningur sé nú á dögum. Hann hafi ekki verið að lýsa Sigurjóni sem slæmum manni. „Þetta fullyrðir hann og það er ekkert hægt að segja við því,“ segir Björn.



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** Saksóknari telur notkun hans á orðinu „alræmdur“ ekki gefa tilefni til opinbers málareksturs.

Jón Magnússon, lögmaður barna Sigurjóns, þeirra Soffíu, Sigurðar, Magnúsar Kjaran, Birgis Bjarnar, Jóhanns og Árna, hafði ekki heyrt í skjólstæðingum sínum þegar Fréttablaðið náði af honum tali.

Málið hafi átt að reka sem opinbert mál, en ljóst sé að enn geti þau farið í einkamál, segir Jón. „Eins og málið horfir við sýnist mér að Jón Baldvin hafi í raun fært fram ákveðna afsökun á þeim ummælum [sínum] eða skýrt þau með þeim hætti að það hlýtur að koma til skoðunar hjá mínum umbjóðendum hvort það er fullnægjandi eða ekki,“ sagði Jón Magnússon í gær. - kóþ

Hagnast um 450 milljónir:

# FL Group selur Kynnisferðir hf.

**VIÐSKIPTI Hópur fjárfesta undir forystu SBA-Norðurleiðar hf. og Hópbíla/Hagavagna hf. kaupir allan hlut FL Group í Kynnisferðum ehf.**

**Áætlaður söluhagnaður FL Group er um 450 milljónir króna. Tilboðið er með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og er kaupverðið sagt vera trúnaðarmál.**

**Í tilkynningu um söluna kemur fram að með þessu hafi FL Group lokið sölu á öllum dótturfyrirtækjum sínum sem tengdust gamla ferðaþjónustuhluta Flugleiða.**

- óká






**AÐDRÆTTIR Í ALGLEYMINGI** Hér sést flutningaskipið Happy River inni á Reyðarfirði þegar komið var með hafnarkranann sem nýttur verður í Mjóeyrarhöfn.

MYND/HELGI GARÐARSSON

# Næststærsta höfnin á Reyðarfirði

**Alcoa Fjarðaál og Eimskip hafa gert skipaafgreiðslusamning fyrir Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði. 1,3 milljónir tonna af vörum og varningi fara um höfnina árlega. Fyrsta súrálsskipið er væntanlegt.**

**ATVINNUMÁL** Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði verður önnur stærsta höfn landsins þegar álver Fjarðaáls verður komið í full afköst. Um 3.500 tonn verða flutt daglega um höfnina eða um 1,3 milljónir tonna á ári. Til samanburðar má geta þess að um tvær milljónir tonna fara árlega um Reykjavíkurhöfn og 900 þúsund tonn um Grundartangahöfn. Alcoa Fjarðaál og Eimskip hafa undirritað samning um hafnarstarfsemina eystra.

Skipaafgreiðslusamningurinn felur í sér lestun og losun á um 17.000-20.000 gámaeiningum á ári. Rúmlega 30 ný störf skapast á svæðinu til viðbótar þeim 40 störfum sem þegar eru til staðar hjá Eimskip á Austurlandi en þessi störf koma öll til vegna álversframkvæmda Alcoa Fjarðaáls.

Að sögn Tómasar Más Sigurðssonar, forstjóra Alcoa Fjarðaáls, munu margvíslegir möguleikar opnast með tilkomu samkomulagsins við Eimskip, enda sé mikið rými fyrir frekari uppbyggingu við höfnina. „Einnig er ljóst að höfnin verður mjög mikilvæg í framtíðinni vegna nálægðar hennar við Evrópu.“

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segist sjá fyrir sér að aðstaðan í Reyðarfirði muni keppa við Sundahöfn og höfuðborgarsvæðið um söfnun og dreifingarþjónustu fyrir inn- og útflutning. Samningurinn, sem er til 5 ára, er einn sá stærsti sem Eimskip hefur undirritað á Íslandi. Gert er ráð fyrir að árlega verði flutt út um 340 þúsund tonn af áli. Innflutningur um höfnina verður hins vegar um 700 þúsund tonn af súráli og 220 þúsund tonn af rafskautum og tengdum afurðum fyrir Alcoa Fjarðaál.

> Einnig er ljóst að höfnin verður mjög mikilvæg í framtíðinni vegna nálægðar hennar við Evrópu.
>
> **TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**
> FORSTJÓRI ALCOA FJARÐAÁLS

Ljóst er að aukning skipaumferðar í Reyðarfirði eykst mjög mikið með umsvifum tengdum álveri Reyðaráls. Í matsskýrslu Alcoa Fjarðaáls er áætlað að 102 skip komi til Reyðarfjarðar árlega með aðflutninga, en 45 skip fari þaðan með útfluttar afurðir. Skipin sem um ræðir eru á bilinu 5.000 til 45.000 tonn að stærð. Fyrsta skipið með súrál til framleiðslunnar er væntanlegt á allra næstu dögum og þá hefst hafnarstarfsemin í raun og veru, að sögn Tómasar Más.

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, bindur miklar vonir við aukin umsvif og bætta hafnaraðstöðu í Fjarðabyggð. „Við fögnum þeim styrk sem þessi ákvörðun Eimskips hefur í för með sér. Þetta kallar á aukna þjónustu á svæðinu og við gerum ráð fyrir að vel verði gert við bæði fólk og fyrirtæki,“ segir Helga.

svavar@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17



Framkvæmdanefnd um einkavæðingu

## AUGLÝSING VEGNA SÖLU Á EIGNARHLUT RÍKISINS Í HITAVEITU SUÐURNESJA HF.

**Til sölu er eignarhluti ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Um er að ræða 1.133.356.000 krónur að nafnverði sem er 15,203% af heildar hlutafé félagsins. Umsjón með sölunni hefur framkvæmdanefnd um einkavæðinu í umboði fjármálaráðherra.**

Þeir sem óska eftir að gera tilboð í eignarhlutinn skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Tilboðsgjafi skal uppfylla skilyrði 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi, til fjárfestinga í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar orkuvinnslu og orkudreifingu.
b. Eignarhluturinn verður eingöngu seldur í einu lagi til eins aðila (einstaklings eða lögaðila).
c. Tilboðsgjafi verður að sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna kaupin, hvort sem er með eigin fé eða annars konar fjármögnun.
d. Íslensk orkufyrirtæki (félög sem stunda starfsemi sem fellur undir raforkulög nr. 65/2003) í opinberri eigu mega ekki bjóða í eignarhlut íslenska ríkisins. Sama gildir um dótturfélög framangreindra fyrirtækja og önnur félög þar sem þau fara með yfirráð í skilningi samkeppnislaga.

Aðilar sem telja sig uppfylla framangreind skilyrði og áhuga hafa á að bjóða í eignarhlut ríkisins skulu tilkynna framkvæmdanefnd um einkavæðingu um áhuga sinn fyrir kl. 16:00 mánudaginn 2. apríl 2007. Í tilkynningunni skal gera nákvæma grein fyrir væntanlegum bjóðanda ásamt nauðsynlegum upplýsingum til þess að nefndin geti lagt mat á það hvort viðkomandi uppfylli skilyrði til að bjóða í eignarhlutinn. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum frá þeim aðilum sem lýsa yfir áhuga á því að bjóða í eignarhlutinn.

Aðilar sem tilkynna um áhuga innan ofangreindra tímamarka og uppfylla skilyrði til að bjóða í eignarhlutinn fá kynningu á fyrirtækinu ásamt upplýsingum um söluferlið, nánari skilmálum fyrir sölunni sem og fyrstu drög að formi fyrir kaupsamning. Stefnt er að því að ljúka söluferlinu í lok apríl.

Aðeins verður tekið við tilboðum sem eru í samræmi við söluskilmála og frá aðilum sem samþykkt hafa endanleg drög að kaupsamningi. Samkvæmt samþykktum Hitaveitu Suðurnesja hf. á félagið sjálft og núverandi hluthafar forkaupsrétt að eignarhlutnum. Athygli er vakin á að fyrirtækið starfar á samkeppnismarkaði og lýtur eignarhald á hlut í félaginu ákvæðum samkeppnislaga. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu áskilur sér rétt til þess að hafna öllum boðum ef viðunandi verð er ekki boðið fyrir eignarhlutinn. Ekki er um að ræða almennt útboð samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur ráðið Capacent ehf. sem ráðgjafa nefndarinnar við sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. Hægt er að nálgast ýmis gögn um Hitaveitu Suðurnesja hf. og söluferlið á vefslóðinni www.capacent.is/hs.

Tilkynningu um áhuga á að bjóða í eignarhlutinn skal skilað til:

***Framkvæmdanefnd um einkavæðingu***
*Fjármálaráðuneytið*
*c/o Stefán Jón Friðriksson*
*Arnarhvoli, 150 Reykjavík*

Könnun um samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar:

# Ísland í fjórða sæti

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu er í fjórða sæti af 124 löndum samkvæmt könnun Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar, World Economic Forum. Þetta kemur fram á heimasíðu samgönguráðuneytisins.

Alþjóðlega efnahagsstofnunin hefur frá árinu 1979 sinnt rannsóknum á samkeppnishæfni landa og er samkeppnisvísitalan mæld út frá allmörgum stoðum, svo sem umhverfisreglugerðum, öryggi, hreinlæti, skipulagi samgangna og ferðamennsku.

Ein stoðin er stefnumótandi reglur en samgönguráðuneytið hefur undanfarin ár farið nýjar leiðir í að móta stefnu í ferðaþjónustu enda greinin vaxandi atvinnuvegur.

- þo



**FERÐAMENN** Ísland kom vel út meðal landanna 124.



**ÚR MÖTUNEYTI FOSSVOGSSKÓLA** Grunnskólar Reykjavíkur munu ekki lækka verð á skólamat í samræmi við viðmiðanir um lækkun virðisaukaskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verðlækkun á veitingastöðum sjö til tíu prósent:

# Matur fyrir börn lækkar minna

**VERÐLAG** Grunnskólar Reykjavíkurborgar munu ekki lækka verð á skólamáltíðum að fullu vegna lækkunar virðisaukaskatts 1. mars, heldur verður verðlækkunin nær fimm prósentum.

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkur, segir þetta vegna þess að inn í kostnað mötuneytanna komi margt annað en verð á hráefni: „Sjö prósentin skila sér ekki beint vegna launakostnaðar og minni háttar rekstrarkostnaðar.“

Spurður hvort launa- og rekstrarkostnaður ætti ekki að koma í veg fyrir lækkun hjá fleiri fyrirtækjum, til að mynda hjá Bónus, svarar Ragnar að hann þekki ekki til rekstursins í Bónus en svona sé þessu farið í mötuneytunum. Lækkunin sé í samræmi við verðlækkun hjá Félagsþjónustu Reykjavíkur og tilkynningu frá Velferðarráði.

„Þetta er ekki í samræmi við þær tölur sem við höfum verið að vinna eftir, það liggur fyrir. Þjónusta og rekstrarkostnaður hefur alltaf verið inni í verðinu,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

„Ég vek athygli á því að Samtök ferðaþjónustunnar hafa metið að þetta sé á bilinu sjö til tíu prósent á veitingastöðum. Þessi tala, fimm prósent, kemur mér nú dálítið á óvart og ég vil heyra betri rökstuðning fyrir henni.“

- kóþ



Kvenfélagið Hringurinn afhenti Sankti Jósefsspítalanum magagreini að gjöf:

# Helmingi færri magaspeglanir

**HEILSA** Kvenfélagið Hringurinn afhenti Sankti Jósefsspítalanum í Hafnarfirði magagreini að gjöf í fyrradag. Tækið, sem heitir Gastropanel, er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og mun verða notað til aðstoðar við sjúkdómsgreiningu hjá þeim sem leita til læknis vegna meltingarónota.

Í fréttatilkynningu segir að rannsóknir bendi til þess að fækka megi magaspeglunum um helming með þessari nýju greiningartækni. Kvenfélagið Hringurinn gaf tækið í tilefni af 95 ára afmæli félagsins sem er í dag.

Ásgeir Theodórs, yfirlæknir spítalans, sagði nýju tæknina skila nákvæmum niðurstöðum fyrir aðeins þriðjung af kostnaði við hefðbundna magaspeglun. Tæplega tíu þúsund slíkar séu framkvæmdar hérlendis á ári hverju og kosti um 190 milljónir króna.

Hann sagði magagreininn hafa í för með sér að árlega gætu margir sloppið við magaspeglun, sem spari sjúklingnum sjálfum og þjóðfélaginu fé og fyrirhöfn. Tæknin sé mjög góð viðbót við hefðbundnar greiningaraðferðir á algengu vandamáli.

Magagreinirinn verður fyrst um sinn notaður til greiningar á um sjötíu einstaklingum á spítalanum, en stefnt er að því að koma rannsókninni í almenna notkun innan fárra mánaða.

Ásgeir sagði spítalann afar þakklátan Kvenfélaginu Hringnum í Hafnarfirði fyrir þennan mikilvæga stuðning, enda geti verið mjög erfitt að fá fjármagn fyrir nýjungum. Heimasíðan gastropanel.is var opnuð samhliða afhendingunni. - sþs



**GJÖFIN AFHENT** Yfirlæknir á Sankti Jósefsspítalanum í Hafnarfirði segir nýju tæknina skila nákvæmum niðurstöðum fyrir aðeins þriðjung af kostnaði við hefðbundna magaspeglun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umhverfisráð Reykjavíkur:

## Gjald lagt á nagladekkin

**UMHVERFI** Umhverfisráð íhugar hvort gjald skuli tekið af þeim sem aka á nagladekkjum.

Leyfilegan tíma nagladekkjanotkunar mætti einnig stytta, að mati ráðsins.

Þetta er gert til að sporna við svifryksmengun.

Fleiri úrræði koma til greina, svo sem sértilboð í strætó þegar mengun er mikil, tímabundin lækkun hámarkshraða og að nota slitsterkari efni til gatnagerðar.

Einnig verður haldið áfram að rykbinda umferðaræðar borgarinnar þegar ástæða þykir til, eins og segir í tilkynningu frá Umhverfissviði. - kóþ

Mengunarvarnir fyrir LHG:

## Tvö tilboð í hús

**UMHVERFISMÁL** Landhelgisgæslan hefur nú fengið tvö tilboð í mengunarvarnabúnað um borð í nýja varðskipið sem er verið að smíða í Chile og eru bæði tilboðin í skoðun, annað frá Noregi og hitt frá Lamar í Finnlandi. Um sams konar búnað er að ræða.



**HALLDÓR B. NELLET**

„Við leggjum áherslu á að fá svipaðan búnað og er í nágrannalöndunum. Ef hér verður stórt mengunarslys við land þá er það alþjóðlegt verkefni. Við erum að láta smíða nánast systurskip norsks varðskips. Búnaður Norðmanna og okkar verður að geta unnið saman,“ segir Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar. - ghs

Úrvinnslusjóður:

## Úrvinnslugjald lækkaði 1. mars

**UMHVERFISMÁL** Úrvinnslugjald á nokkrum vöruflokkum lækkaði töluvert 1. mars síðastliðinn. Meðal annars lækkar það um fjórðung á hjólbarða, um 30 prósent á pappa og 70 prósent á plast. Lækkunin er að hluta til tilkomin vegna þess að meira hefur verið flutt inn af hjólbörðum og smurolíu en gert var ráð fyrir þegar gjaldið var tekið upp í byrjun árs 2006.

Úrvinnslugjald á að virka sem hagrænn hvati til að auka verðgildi flokkaðs úrgangs svo að eftirsóttara verði að endurvinna og endurnýta hann. - þsj

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Húsbíll stolið í innbroti

Brotist var inn í fyrirtækið Víkurverk í Kópavogi aðfaranótt þriðjudagsins. Þjófarnir stálu þrjátíu til fjörutíu sjónvarpstækjum og settu þau inn í húsbíl sem þeir rændu einnig. Húsbíllinn fannst við Rauðavatn í gærmorgun.


SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM




**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia **TDI**® einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia **TDI**®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

ALLIR GETA ORÐIÐ MEISTARAKOKKAR

Kínverskir kjúklingaleggir

Þú pressar 2 hvítlauksgeira og saxar 1/2 til heilt chilli án fræjanna mjög smátt og setur í skál ásamt 1 matskeið af söxuðum engifer. Helltu matskeið af hunangi og 2 dl af ostrusósu útí og blandaðu saman. Settu u.þ.b. 600 gr af kjúklingaleggjum útí og blandaðu þeim vel saman við helming sósunnar og geymdu síðan í ísskáp í að minnsta kosti klukkustund. Að henni liðinni skaltu raða leggjunum í eldfast mót og baka við 180° í 30-35 mínútur.

Réttinn berðu svo fram með restinni af sósunni og t.d. steiktu jólasalati og hrísgrjónum.

HOLTA

Gómsætar uppskriftir á www.holta.is
Vinsælasti ferski kjúklingurinn á Íslandi*



GOTT FÓLK McCANN

*Skv. könnun Capacent Gallup, október 2006

Erna Hauksdóttir um „skilaboð vegna verðlagningar 2006“:

# Hugleiðingin var aldrei send

**SAMKEPPNI** Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), segir að „hugleiðing“ eða „skilaboð vegna verðlagningar 2006“ sem minnst er á í fundargerðum SAF hafi aldrei verið send til félagsmanna í fréttabréfi.

Þess í stað hafi verið ákveðið að halda námskeið í tekjustýringu og gengistryggingu fyrir hótel innan samtakanna. „Síðan höfum við ugglaust spjallað um þetta á fundum, ég man þetta ekki, þetta er fyrir svo löngu síðan,“ segir Erna.

Í fundargerð frá apríl 2005 kemur fram að stjórnarformaður SAF hafi haft áhyggjur af gengisþróun og fáum bókunum og „ræddi hvort ekki þyrfti að senda félagsmönnum einhver skilaboð vegna verðlagningar 2006. Tóku stjórnarmenn undir það. Var ákveðið að senda hugleiðingu í fréttabréfi.“



ERNA HAUKSDÓTTIR

Erna segist hafa leitað í fréttabréfum að téðri hugleiðingu, en ekkert fundið. „Enda færum við aldrei að senda eitthvað sem brýtur í bága við lög, í fréttabréfi sem fer inn á alla fjölmiðla, allar ríkisstofnanir, ráðuneyti og Neytendasamtökin.“

Húsleit Samkeppnisstofnunar kom Ernu mjög á óvart, „því hér erum við löghlýðin eins og félög kappkosta að vera yfirleitt“.

Erna segir starfsemi SAF miðast við að gera fyrirtækin hæfari til að keppa á alþjóðamarkaði. Það sé meðal annars gert með fyrrgreindu fræðslustarfi. **- kóþ**




**Í VITNASTÚKU** Helgi Jóhannesson lögmaður sagðist fyrir héraðsdómi í gær hafa fengið allar upplýsingar um Fjárfar frá Kristínu Jóhannesdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leppar stofnuðu Fjárfar

**Settur var á svið leikþáttur við stofnun einkahlutafélagsins Fjárfars, og eigendur þess voru aðeins leppar, samkvæmt endurskoðanda félagsins.**

**BAUGSMÁL** Endurskoðandi sem kom að stofnun einkahlutafélagsins Fjárfars gagnrýndi Tryggva Jónsson, einn ákærðu í málinu, harðlega þegar hann bar vitni í Baugsmálinu í gær. Hann sagði að settur hefði verið á svið leikþáttur sem hann hefði ekki ímyndað sér að hann væri að taka þátt í.

Margt virðist á huldu með Fjárfar, en nokkuð rofaði til þegar fyrrum stjórnarformaður, endurskoðandi og hluthafar voru leiddir fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem vitni í Baugsmálinu í gær. Fjárfar kemur við sögu í þremur ákæruliðum þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson er meðal annars ákærður fyrir ólögmætar lánveitingar frá Baugi. Sækjandi í málinu heldur því fram að Jón Ásgeir hafi í raun stjórnað Fjárfari.

„Það er eins og þetta hafi allt verið sviðsett,“ sagði Aðalsteinn Hákonarson, fyrrverandi endurskoðandi hjá KPMG. Hann kom að stofnun Fjárfars árið 1998 að beiðni Tryggva Jónssonar, sem var aðstoðarforstjóri Baugs.

Aðalsteinn sagði að hann hefði treyst Tryggva, sem var á þeim tíma stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, til að sjá til þess að hlutafé í Fjárfari yrði greitt. Það hefði ekki gengið eftir.

Spurður um eigendur fyrirtækisins, sem hann hélt að væru hjónin Eiríkur Sigurðsson og Helga Gísladóttir, sagðist Aðalsteinn eingöngu hafa verið í sambandi við Tryggva. „Hann sagði mér að ekki þýddi að ræða við formlega stofnendur, þeir væru bara leppar í þessu,“ sagði Aðalsteinn.

Helgi Jóhannesson lögmaður var stjórnarformaður Fjárfars frá árslokum 1999 til byrjunar árs 2002. Hann sagði í gær að í ljós hefði komið að raunverulegur eigandi hluta þess hlutafjár sem Fjárfar var skráð fyrir hefði verið Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs, og talsverð vinna hefði farið í að aðskilja þau bréf frá raunverulegum eignum Fjárfars.

BAUGS MÁLIÐ

Fram kom í máli Helga að öll hans samskipti vegna Fjárfars hefðu verið við Kristínu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs. Hún hefði sagt sér að upplýsingar hennar væru komnar frá Jóni Ásgeiri, sem hefði einnig tekið ákvarðanir fyrir félagið. Helgi sagði að hann hefði ekki vitað hverjir voru hluthafar í upphafi, en það hefði komið í ljós síðar.

Í ársreikningi Fjárfars fyrir árið 1999 kemur fram að í árslok 1999 hafi eigandi yfir 90% hlutafjár í Fjárfari verið Helga Gísladóttir, sem átti 10-11 verslanakeðjuna til ársins 1999 ásamt eiginmanni sínum. Helgi sagðist hafa fengið staðfestingu Helgu um það.

Helga og Eiríkur komu einnig fyrir dóminn í gær. Helga sagðist ekki skilja hvers vegna hún hefði verið sögð eiga yfir 90% hlut í Fjárfari, hún hafi aldrei átt hlut í félaginu. Eiríkur sagði þó að í árslok 2000 hefðu þau gert Jóni Ásgeiri þann greiða að leyfa honum að skrá þau sem eigendur Fjárfars í um það bil þrjár vikur, en á máli hans mátti skilja að það hafi verið sýndargjörningur.

brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT



*„Mappan var þverhandarþykk, og þeir tóku hana í heild sinni. [...] Ég græði ekkert á að sjá hana, ég hefði gaman af því, en hún gæti alveg eins verið full af Andrésblöðum.“*
Helgi Jóhannesson lögmaður afhenti starfsmönnum skattrannsóknarstjóra möppu með öllum hans upplýsingum um Fjárfar, og fékk að sjá möppuna aftur í réttarsal í gær.



*„Ég vek athygli á því að þessir tölvupóstar hafa ekki verið lagðir fyrir Jón Ásgeir, og þó kom hann fyrir dóminn. [...] Ég bara næ þessu ekki.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, var ekki sáttur við að tölvupóstar sem virtust tengjast Jóni Ásgeiri og Kristínu systur hans hafi verið lagðir fyrir vitni í gær án þess að hafa fyrst verið bornir undir Jón Ásgeir og Kristínu.



*„Kristín mundi nú ósköp lítið.“*
Arngrímur Ísberg dómsformaður virtist ekki sérlega ósáttur við að tölvupóstur sem spurt var um hafi ekki verið lagður fyrir Kristínu Jóhannesdóttur þegar hún bar vitni.



*„Að nafninu til urðum við við þeirri beiðni að vera eigendur í Fjárfari í einhverja daga, þrjár vikur eða eitthvað slíkt.“*
Eiríkur Sigurðsson athafnamaður lýsti greiða sem hann og eiginkona hans gerðu Jóni Ásgeiri Jóhannessyni síðla árs 2000.



*„Hefur þú yfirleitt einhverjar upplýsingar um Fjárfar sem gætu tengst þessu máli?“*
Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, spurði Helgu Gísladóttur um Fjárfar. Hún var skráð eigandi yfir 90% hlutafjár í árslok 1999 í ársreikningum Fjárfars en sagði það ekki réttar upplýsingar, hún hafi ekkert átt í félaginu.



*„Ertu alveg búinn að þurrausa vitnið?“*
Arngrími dómsformanni þótti Sigurður Tómas spyrja tiltekið vitni full mikið út í hluti sem vitnið hafði áður lýst yfir að það vissi ekkert um.



*„Einhvern veginn dó þetta bara fyrir mér.“*
Arnfinnur Sævar Jónsson, einn skráðra eigenda Fjárfars, lýsti því fyrir dóminum hvernig það hafi komið til að hann hafi hætt afskiptum af Fjárfari.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Vitnaleiðslur halda áfram í Baugsmálinu í dag og mun Bjarni Ármannsson, bankastjóri Glitnis, koma fyrir dóminn sem vitni.

Fíkniefnafundur við húsleit:

# Hundruð þúsunda í reiðufé

**LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur maður var handtekinn í Reykjavík í fyrrakvöld með talsvert magn af fíkniefnum í fórum sínum.**

**Á heimili hans fundust einnig talsverðir fjármunir, hundruð þúsunda króna í reiðufé sem grunur leikur á að séu fengnar með sölu fíkniefna.**

**Lögreglan lagði hald á um 250 grömm af hassi, nokkuð af kókaíni, auk peninganna.**

**Maðurinn hefur komið við sögu áður vegna fíkniefnabrota. Málið telst upplýst og verður sent í ákærumeðferð innan tíðar.**

-jss

Innflutningur á bakkelsi og brauði hefur tvöfaldast á fimm árum:

# Yfir 500 tonn flutt inn af kexi

**IÐNAÐUR** Innflutningur á kökum, konditorstykkjum og brauði hefur nánast tvöfaldast að magni til árið 2006 miðað við árið 2001. Innflutningurinn nam samtals rúmum 883 tonnum árið 2001 en nam tæpum 1.700 tonnum fyrstu ellefu mánuðina í fyrra.

Aukningin var mest frá 2001 til 2004 en eftir það tók að hægja á henni. Mest var aukningin milli ára 2003 til 2004 en þá jókst innflutningurinn um tæp 29 prósent og næstmest var aukningin milli ára 2001 til 2002, eða tæp 19 prósent.

Innflutningur á brauði hefur aukist mun meira en á kökum og konditorstykkjum. Þannig hefur innflutningurinn á kökum aðeins aukist úr 370 tonnum í 514 tonn meðan innflutningur á brauði hefur aukist úr 513 tonnum í tæplega 1.200 tonn á fimm árum.



**BRAUÐ OG KÖKUR** Í fyrra voru flutt inn tæplega 1.200 tonn af brauði.

Geir Bjarnþórsson, fulltrúi bakara í Matvís, segist hafa tekið eftir þessari gríðarlegu aukningu og kveðst hafa á tilfinningunni að veltan á innfluttum brauðum sé svipuð og í verksmiðjubakaríi hér á landi.

„Við ráðum ekki við að keppa við verðið, þess vegna er þessi innflutningur og það er heldur ekki hægt að stoppa hann," segir hann og telur hráefniskostnað mun meiri hér á landi en í Danmörku og launakostnað sömuleiðis. Launakostnaðinn hér telur hann vera um og yfir 40 prósent af veltu.

- ghs



**REYNT Á SÁRSAUKAMÖRK** Japanskur búddamunkur hleypur berfættur yfir eld við helgiathöfn sem markar vorkomuna. Hundruð manns gerðu slíkt hið sama sem er talið hreinsandi fyrir huga og líkama. NORDICPHOTOS/AFP

Iðnnemasamband Íslands:

# Fagnar sameiningu skóla

**MENNTAMÁL** Iðnnemasamband Íslands lýsir yfir ánægju á hugmyndum um sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Iðnnemasambandið styður þær hugmyndir að skólinn verði einkarekinn með komu hagsmunaaðila að rekstrinum.

Iðnnemasamband Íslands telur mjög mikilvægt að góð tengsl séu á milli atvinnulífsins og skóla og telur að því markmiði verði náð með þessari breytingu, sem felur í sér uppsetningu fagráða fyrir hvert svið innan hins sameinaða skóla.

Iðnnemasambandið fagnar hugmyndum um stofnun fagháskóla hér á landi í þeirri mynd sem fyrirfinnst á hinum Norðurlöndunum og það auki samkeppnishæfni menntunar á Íslandi. - shá


FYRIR HEILSUNA



vilborga@centrum.is

magimix
Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Verð frá kr.: 23.500

GJAFABRÉF

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**Aðrir söluaðilar: Kokka**, Laugavegi, **Egg, Smáratorgi Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára






Við gerum minningar þínar ódauðlegar í **Safninu**

**Safnið** er öruggasti geymslustaðurinn fyrir stafrænu gögnin þín

Geymdu stafrænu ljósmyndirnar þínar og önnur gögn í Safninu, traustum stað þar sem reglulega eru tekin afrit af þeim. Í Safninu getur þú valið hvort þú vilt skoða myndirnar þínar í tölvunni eða á sjónvarpsskjánum.

Að auki gerir Safnið þér kleift að veita vinum og vandamönnum aðgang að völdum myndum eða senda þær beint í framköllun hjá Hans Petersen. Gerðu þínar minningar ódauðlegar, fáðu þér Safnið.

**Nánari upplýsingar á næsta sölustað Símans á siminn.is eða í síma 800 7000**



Svona er Safnið einfalt

Þú tekur mynd með farsíma eða myndavél.

Sendir hana í tölvuna og þaðan beint í Safnið.

Þú hefur aðgang að Safninu gegnum Sjónvarp Símans.

Þú getur sent myndir úr Safninu til Hans Petersen sem framkallar þær.



**Í VOPNAÐRI FYLGD** Íraskur hermaður aðstoðar fjölskyldu við að komast yfir umferðargötu í Bagdad með riffil í hægri hendinni og barnakerru í þeirri vinstri. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir létust og byggingar hrundu á Indónesíu í gær:

# Skjálftar skóku Súmötru

**INDÓNESÍA, AP** Öflugur jarðskjálfti sem mældist 6,3 á richter reið yfir indónesísku eyjuna Súmötru í gær. Nokkrir eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið, sá öflugasti 6 á richter.

Að minnsta kosti 70 manns létust í skjálftanum og hundruð slösuðust að sögn yfirvalda sem spáðu því strax að tala látinna myndi fara hækkandi.

Skjálftans varð einnig vart í nágrannalöndunum Malasíu og Singapúr þar sem háhýsi voru rýmd.

Upptök skjálftans voru við borgina Padang sem liggur við sjávarsíðuna. Þúsundir íbúa borgarinnar óttuðust að flóðbylgja væri á leiðinni og flúðu í ofboði á svæði hærra yfir sjávarmáli. Sá ótti reynist þó ástæðulaus.

Indónesía er staðsett á einu mesta jarðskjálftasvæði í heimi og undanfarin ár hefur röð náttúruhamfara dunið þar yfir. Mannskæðasti atburður síðari ára er flóðbylgjan sem reið þar yfir árið 2004 þegar að 160.000 íbúar norðurhluta Súmötru fórust.

Á árinu 2006 létust tæplega fimmþúsund manns í flóðbylgjum af völdum jarðskjálfta á annan í jólum. Stóð heimsbyggðin á öndinni þegar myndir birtust í fjölmiðlum á sama og jólahátíðin stóð sem hæst. - sdg

**Jarðskjálfti skekur Súmötru**

**Hundruð bygginga jöfnuðust við jörðu og að minnsta kosti 70 manns létust í jarðskjálfta á eyjunni Súmötru sem mældist 6,3 á Richter. Búist er við að tala látinna muni hækka.**




Gengið styrktist í gær:

# Enn eru gefin út krónubréf

**VIÐSKIPTI Styrking krónunnar upp á 1,3 prósent í gær er rakin að hluta til krónubréfaútgáfu austurríska ríkisins. Útgáfan nam 25 milljörðum króna og er með þeim stærstu frá upphafi.**

**Áður hafði krónan veikst um sem nemur fjórum prósentum frá því hún var hvað sterkust í síðustu viku.**

**Greiningardeild Kaupþings bendir þó á í hálffimmfréttum sínum í gær að fleiri þættir en krónubréfaútgáfan hafi stutt við krónuna. „Má þar nefna að jenið hefur veikst lítillega eftir talsverða veikingu undanfarna viku," segir Kaupþing.** - óká

norden ÚTBOÐ NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna Húsið í Reykjavik óskar eftir tilboðum í endurnýjun neysluvatnslagna og hreinlætistækja í húsinu, ásamt þeim verkum sem af því leiðir.
Útboð þetta tekur til, að fjarlægja núverandi hreinlætistæki og neysluvatnslagnir ásamt óhjákvæmilegu múrbroti og niðurtekt timburlofta. Þá skal leggja nýjar lagnir , endurmúra í niðurbrot, flísaleggja, koma fyrir timburloftum og gera við málningu.
Neysluvatnslagnir liggja að langmestu leyti undir kjallaralofti, upp í gegn um gólf og eftir gjallveggjum upp að tækjum. Nýjar stofnlagnir gerist úr ryðfríu stáli, en lagnir að tækjum með plastlögnum í ídráttarrörum. Helstu áætlaðar magntölur eru: R yðfrí klemmd rör 370 m. Tengidósir og kistur 56 stk. Hreinlætistæki 22 stk. Endurflísalögð gólf 12 m Endurflísalagðir veggir 90 m2
Tilboðsgögn verða afhent á skrifstofu Norræna Hússins, án endurgjalds, frá og með 08.03.2007. Vettvangsskoðun verður 15.03 .2007, kl.1 1 .00 f.h. Tilboðum skal skila á sama stað og verða þau opnuð þar þann 26.03.2007, kl. 1 1 .00 f.h. að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.
Miðað er við að húsið verði ekki opið almenningi meðan á verktíma stendur , en hugsanlegt að einhverjir starfsmenn hússins verði við störf. Hefja skal verkið 1 8.06.2007 og skal því lokið eigi síðar en 05.08.2007

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Hindrun réttvísi og meinsæri:

# Sakfellt í lekamálinu í gær

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrverandi starfsmannastjóri Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, Lewis Libby, var í gær sakfelldur fyrir hindrun réttvísinnar, meinsæri og að hafa logið að alríkislögreglunni (FBI) við rannsókn á leka á nafni útsendara leyniþjónustunnar (CIA).



LEWIS LIBBY

Árið 2003 var nafni útsendarans Valerie Plame lekið til fjölmiðla. Mikið var rætt um að hugsanlega hefði það verið hefnd vegna harðrar gagnrýni eiginmanns Plame á Íraksstríðið.

Dómur yfir Libby verður kveðinn upp í maí og gæti hann átt yfir höfði sér allt að 30 ára fangelsi. - sdg

**EISTLAND**

### Stjórnarmyndunarviðræður

Forsætisráðherra Eistlands, Andru Ansip, hóf í gær viðræður um stofnun nýrrar mið-hægri ríkisstjórnar en flokkur hans, Umbótaflokkurinn, fékk flest atkvæði í þingkosningunum um helgina.



**GEIR H. HAARDE KYNNIR TILLÖGUR** Geir kynnti tillögur nefndar um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar að loknum ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Öryrkjum gert auðveldara að vinna

**Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur nefndar sem felur í sér eflingu starfsendurhæfingar öryrkja.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögur nefndar forsætisráðherra þar sem öryrkjum er gert kleift að „gerast jafn öflugir þátttakendur á vinnumarkaði og aðrir þjóðfélagsþegnar án þess að eiga það á hættu að örorkubæturnar falli niður".

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir samþykkt ríkisstjórnarinnar mikilvæga en ítrekar að ekki sé allri vinnu lokið. „Þessar tillögur eru ánægjulegar, og skipta sköpum, en þær eru ekki enn orðnar að lögum og því er vinnu við þessi málefni alls ekki lokið. Atriðin sem þarna eru lögð fram hafa verið baráttumál hjá öllum samtökum fatlaðra árum saman og að því leytinu til eru þetta ánægjuleg tímamót," segir Sigursteinn en leggur jafnframt áherslu á að unnið verði hratt og örugglega að málinu. „Ef þessar tillögur verða að lögum þá er það mikill og merkur áfangi."

Lagt er til í tillögum nefndarinnar að núgildandi örorkumat verði fellt niður og að í stað þess komi sveigjanlegra mat sem taki öðru fremur mið af starfsgetu einstaklingsins en örorku. „Í þessu felst að öryrkjar eigi að geta stundað vinnu án þess að eiga á hættu að missa allar bætur vegna veikinda sinna," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra er hann kynnti tillögurnar að loknum ríkisstjórnarfundi í stjórnarráðshúsinu í gær.

Bolli Þór Bollason, formaður nefndar forsætisráðherra, sem vann að málinu í samstarfi við Öryrkjabandalagið, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka atvinnulífsins og Landssambands lífeyrissjóða, telur breytinguna verða þjóðhagslega hagkvæma til lengri tíma litið. „Það er óumdeilt í mínum huga að mikill fjárhagslegur ávinningur er í því fólginn að efla endurhæfingarúrræði. Kostnaður verður vitanlega einhver til þess að byrja með en á móti vegur minni kostnaður vegna lækkunar bótagreiðslna þegar einstaklingar fara út á vinnumarkaðinn eftir endurhæfingu."

magnush@frettabladid.is

**NEFNDARSTARF OG AÐALATRIÐI**

Í nefndinni sem vann að framgangi málsins voru Bolli Þór Bollason formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Gissur Pétursson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Arnbjörnsson, Hallgrímur Guðmundsson, Hannes G. Sigurðsson, Pétur H. Blöndal og Ragnar Gunnar Þórhallsson. Með nefndinni haf starfað Fjóla Agnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

- Núgildandi örorkumat verði lagt niður og þess í stað komi sveigjanlegra mat sem taki fremur mið af starfsgetu einstaklingsins en örorku.
- Starfsendurhæfing verði stórefld og skipulag hennar bætt.
- Ráð fyrir því að gert að til lengri tíma litið verði breytingarnar þjóðhagslega hagkvæmar.
- Stefnt að því að koma tillögum til framkvæmda í byrjun árs 2008.




ENNEMM / SÍA / NM25512

Kynntu þér **Netdreifingu Kaupþings**, útgjaldadreifingu í Netbankanum, á kaupthing.is eða í þjónustuveri bankans í síma 444 7000.

KAUPÞING Hugsum lengra




30% afsláttur af baðinnréttingum









*Einnig fáanlegar með ekta granít eða marmara borðplötum*

**Hannaðu þitt eigið baðherbergi með vörunum frá okkur**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## Svona erum við

> Íbúafjöldi fimm fámennustu sveitarfélaganna 1. desember 2006




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SVIFRYKSMENGUN

# *Ein helsta orsök heilbrigðiskvilla*

Svifryksmengun er talið til helstu orsaka heilbrigðisvandamála sem rekja má til mengunar í borgum.

Svifryk er með meira móti í Reykjavík, miðað við aðrar borgir í Evrópu. Ísland er í sérflokki því hér er algeng notkun nagladekkja.

### Hvað er svifryk?

Svifryk eru agnir sem finnast í andrúmsloftinu. Þær eru agnarsmáar, minni en þær agnir sem teljast til fallryks. Þær geta verið allt niður í 0,001 millimetri að stærð.

Fínni agnirnar eru af mannavöldum og geta verið úr sóti, stein- og málmryki, súlfötum, kalki og salti, allt eftir uppruna þeirra; eldsneytisbruni, umferð eða iðnaður. Þær eru mun hættulegri en grófari agnir, sem myndast af náttúrulegum völdum svo sem uppblæstri, eldgosum og sjávarúða.

### Hvernig má vinna gegn svifryksmengun?



Hver og einn getur lagt sitt af mörkum í baráttu gegn mengun. Fyrst og fremst þarf að draga úr notkun nagladekkja. Nagladekk spæna upp malbikið, eins og sjá má á skorunum sem myndast á götum.

Fólk gæti reynt að komast milli staða á veturna án nagladekkja. Það krefst þess að fólk keyri varlegar, sem er jákvætt öryggisins vegna og einnig minnkar það útblástur úr bílum.

### En hefur ekki alltaf verið svifryksmengun í Reykjavík hvort sem er?

Frá iðnvæðingu hefur svifryksmengun af mannavöldum aukist jafnt og þétt í heiminum. Ríkari iðnríki hafa gegnum tíðina mengað mest. Nú er svo komið að almenningur í þessum ríkjum telur heilbrigði til æðstu gæða. Óþarfa mengun er álitin óæskileg.

Reykvíkingar hafa tekið eftir aukinni svifryksmengun síðustu mánuði en það er aukaatriði hvort hún er meiri, minni eða jafn mikil og í fyrra. Þau sem vilja hreinna loft geta auðveldlega fengið það, þeim að kostnaðarlausu. Í reynd má spara heilmikla peninga með því að keyra minna.

## SPURT & SVARAÐ

**HÆKKUN Á VERÐI LISTAVERKA**

## *Réttlætanlegt*

Mikil umræða hefur skapast um hækkandi verð á listaverkum eftir að málverk Jóhannesar S. Kjarvals var selt í Kaupmannahöfn. Auður Ólafsdóttir er lektor í listfræði við Háskóla Íslands.

**Af hverju hefur verð á listaverkum hækkað?**

Peningamagnið í samfélaginu hefur auðvitað aukist gríðarlega á síðustu árum. Mikið af því fólki sem á mikinn pening vill eignast listaverk. Þetta þýðir hins vegar ekki að markaðsvirðið segi til um gæði verkanna. Sum samtímaverk eru verðlögð of hátt og önnur of lágt. Þetta er afstæðara en virðist.



**AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR**

**Mikilvægustu sölurnar í sögunni?**

Mér finnst verðið á Kjarvalsverkinu ekkert sérstaklega hátt miðað við sambærilega málara á Norðurlöndunum: Það var réttlætanlegt. Hins vegar vöktu kaup Listasafns Íslands á verki Svavars Guðnasonar, Gullfjöllunum, á níunda áratugnum gríðarlega athygli því verðið sem var greitt fyrir hana þótti mjög hátt.

**Mun þessi þróun halda áfram?**

Ég geri nú ráð fyrir því, en þessi hækkun á verði listaverka getur einnig leitt til ofmats þegar verð listaverka er ákvarðað.


Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com

Veðrið verður ekkert vandamál.




REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


# Hálfrar aldar sjálfstæði fagnað

**Gana varð fyrsta nýlendan í Afríku sunnan Sahara til þess að hljóta sjálfstæði eftir seinni heimsstyrjöldina. Næstu árin sigldi í kjölfarið hver nýlendan á fætur annarri og smám saman hrundi nýlenduveldi Evrópuríkjanna í Afríku.**

Sannkallaður hátíðardagur var í Gana í gær þegar þess var minnst að fimmtíu ár voru liðin frá því landið fékk sjálfstæði. Mannfjöldinn safnaðist saman, veifaði fánum og söng af hjartans lyst milli þess sem hlýtt var á ræður af öllum gerðum og lengdum.

Leiðtogar margra Afríkuríkja komu til að taka þátt í hátíðahöldunum, þar á meðal Thabo Mbeki frá Suður-Afríku, Olusegun Obasanjo frá Nígeríu og Robert Mugabe frá Simbabve.

Einnig mætti tónlistarmaðurinn Stevie Wonder á svæðið og söng nýja útgáfu af lagi sínu Happy Birthday, sem sérstaklega var lagað að tilefni dagsins.

### Ekki bara ánægja

Ekki eru þó allir íbúar landsins á eitt sáttir um hátíðahöldin.

Sumir neituðu hreinlega að taka þátt í fagnaðinum til að mótmæla því að mönnum sem áttu stóran þátt í að móta sögu landsins síðustu áratugina hafi ekki verið gert nógu hátt undir höfði.

Öðrum finnst ástandið í landinu síðan ekkert til að hrópa húrra fyrir. Íbúar Gana eru 22 milljónir, landið er rúmlega 238 þúsund ferkílómetrar að stærð eða ríflega helmingi stærra en Ísland. Þjóðartekjurnar nema um 2.500 dollurum á mann, sem er miklu meira en fátækustu ríki Afríku afla sér en samt langt fyrir neðan það sem Gana ætti að geta staðið undir, enda er landið ríkt að náttúruauðlindum.

Rafmagnsleysi og vatnsskortur hrjáir marga íbúa höfuðborgarinnar Accra og örugg atvinna er nokkuð sem stór hluti íbúanna getur aðeins látið sig dreyma um.

### Sjálfstæðishetjan

Maðurinn sem átti stærstan þátt í að Bretar veittu Gana sjálfstæði árið 1957 hét Kwame Nkrumah. Sá var fæddur árið 1909 en hélt ungur til háskólanáms í Bandaríkjunum. Hann sneri aftur til Gana árið 1947 og tók þegar að berjast af alefli fyrir sjálfstæði landsins.

Árið 1950 var honum stungið í fangelsi en tveimur árum síðar gerðu Bretar hann að forsætisráðherra nýlendustjórnarinnar í þeirri von að hann léti sér það nægja.

Árið 1957 sáu Bretar sig hins vegar nauðbeygða til að fallast í einu og öllu á sjálfstæðiskröfur Nkrumahs, sem þá hafði unnið málstað sínum öflugt fylgi meðal landsmanna.

„Þetta var tilfinningaþrungin stund,“ hefur fréttastofan AP eftir Ruth Botsio, áttræðri konu sem man vel eftir hátíðlegri athöfn í Gana fyrir fimmtíu árum þegar sjálfstæðið var loks í höfn.

Eiginmaður hennar var ráðherra í fyrstu ríkisstjórn Nkrumahs. Hún tárast þegar hún minnist gleðinnar þegar mannfjöldinn hrópaði í sigurvímu: „frelsi, frelsi, frelsi!“

### Tímamót í Afríku

Gana hét áður Gullströndin og hafði verið nýlenda Breta frá því á fyrri hluta nítjándu aldar. Danir áttu reyndar um langt skeið nokkrar litlar nýlendur við ströndina, þar á meðal kastalann Christiansborg sem enn í dag er aðsetur stjórnarinnar í Gana, rétt fyrir utan höfuðborgina Accra. Danir seldu hins vegar Bretum allar þessar nýlendur árið 1850.

Með sjálfstæði Gana urðu mikil tímamót í Afríku. Árið áður höfðu reyndar þrjú arabaríki norðan til í Afríku, Marokkó, Túnis og Súdan, fengið sjálfstæði en Gana var fyrsta ríkið í hinum svarta hluta álfunnar til að hrista af sér nýlendustjórnina og eftir það varð sú þróun ekki stöðvuð.

Árið 1958 bættist Gínea í hópinn og síðan kom holskeflan árið 1960 þegar hvorki meira né minna en 17 ríki sunnan Sahara urðu sjálfstæð á einu bretti. Þessi þróun hélt svo áfram og næstu árin voru eitt og eitt ríki jafnt og þétt að bætast í hóp sjálfstæðra Afríkuríkja.

## Hálfrar aldar sjálfstæðisafmæli

**Þann 6. mars árið 1957 varð breska nýlendan Gullströndin sjálfstætt ríki og um leið var nafni landsins breytt í Gana.**



**SKÓLABÖRNIN FAGNA** Mikið var um dýrðir þegar Ganamenn héldu upp á afmælið í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




© GRAPHIC NEWS

### Stórir draumar

Sjálfstæðishetjan Nkrumah hafði stóra drauma ekki aðeins fyrir hönd Gana, heldur fyrir hönd Afríku allrar. Hann sá fyrir sér að þegar ríkin hefðu fengið sjálfstæði hvert af öðru myndu þau sameinast í stórt bandalag að bandarískri fyrirmynd, réttnefnd Bandaríki Afríku sem gætu orðið eitt af stórveldum heimsins.

Þeir draumar rættust ekki og Nkrumah stóð ekki heldur undir væntingum heima fyrir, sýndi fljótlega af sér heldur óhugnanlega einræðistilburði og kom á flokkseinræði árið 1964. Tveimur árum síðar steypti her landsins honum af stóli og sendi hann í útlegð til Gíneu þar sem hann dvaldist til æviloka árið 1972, en hann lést rétt rúmlega sextugur.

### Vonbrigði

Stjórnmálaástandið í Gana var eftir þetta lengst af harla óstöðugt eins og víðar í Afríku. Fimm sinnum hafa verið gerðar stjórnarbyltingar í landinu, síðast árið 1981 þegar John Rawlings herforingi tók til sín völdin. Hann kom hins vegar á lýðræðislegum kosningum og lét af hendi völdin til núverandi leiðtoga landsins, John Kofi Agyekum Kufuor, sem sigraði Rawlings í frjálsum kosningum árið 2000 og var síðan endurkjörinn árið 2004.

Í hátíðarræðu sinni í gær viðurkenndi Kufuor fúslega að vonbrigði landsmanna með það hversu hægt hefur miðað hafi sett stóran svip á hátíðahöldin. Hann hvatti sérstaklega unga fólkið, bæði í Gana og öðrum Afríkuríkjum, til að beita kröftum sínum heima fyrir frekar en að flýja land og reyna að komast í velmegunina í Evrópu, eins og þúsundir manna gera á hverju ári.

„Álfan ykkar og löndin ykkar þurfa á orku ykkar, krafti ykkar, sköpunargáfu ykkar og fyrst og fremst draumum ykkar að halda,“ sagði hann.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is



Haframjöl
119 kr.
1.5 kg
Hafrakex
72 kr.
400g
Sjáðu verðið!
Rískökur
49 kr.
100g
Duo hnetusmjör
179 kr.
600g
59 kr.
heill lítri
bonus.is
Bónustilboð í 10. viku 2007
Euroshopper á góðu verði!
Kattamatur
49 kr.
405g
Fínt fyrir ferfætlinginn
Súkkulaðibitakökur
79 kr.
150g
Súkkulaðiplata
59 kr.
100g
6 marsípanbrauð
179 kr.
350g
Bónus býður betur!
Heildós perur/blandaðir ávextir
Heildós
98 kr.
820g
Grænar baunir
39 kr.
400g
Jarðarber 1 kíló
189 kr.
Frosin jarðarber 1 kg
Rafhlöðupakki
279 kr.
Veljið sjálf!
Olía/vatn
59 kr.
185g
Grænmeti í kílópokum - gott að eiga í frystinum!
Heildós fiskibollur
129 kr.
800g
1 KÍLÓ!
198 kr.
FROSIÐ GRÆNMETI
www.bonus.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Smá málsvörn fyrir Steingrím J. Sigfússon:

## Einstaklingsfrelsi og löggæsla

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Stundum er tíðarandinn þannig að stjórnmálamenn telja yfirborðsmennsku, upphrópanir og útúrsnúninga vera þá eiginleika sem best þjóni því markmiði að ná athygli kjósenda. Þessi hlið stjórnmálabaráttunnar er bæði gömul og ný. Að sama skapi er andóf gegn henni ævinlega jafngilt.

Umræður um nýafstaðinn landsfund Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs eru ágætt dæmi um pólitíska yfirborðsmennsku. Því er vitaskuld ekki að leyna að þessi stjórnmálaflokkur stendur lengst til vinstri og þaðan kemur boðskapur um meiri ríkisafskipti en annars staðar frá sem auðvelt er að gagnrýna.

Málefnaumræða á landsfundi Vinstri græna bar um sumt svipmót meiri trúar á ríkisafskipti en um nokkurn tíma hefur sést í íslenskri stjórnmálaumræðu. Ef til vill er það fyrst og fremst vottur um að forystumenn flokksins þykjast ekki vera annað en þeir eru.

Athyglisverðast er að nánast öll umræða andstæðinga Vinstri grænna hefur snúist um eitt orð sem hrökk af vörum Steingríms J. Sigfússonar, formanns flokksins. Það er orðið: Netlögregla. Slíkt orð er að vísu ágætlega fallið til útúrsnúninga. Það hefur verið ótæpilega gert með aðdróttunum um að hugsjón formannsins snúist um meiri háttar „stóra bróður“ eftirlit með samborgurunum á netinu.

Ef menn á hinn bóginn kjósa málefnalega umræðu um þetta efni er stóra spurningin þessi: Var eitthvað í samþykktum Vinstri grænna eða ummælum formannsins sem gefur tilefni til að leggja á þann veg út af notkun þessa orðs? Þegar að því er gáð kemur í ljós að svo er ekki.

Auðvitað getur verið gáleysi af reyndum stjórnmálamanni að nota orð sem er jafn vel fallið til útúrsnúninga eins og það sem hér er vitnað til. En hitt er ómerkilegri pólitík að nota það af engu tilefni til útúrsnúninga og villandi ályktana um það sem augsýnilega var átt við.

Nær sanni er að þessi ummæli fólu í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að efla löggæslu á þeim nýja tæknivettvangi sem netið er. Það er auðvitað fyrst og fremst tæknibylting til góðs. En hinu er ekki að leyna að hún hefur orðið vettvangur afbrota sem ógna einstaklingsfrelsi.

Hefðbundin átakalína í stjórnmálum hefur verið sú að borgaraflokkar hafa verið málsvarar laga og reglna og traustrar og virkrar löggæslu. Vinstriflokkar hafa þar á móti andæft slíkum sjónarmiðum. Þetta eru klassísk átök í pólitík.

Þegar formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs ræðir í alvöru um að efla verði löggæslu á þessu nýja tæknisviði, þar sem margt bendir til að afbrotamenn standi feti framar en löggæslan, eru það pólitísk tíðindi. Það eru pólitísk tíðindi vegna þess að þau eru merki um að róttækur vinstriflokkur er að teygja sig inn að miðjunni í átt til borgaralegra viðhorfa á þessu sviði.

Hugmyndafræði einstaklingsfrelsins felur ekki í sér rétt eins til þess að ganga á rétt annars. Sá réttur nær ekki lengra en að nefi næsta manns. Einstaklingsfrelsi án siðferðilegra viðmiða og leikreglna er ekki mannlegt samfélag. Virk löggæsla sem lýtur lýðræðislegu eftirliti og valdatakmörkunum er því þáttur í að treysta frelsi einstaklinga en ekki brjóta það niður.

Vinstri grænt hefur ugglaust um sumt færst lengra til vinstri, en að þessu leyti færðist flokkurinn nær miðju. Fullyrðingar um annað eru dæmi um útúrsnúning.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÖFLUGIR
SÖLUMENN ÓSKAST

Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingum í ört stækkandi fyrirtæki.

Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og metnað í starfi, vera þjónustulipur og hafa reynslu af sölumennsku.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir með tölvupósti á ingolfur@besta.is fyrir 12. mars nk.

www.besta.is

Besta er sérhæft fyrirtæki á hreinlætisvörumarkaði og býður eitt mesta úrval landsins af hágæða tækjum, áhöldum og efnum til hreingerninga.

BESTA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin ástæða til að kvarta

Þegar átökum prófkjöra er lokið taka við innanhússátökin vegna uppstillinga á lista. Stundum verður úr því mikið veður, en í öðrum tilfellum heyrist ekki múkk.

Þannig heyrðist til dæmis ekkert þegar Ragnheiður Jónsdóttir, lögmaður á Húsavík, lenti tveimur sætum á eftir Örlygi Hnefli Jónssyni, lögmanni á Húsavík, á lista Samfylkingar í Norðausturkjördæmi, þrátt fyrir að hafa lent fyrir ofan hann í prófkjöri. Þá heyrðist ekkert frá Samfylkingarfólki í Reykjavík þegar Valgerði Bjarnadóttur var ýtt niður fyrir Ellert B. Schram í Reykjavík suður.



### Kjörtímabil er langur tími

Fyrir fjórum árum stefndi í að allt yrði vitlaust hjá Framsóknarflokknum í Reykjavík ef Guðjóni Ólafi Jónssyni yrði stillt upp í annað sætið í Reykjavík suður, á eftir Jónínu Bjartmarz. Kom það meðal annars fram í Fréttablaðinu í janúar 2003, að ef svo yrði væri meirihluti félagsmanna Framsóknarfélags Reykjavíkur suður tilbúinn að stofna nýtt félag. En ef vika er langur tími í pólitík er heilt kjörtímabil enn lengra. Nú er það svo að Guðjón Ólafur er í öðru sæti listans í Reykjavík norður, á eftir formanninum, og ekki hefur heyrst múkk frá almennum flokksmönnum. Það skiptir greinilega máli hvoru megin fólk er við kjördæmalínuna í Reykjavík.

### Svona er þetta gert

Fyrir utan titring hjá sjálfstæðismönnum vegna setu Árna Johnsen á lista þeirra í Suðurkjördæmi virðast einu almennilegu lætin vegna uppstillingar vera hjá Frjálslynda flokknum. Fyrst sagði Sigurlín Margrét sig úr flokknum, að hluta til, til að styðja Margréti Sverrisdóttur, en einnig þar sem hún sá ekki fram á að fá að leiða lista flokksins í Suðvesturkjördæmi. Svo á mánudag segir Karen Jónsdóttir, bæjarstjórnarfulltrúi Frjálslyndra á Akranesi, sig úr flokknum því Kristni H. Gunnarssyni er stillt upp í annað sæti listans í Norðvesturkjördæmi. Frjálslyndir virðast kunna að sýna óánægju sína í verki.



svanborg@frettabladid.is

## Bissniss og manngæska



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Í DAG | Blekkingar Landsvirkjunar

*Hvers vegna að sóa því núna, sem hægt verður að selja margföldu verði innan tíðar?*

Ég opna morgunútvarpið og út streymir boðskapur launaðs áróðursmeistara Landsvirkjunar: Íslendingar búa svo vel að eiga hreinar orkulindir í heimi sem er á heljarþröm vegna loftslagshlýnunar, sem stafar af brennslu jarðefna eins og kola og olíu. Í þágu heimsbyggðarinnar, já gjörvalls mannkynsins, ber því þessari þjóð að fórna þessari guðsgjöf og virkja þessa orku sem allra fyrst, já ekki seinna en strax, til framleiðslu á áli sem annars kynni að vera framleitt með miklu óvistvænni hætti annars staðar. Hins lét áróðursfulltrúinn ekki getið, að með stækkun álversins í Straumsvík einu og sér mundum við að vísu í leiðinni auka mengun í landinu sem svarar öllum útblæstri alls bílaflota landsmanna eða alls bátaflotans. Þeir einu dræ ttir myndarinnar sem honum hentar að draga fram í sína áróðursmynd, eru samanburður á subbulegustu kola- eða olíukyntu álverum heims og þeirri heiðríku orku sem beisla má í íslenskum fallvötnum eða með gufuorkunni í iðrum jarðar.

Hann nefnir ekki einu orði að þessar orkulindir Íslands eru takmarkaðar. Mannkynið allt telur um þessar mundir 6 milljarða manns. Allar orkulindir Íslands mundu rétt nægja til að sjá einni meðalstórri Evrópuborg með um 6 milljónir íbúa fyrir þeirri orku sem hún þarfnast. Neytendur í þeirri borg greiða nú sennilega fimm-sexfalt álveraverð fyrir þá orku – og það verð getur aðeins farið hækkandi.

Það hentaði heldur ekki áróðursmeistaranum að geta þess að þau málmbræðsluver, sem verið er að yfirfæra hingað til lands á vegum Alcan, Alcoa og Elkem, eru öll knúin með raforku frá vatnsorkuverum. Að því leyti er ekki verið að draga úr mengun. Ástæðan fyrir flutningnum hingað til lands er fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar vilja fyrirtækjasamsteypurnar geta selt þessa raforku á fullu heimsmarkaðsverði á neytendamarkaði heima fyrir, meðan málmbræðslunum er séð hér fyrir orku á útsöluverði, jafnvel niðurgreiddu af íslenskum neytendum. Hins vegar að losna við mengun af völdum flúors og brennisteins af heimaslóðum. Það er svo sjálfsagt hluti af þeirri fórn í þágu mannkyns, sem okkur Íslendingum er lögð á herðar með eignarhaldi á hreinustu endurnýjanlegu orkulindum heims og tærasta andrúmslofti heims að bjóða lungu og öndunarfæri okkar og barna okkar til hreinsunar á þessum skaðvænlegu lofttegundum! Auk þessa hefur í bæklingum söluskrifstofu Framsóknarflokksins í iðnaðarráðuneytinu til skamms tíma verið tekið fram að vinnuafl sé hér ódýrt, vel menntað og þjált í meðförum.

Íslendingum hefur löngum verið ósýnt um alla kaupsýslu. Við létum útlenda kaupmenn um þá iðju um nærri þúsaldar skeið og jafnvel hötuðum þá og fyrirlitum fyrir vikið. Menn áttu ekki að hagnast á viðskiptum með nauðsynjar; orð eins og gróði, ágóði og arður voru skammaryrði og gáfu til kynna að óheiðarlega væri að verki staðið. Pöntunarfélagshugsjónin féll vel að þessu lífsviðhorfi. Best af öllu var ef einhver fórnaði sér í þágu hugsjónarinnar, annaðist innkaup og bókhald og geymslu vörunnar ókeypis.

Það er með ólíkindum, eftir alla sögu samvinnuhreyfingarinnar og reynsluna af kaupfélögunum, að enn skuli eima eftir af þessu viðhorfi og fólk telja sér trú um að það sé einhver manngæska og göfugmennska í því fólgin að fórna sér í þágu óljóss en „göfugs“ málstaðar, og þess að Íslendingum beri að leggja sitt af mörkum til frelsunar öllu mannkyni – helst án þess að hagnast! Það er borðleggjandi að þótt öllum álverum heimsins yrði safnað saman hér á landi og þau knúin með hinni hreinu íslensku orku mundi það tæpast fresta náttúruhamförum af völdum loftslagshlýnunar um margar vikur, hvað þá bjarga heiminum. Og af hverju ættum við sökum manngæsku og göfuglyndis að afneita þeim lögmálum framboðs og eftirspurnar, sem á næstunni eiga eftir að hækka verð orkulindanna jafnt og þétt og verða komandi kynslóðum ómetanlegur höfuðstóll, hvernig svo sem þær kjósa að ganga á hann eða hvenær? Hver vegna að sóa því núna, sem hægt verður að selja margfoldu verði í ekki svo fjarlægri framtíð? Hér er það bæði okkur og heiminum í hag, að við tökum kaldhugsað bissnisssjónarmiðið fram yfir slappa hugsun um íslenska þjóð í gervi mannkynsfrelsara.

## Auglýst eftir efnislegu inntaki!

UMRÆÐAN

Auðlindamálið



SKÚLI MAGNÚSSON

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 2003 um að sett verði stjórnarskrárákvæði um „sameign íslensku þjóðarinnar að fiskveiðiauðlindinni“ hefur komið til umræðu síðustu daga. Hugmyndina má raunar rekja til laga um fiskveiðistjórn allt frá 1988, en einkum var það álit auðlindanefndar árið 2000 sem gaf henni byr undir báða vængi.

Nú er það ekki verkefni lögfræðinga að skipta sér af því hvaða efnisreglur eru settar í stjórnarskrá á hverjum tíma. Það heyrir hins vegar til lögfræði að útfæra stefnumið stjórnmálamanna í lagatexta þannig að tilætluð markmið þeirra náist. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að benda á eftirfarandi:

Lagalega gengur það ekki upp að villt og vörslulaus dýr, þ.á m. fiskar, séu undirorpin einhvers konar einstaklingseignarrétti (eða sameignarrétti). Til að eignast villt dýr verður maður fyrst að veiða það. „Sameign þjóðarinnar“ eða „þjóðareign“ á nytjastofnunum getur af þessum sökum ekki vísað til „eignar“, hvorki eignar einstaklinga né ríkisins.

Það sem auðvitað er fyrir mestu er hvernig nýtingarrétti á fiskveiðiauðlindinni er háttað. Í krafti almenns lagasetningarvalds (fullveldisréttar) hefur íslenska ríkið það í hendi sér hvaða reglur eru settar um nýtingu á fiskveiðiauðlindinni, eins og kvótakerfið og þróun þess sýnir best. En hvaða réttaráhrif á ákvæðið um „sameign þjóðarinnar“ að hafa á þessar heimildir löggjafans svo og nýtingarrétt einstaklinga? Af einhverjum ástæðum hefur ekkert skýrt svar komið fram þótt tilefnið hafi lengi verið ærið.

Með stjórnarskrárákvæði um „sameign þjóðarinnar“ eða „þjóðareign“ er boltinn gefinn upp fyrir ágreining og illdeilur, enda getur hver sem er gefið hugtökum sem þessum merkingu eftir pólitískri vild. Slíkt ákvæði gengur því gegn því almenna markmiði laga og stjórnarskrár að skapa frið og öryggi í samfélaginu með skýrum og afdráttarlausum reglum. Það má heita nógu slæmt að „skreyta“ stjórnarskrár með ýmsum lagalega marklausum stefnuyfirlýsingum, eins og nú er í tísku víða um lönd. Það keyrir um þverbak þegar setja á í stjórnarskrá ákvæði sem enginn veit hvað þýðir!

*Höfundur er lögfræðingur.*



## ÁREIÐANLEIKI

Samkvæmt áreiðanleikarannsókn breska tryggingafyrirtækisins Warranty Direct er Skoda bestu kaupin í notuðum bílum. Jeep kemur hins vegar illa út úr rannsókninni.

BÍLAR 3



## BOÐSKIPTI

Tákn með tali er tjáningarmáti sem skilað hefur góðum árangri hjá börnum með frávik í málþroska, en Tákn með tali er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða.

BÖRN 4

# allt



## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR BÖRN ]

**Bílaeigendur** þurfa hin ýmsu eyðublöð og gögn áður en bílakaup fara fram. Eyðublöð fyrir afsal vegna bifreiðakaupa og tilkynning um eigendaskipti er að finna hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. www.fib.is

**Ferðamálastofa** hefur safnað ferðaupplýsingum um Ísland á eina vefsíðu. Þar er meðal annars hægt að fá upplýsingar um yfir 400 gististaði víðs vegar um Ísland, staðsetningu og gæði. Vefurinn er á sex tungumálum. www.ferðalag.is



**Forvarnir** á fyrstu árunum er heiti á málþingi fyrir foreldra þar sem sjónum er beint að samfélagsbreytingum á Íslandi og áhrifum á uppvöxt og þroska barnanna samhliða þeim. Málþingið fer fram í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, 8. mars frá klukkan 13-17. Nánari upplýsingar: www.heimiliogskoli.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 7. mars, 66. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.16 | 13.39 | 19.04 |
| Akureyri | 8.03 | 13.23 | 18.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Diljá á margar vinkonur sem henni finnst gaman að leika sér við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Best á Íslandi

***Diljá Magnea Oddsdóttir er sex ára nemandi í Breiðagerðisskóla.***

Diljá byrjaði í skólanum síðasta haust og segir að það sé bara fínt í honum. „Ég er búin að læra að lesa og líka búin að læra að reikna,“ segir hún.

Eftir skóla á daginn fer Diljá á frístundaheimili sem heitir Sólbúar. „Það er rosalega gaman því þar má leika sér úti um allt og stundum er sjónvarp sem við megum horfa á.“

Besta vinkona Diljár heitir Tara og hún er líka í Breiðagerðisskóla. „Við sitjum samt ekki saman því hún er í öðrum hóp. Af því að það er gulur, rauður og grænn og blár og hún er í bláa og ég er í rauða og svo eru tvær stofur og guli og rauði eru saman í stofu og græni og blái eru saman í stofu.“

Diljá hefur í nógu að snúast þegar hún er ekki í skólanum því hún er í Barnakór Bústaðakirkju og svo æfir hún dans. „Ég er búin að æfa svolítið lengi og kann að dansa enskan vals og cha cha cha,“ segir hún.

Diljá finnst líka gaman að horfa á dans í sjónvarpinu og henni finnst kjólarnir í dansinum mjög flottir. „Ég á bara svona sparikjóla sem ég dansa í. Stundum eru danssýningar og þá á ég að dansa og það er svo flott þegar stóru krakkarnir dansa.“

Þegar Diljá var minni átti hún heima um tíma í Danmörku og síðasta sumar fór hún í heimsókn þangað. „Ég fór í Tívolí og þar fór ég í rennibraut og svona sem að maður á að veiða fiska og svan sem er svona bátur. Þegar ég var svolítið lítil fór ég líka í Lególand og ég hef líka farið í annað tívolí sem ég mátti næstum því ekki fara í neitt því ég var svo lítil en ég fór samt í smá, pabbi þurfti bara að koma með.“

Diljá segir að henni finnist samt alltaf best að vera á Íslandi. „Það eru svo fáir í Danmörku og ég á fleiri vinkonur hér,“ segir hún og þó að hún geti alveg hugsað sér að skreppa til Danmerkur annað slagið er hún ákveðin í því að héðan í frá ætli hún að búa á Íslandi.

emilia@frettabladid.is

**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**3 VIKNA HRAÐNÁMSKEIÐ 14. MARS**
**2 VIKNA NÁMSTÆKNI NÁMSKIEIÐ 17. MARS**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



**Nagladekkjanotkun** verður takmörkuð og leyfistími styttur eftir samþykkt í umhverfisráði borgarinnar nýlega. Markmiðið er að minnka heilsuspillandi svifryk í andrúmslofti.

Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

allt bílar
Alla laugardaga



Jósef, lengst til vinstri, ásamt starfsmönnum sínum. Hann á margar skemmtilegar sögur í farteskinu. Sem dæmi skildi maður bíllykla eftir hjá honum á meðan hann fór að versla. Jósef fann bílinn á planinu og þreif hann hátt og lágt. Seinna uppgötvaðist að um rangan bíl var að ræða, en sömu tegundar. Lyklarnir gengu að báðum bílum. Ekki var um annað að gera en að þrífa rétta bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hef bónað allt nema flugvél

***Bónstöðin Bón og þvottur hjá Jobba, Skeifunni 17, á tuttugu og fimm ára afmæli.***

Jósef Kristjánsson hóf rekstur á bónstöðinni Bón og þvottur hjá Jobba árið 1987. Fyrirtækið fagnar því tuttugu og fimm ára afmæli í ár og er þar með elsta bónstöð landsins.

„Ég stofnaði bónstöðina fimm árum eftir að ég hóf störf hjá fyrirtækinu Sveini Egilssyni hf., við bón og standsetningu á bílum," segir Jósef og bætir við að þar hafi hann öðlast talsverða þekkingu á bílavörum og lakktegundum.

„Þegar ég stofnaði Bón og þvott hjá Jobba var að ég held bara ein bónstöð fyrir, niðri við Skúlagötu. Landsmenn tóku því stöðinni fagnandi hendi og sumir kúnnanna hafa verið í viðskiptum hjá okkur um árabil."

Jósef segir bransann hafa tekið miklum breytingum frá stofnun fyrirtækisins. „Bóntegundum hefur fjölgað og lakkið breyst. Hér hafa rúllað í gegn allar bílategundir, tól og tæki, svo sem skemmtibátar, snjósleðar, mótorhjól, kappakstursbílar og go kart bílar. Flugvélar eru það eina sem við höfum ekki bónað," segir hann og hlær.

Að sögn Jósefs er meðallíftími bónstöðva á bilinu tvö til þrjú ár. Hvert skyldi því leyndarmálið vera á bak við langlífi Bóns og þvottar hjá Jobba? „Hér áður fyrr fór fjöldi manna út í rekstur bónstöðva í þeirri von að það yrðu mikil uppgrip líkt og með síldina í sjónum," svarar Jósef. „Flestir gáfust upp og seldu eftir nokkra mánuði. Eigendaskipti eru enn tíð. Menn skortir þolinmæðina sem þarf til að endast í þessum bransa."

Jósef segir vönduð vinnubrögð líka spila inn í velgengni bónstöðvarinnar. „Maður hefur lært töluvert á bíla í gegnum árin og skilar þeim ekki af sér nema í toppástandi. Ætli þetta tvennt ráði því ekki að fyrirtækið hefur enst svona lengi."

Spurður um hvernig aldarfjórðungsafmælinu verði fagnað, vill Jósef sem minnst gefa upp. „Sem stendur er ekkert skipulagt. Ætli það verði bara ekki að koma í ljós," svarar hann af hógværð og biðst undan því að ræða lengur við blaðamann, sem hefur haldið honum alltof lengi frá viðskiptavinunum. *roald@frettabladid.is*

## Aston Martin til sölu

TALIÐ ER AÐ FORD MUNI Á NÆSTU DÖGUM TILKYNNA SÖLU Á ASTON MARTIN MERKINU. KAUPANDINN ER KAPPAKSTURSFYRIRTÆKI.

Eitt af krúnudjásnum breskrar bílaframleiðslu virðist ætla að skipta um eigendur, aftur. Ford er núverandi eigandi en samkvæmt Times Online og Reuters hefur fyrirtækið átt í samræðum við nokkra aðila um hugsanleg kaup.

Líklegastir til að hreppa hnossið þykja kappakstursmennirnir hjá Prodrive, en þeir reka nú þegar kappaksturslið Aston Martin. Samningar eru þó langt í frá í höfn því ljóst þykir að eignarhaldsfélagið Apax, sem á 49 prósent í Prodrive, muni ekki leggja fé til kaupanna þannig að fjármagnið verður að koma annars staðar frá.

*- tg*





Baldvin Þór Gunnarsson, sigurvegari í unglingaflokki, á þeysireið á Vaðlaheiði.

# *Sigurlaununum deilt*

***Önnur umferðin í WPSA-mótaröðinni í snjókrossi.***

Segja má að keppnisliðin frá Polaris, SkiDoo og Lynx hafi deilt sigurlaununum bróðurlega á milli sín þegar önnur umferð í WPSA mótaröðinni í snjókrossi fór fram á Vaðlaheiði síðasta laugardag.

Einkenni var á keppninni á Vaðlaheiðinni að gott start hafði allt að segja um endaröðunina því framúrakstur var erfiður í brautinni. Meistaraflokkurinn var mikil skemmtun á að horfa. Reynir Stefánsson á SkiDoo hafði vinninginn í flestum ræsingum og sigraði í tveimur af þremur hítum, sem og úrslitahíti dagsins en Ásgeir Frímannsson á Artic Cat sigraði í fyrsta hítinu.

Í sportflokknum var ekki slegið af frekar en fyrri daginn. Þar bitust þeir um sigurinn í undanúrslitahítunum, Sæþór Sigursteinsson á Arctic Cat og Kári Jónsson á Lynx og vann Sæþór tvo af hítunum en Kári eitt. Í úrslitahítinu kvittaði Kári fyrir daginn með fínum akstri og öruggum sigri og hirti þar með sigurlaun dagsins.

Í unglingaflokknum öttu liðsfélagarnir í Polarisliðinu kappi, þeir Baldvin Gunnarsson og Bjarki Sigurðsson, en Bjarki sigraði tvö af þremur undanhítunum. Í úrslitahítinu virtist hann ætla enn og aftur að tryggja sér sigur með góðu starti en eftir tvo hringi tókst Baldvini loks að komast fram úr og eftirleikurinn var auðveldur. Baldvin situr á toppnum í stigakeppni unglinganna.

Of snemmt er að segja til um hverjir standa uppi sem sigurvegarar í lokin en fram undan eru þrjár keppnir til viðbótar. Sú næsta verður á hinu árlega móti vélsleðamanna í Mývatnssveit 10. mars.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Skoda eru hagkvæmustu bílarnir samkvæmt tölum Warranty Direct.

# Áreiðanleiki notaðra bíla

***Samkvæmt áreiðanleikarannsókn breska tryggingafyrirtækisins Warranty Direct er Skoda bestu kaupin í notuðum bílum. Jeep kemur hins vegar verst út.***

Warranty Direct selur ábyrgðartryggingar fyrir allt að tíu ára gamla bíla. Þeir safna saman tölfræði yfir hversu oft bílar á þeirra skrá bila, og hvað kostar að gera við þá. Þúsundir bíla eru á skrá fyrirtækisins og árlega fær það bótakröfur upp á milljarða króna.

Á síðunni www.reliabilityindex.co.uk er listi yfir hversu áreiðanlegir framleiðendur og einstakir bílar eru þegar kemur að bilanatíðni og viðgerðarkostnaði. Áreiðanleiki bíla er reiknaður út frá því hversu stór prósenta eigenda setti fram bótakröfu og hversu há krafan var.



Mazda MX-5 er einn af fáum sportbílum sem virðast sjaldan bila.

Sú bílategund sem best kemur út er Skoda. Uppgangur Tékkanna (ætti kannski að segja Þjóðverjanna þar sem Skoda er í eigu Volkswagen) virðist engan endi ætla að taka og nú bæta þeir titlinum „áreiðanlegasti notaði bíllinn“ í safnið. Fast á hæla Skoda fylgir Mazda, en fyrirtækið hefur í áratugi framleitt bíla sem endast og endast. Athygli vekur að sportbíllinn Mazda MX-5 er einn af áreiðanlegustu bílunum en tveggja sæta sportbíll sem sjaldan bilar er eins og gott Evróvisjón-lag. Afar sjaldgæft.

Í þriðja sæti er Honda, en Honda Accord er áreiðanlegasti notaði bíllinn samkvæmt listanum. Svo kemur Suzuki, síðan Ford og í sjötta sæti situr Lexus, sem lengi vel vermdi toppsætið (IS200 er og hefur alltaf verið afar áreiðanlegur bíll).

Porsche kemur mjög illa út á listanum. Ekki vegna þess að þeir bili oft heldur vegna þess hversu dýrt er að gera við þá. Sá bíll er kemur hins vegar verst út er Jeep. Bílar frá fyrirtækinu bila oft og er viðgerðarkostnaðurinn mikill. Þar fór ameríski draumurinn fyrir lítið. *tryggvi@frettabladid.is*



Bílar frá Jeep eru dýrir í rekstri og bila oft samkvæmt áreiðanleikarannsókn Warranty Direct. Niðurstöðurnar má sjá á vefsíðunni www.reliabilityindex.co.uk










# Dýrmæt boðskiptaleið

***Tákn með tali er tjáningarmáti sem skilað hefur góðum árangri hjá börnum með frávik í málþroska.***



Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur og frumkvöðull Tákna með tali hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Tákn með tali er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða," segir Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur og frumkvöðull.. „Farið er í kringum hindranir í máli með því að nota tákn samhliða tali og þannig fá þessir einstaklingar verkfæri til að tjá sig," segir Eyrún og útskýrir að Tákn með tali byggist á náttúrulegri tjáningu líkamans og grundvallist fyrst og fremst á látbragði og svipbrigðum sem kalla má náttúruleg tákn.

„Það er okkur eðlilegt að tjá okkur með fleiru en orðum. Við til dæmis bendum og gefum til kynna hvort okkur er heitt eða kalt. Samræmdu táknin koma síðan til viðbótar. Táknin eru oft mjög myndræn og auðvelda barninu að gera sig skiljanlegt," segir Eyrún. Notkun þeirra hefur því í för með sér meiri og markvissari boðskipti og eflir það sjálfstæði og eykur lífsgæði. Eyrún segir í raun auðveldara að tala með höndunum en talfærunum þar sem byggt sé á virkjun sjónskyns sem sé áhrifameira en heyrnarskyn og unnt sé að leiðbeina barninu með handstýringu.

„ Útfærsla táknanna tekur mið af taltakti sem auðveldar framburð lengri eða erfiðari orða. Þetta er auðveld og árangursrík boðskiptaleið sem hefur hjálpað mörgum, ekki síst börnum með mikil frávik í málþroska og fjölskyldum þeirra."

Táknin á alltaf að nota með talmáli en aldrei ein og sér þar sem þau eru viðbót við talað mál en koma ekki í staðinn. „Þetta er ekki það sama og táknmál heyrnarlausra. Tákn með tali styður við þróun máls og tals og því fyrr sem farið er af stað því betra, en það er aldrei of seint," útskýrir Eyrún og leggur áherslu á að þátttaka og virkni umhverfisins (t.d. heimilis og skóla) séu lykilatriði.

„Lokatakmarkið er talað mál og er þetta því hugsað sem nokkurs konar brú. Tákn með tali er mjög auðvelt að nota og oftar en ekki ber aðferðin fljótt árangur." Mikilvægt er fyrir foreldra og fagfólk að sækja námskeið í notkun Tákna með tali til að öðlast meira öryggi og fá nánari leiðsögn um notkun.

Námsgagnastofnun hefur gefið út sérstaka Tákn með tali orðabók eftir Björk Alfreðsdóttur og Sigrúnu Grendal og bent er á vefsíðu Vigdísar Einarsdóttur www.tmt.is þar sem táknin eru sett fram á lifandi hátt með viðeigandi hreyfingum.

*- hs*




















**Lundúnir** eru alltaf jafn heillandi staður. Borgin tekur á móti gestum með sínu heillandi lista- og menningarlífi og iðandi mannlífi. British Airways er með ódýrar ferðir, sjá www.ba.com.



Bali er góður áfangastaður fyrir ferðalystna sem langar að fá sér sumarstarf og kynnast betur landi og þjóð.

# Sumarstörf í útlöndum

***Sumarstörf erlendis geta verið spennandi leið til að fjármagna ferðalög og eru líka góð leið til að kynnast betur þjóðarsál þeirra landa sem ferðast er til.***

Á ferðalögum upplifir maður gjarnan land og þjóð sem hreinræktaður ferðamaður og nær ekki að kynnast íbúum landsins að ráði. Fyrir þá sem langar að komast nær þjóðarsálinni á ferðalögunum er tilvalið að fá sér sumarvinnu erlendis og jafnvel nota þannig tækifærið til að fjármagna ferðalagið.

Hjá ferðavefnum Lonely Planet er gott yfirlit yfir störf sem gætu hentað ferðamönnum undir kaflanum „travel jobs“. Þar er einnig hægt að augýsa eftir starfi. Störfin sem þar eru í boði eru úti um allan heim, meðal annars á veitingastöðum, hótelum, við þýðingar, barnapössun og sem leiðsögumenn.

Vinnumálastofnun er einnig með samskipti við vinnumiðlanir úti um allan heim og geta miðlað sumarstörfum erlendis, sérstaklega á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nordjobb sem er á vegum Norrænu samtakanna, miðlar vinnu fyrir ungt fólk innan Norðurlandanna á aldrinum 18-28 ára þar sem markmiðið er að styrkja samskipti ungs fólks á Norðurlöndunum.

Unga fólkið kynnist landi og þjóð gegnum sumarvinnu og frítíma í félagsskap annarra ungmenna og fær einnig húsnæði á vegum félagsins.

Nordjobb er með allar upplýsingar varðandi sumarstörf á þeirra vegum. Lonly Planet tekur enga ábyrgð á sínum atvinnuauglýsingum og það borgar sig að kanna vinnureglur sérhvers lands hjá Vinnumálastofnun á Íslandi áður en lagt er í hann og jafnvel leita upplýsinga hjá sendiráði eða -herra viðkomandi lands.

Nordjobb, www.nordjobb.net, Lonly Planet, www.lonlyplanet.com, Vinnumálastofnun, www.vinnumalastofnun.is

## Heima hjá mér eða þér í sumar?

HEIMILIS- OG ÍBÚÐASKIPTI ER LEIÐ SEM MARGIR HAFA KOMIST UPP Á LAGIÐ MEÐ ÞEGAR LAGST ER Í FERÐALÖG ENDA HÓTELGISTING OFT KOSTNAÐARSÖM.

Hótelgisting getur verið stór kostnaðarliður á ferðalögum, sérstaklega ef fjölskyldan er stór. Í staðinn er hægt að fá lánað heimili á besta stað við ströndina á Spáni, yfir páskana í Austurríki eða jafnvel í Karíbahafinu.

Í staðinn lánar maður viðkomandi fjölskyldu sitt eigið heimili á Íslandi. Fjöldinn allur af samtökum sjá um að miðla heimilisskiptum úti um allan heim en einnig auglýsa sumir í dag- og ferðablöðum.

Upplýsingar um heimilisskipti: www.lonlyplanet.com, www.intervacus.com, www.homeexchange.com og www.homelink.org.



Grikkland gæti boðið upp á þetta útsýni í staðinn fyrir rigninguna heima í Reykjavík.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905






Ferðamálafélag Flóamanna stefnir á stóra hluti í ferðamálum og mun bjóða meðal annars upp á tæknisafn með tíð og tíma.

## Ferðamenn velkomnir í Flóann

FERÐAMÁLAFÉLAG FLÓAMANNA VAR STOFNAÐ Á DÖGUNUM OG MUN BEITA SÉR FYRIR FRAMGANGI FERÐA- OG MENNINGARMÁLA, EN STARFSSVIÐIÐ MUN VERA Í FLÓAHREPPI FYRST UM SINN.

Helstu verkefni félagsins eru meðal annars endurskoðun ferðamálastefnu, rekstur upplýsingamiðstöðvar og undirbúningur að stofnun Tæknisafns Íslands, en það er veigamesta verkefnið sem félagið mun beita sér fyrir. Auk þess mun félagið starfa við verndun náttúru- og menningarverðmæta, eflingu menningarstarfs, úrbótum í samgöngum og öðrum ferðatengdum málefnum á svæðinu.

Félagið mun taka þátt í samstarfi við önnur ferðamálasamtök en sunnlenskt ferðamálasamstarf er nú í endurmótun.

Fyrsti ferðamálafulltrúi Flóamanna er Valdimar Össurarson, að því er kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Allar nánari upplýsingar: www.floi.is.

**Helgarferð til**
**Tallinn**
**19. apríl**
**frá kr. 44.990**

**Allra síðustu sætin - takmörkuð gisting!**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum í fjögurra nátta helgarferð til Tallinn í Eistlandi 19. apríl. Gríptu þetta frábæra tækifæri á helgarferð til þessarar fegurstu borgar Eystrasaltsins á frábærum kjörum – fyrstur kemur fyrstur fær.

**kr. 44.990**
– L'Ermitage ***
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel L'Ermitage ***.

**kr. 54.990**
– Grand Hotel Tallinn ****
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Grand Hotel Tallinn ****.



Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is




**6. – 20. september**
Fararstjóri: Magnús Björnsson
**27. september – 12. október**
Fararstjóri: Inga Ragnarsdóttir

Hálfur mánuður í Kína, mjög vel skipulögð ferð þar sem það sem Kína er frægust fyrir verður skoðað. Hér má nefna Terrakotta herinn, einn merkilegasta fornleifafund veraldar, siglingu á skemmtiferðaskipi um Yangtze fljót sem er þekkt fyrir gljúfrin þrjú og að sjálfsögðu Kínamúrinn. Helstu borgir Kína, Shanghai og Beijing sóttar heim. Hér gefst tækifæri til að kynnast bæði hinu þjóðlega Kína en einnig þeim ótrúlega miklu breytingum sem orðið hafa á síðustu áratugum. Sagan er heillandi og menningin ólík okkar, við kynnumst hefðum og smökkum á þjóðlegum réttum.

**Verð 288.200 kr. á mann í tvíbýli...allt innifalið!**
**Nánari upplýsingar í síma 570 2790 eða www.baendaferdir.is**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

# SJÓNARHORN



Fast þeir sækja sjóinn undan Reykjanesinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VISSIR ÞÚ

... að kanínur elska lakkrís?

... að Kelsey Grammer, sem leikur Frasier, syngur og leikur á píanó í titillagi Frasier-þáttanna?

... að getnaðarvarnarpillur ætlaðar mönnum virka á górillur?

... að Lynyrd Skynyrd var nafn íþróttakennara drengjanna sem seinna stofnuðu band með sama nafni? Hann sagði þeim víst eitt sinn að það yrði aldrei neitt úr þeim.

... að M&M var búið til svo að hermenn gætu borðað sælgæti án þess að klístrast á höndunum?

... að uppáhaldsdrykkur Richards Nixon var þurr martini?

... að hljómsveitin Grateful Dead hét eitt sinn The Warlocks?

... að Gosi var úr furu?

... að Libía er eina landið í heiminum sem er með einlitan fána og engum táknum á? Hann er grænn.

... að Seúl, nafn höfuðborgar Suður-Kóreu, þýðir bókstaflega „höfuðborgin“?

... að það eru þrjátíu prósentum minni líkur á að köttur sem dettur af 7. hæð lifi af, heldur en köttur sem fellur af 20. hæð?

... að eina beinið í líkamanum sem hefur ekki brotnað í nokkru skíðaslysi er staðsett í innra eyranu?

... að Elvis átti tvíburabróður sem hét Jesse Garon og dó við fæðingu?






# FOLD FASTEIGNASALA

**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00 Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

# Traust fasteignaviðskipti!

**Fold-fasteignasala er rótgróin fasteignasala í eigu og undir stjórn Viðars Böðvarsson viðskiptafræðings sem hefur starfað sem löggiltur fasteignasali í 27 ár.**

**Höfum kaupendur að eftirtöldum eignum.**
**Í mörgum tilfellum er boðið upp á staðgreiðslu eða langa afhendingu.**

## Einbýli

- Reykjavík - einbýli á einni hæð m/ 5 stórum svefnherbergjum.
- Vesturbær Kópavogs einbýli verð 45 -60 millj.
- Fossvogur einbýli / raðhús á einni hæð. 40-70.
- Árbær einbýli á einni hæð. 40-65.
- Einbýlishús / Raðhús með aukaíbúð svæði 101 og 107. verð 50-100 millj.
- Garðabær einbýli á einni hæð.
- Kópavogur einbýli á einni hæð í Vesturbæ.
- Einbýli m/ aukaíbúð og stórum bílskúr verðbil 45 60 millj
- Einbýlishús í Foldunum Grafarvogi með a.m.k. 6 herbergjum, tvöföldum bílskúr og garð sem snýr og útivistarsvæði sem snýr í suður.
- Einbýlishús í Hlíðunum sem má þarfnast viðhalds. 250-300 fm.

## Raðhús, parhús og hæðir

- Sérhæð eða raðhús 150-300 fm með stórum bílskúr á höfuðborgarsvæðinu. Skipti koma til greina á yfir 450 fm einbýlishúsi í Garðabæ.
- Rað / Parhús Smárahverfi Kópavogi.
- Rað / Parhús Ásahverfi Garðabæ verðbil 40-65.
- Foldir - stór 4ra herb/ Parhús Verð 25 - 40.
- Hæð eða raðhús með stórum bílskúr á Stór Reykjavíkursvæðinu, verðbil 30-45 millj.
- Vesturbær hæð í vesturbænum 140-180 fm 35-70 millj.
- Foldir - sérhæð óskast í skiptum - eru með 280 fm glæsilegt raðhús.

## 2ja - 5 herbergja

- 5 herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur, helst á Gröndunum. Verð 24-28 millj.
- Garðabær 4ra m/ bílskúr verðbil 25- 32 millj.
- 3ja-4ra herbergja í lyftuhúsi í Austurborginni verðbil 25-35 milljónir.
- 3-4 herbergja í Fellahverfi/Seljahverfi/Árbæ. Verðbil 13-19 millj.
- 2-3ja herb m/ lyftu eða hjólastólaaðgengi - Svæði 101 -112.
- 2-4 herbergja íbúð í á svæði 101, verðbil 12-35 millj.

## Atvinnuhúsnæði

- Stórt fjölbýli eða einbýli á svæði 101 með möguleika á að leigja út herbergi, gistiheimili koma einnig til greina.
- 300-500 fm atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð og a.m.k. 4,5 metra lofthæð.

**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ SKOÐUM SAMDÆGURS**
**VERÐLEGGJUM EIGNIR YKKUR AÐ KOSTNAÐARLAUSU**

**Sjáðu www.fold.is - eða hafðu samband í síma 552 1400 eða 694 1401**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu, við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Signýjar Stefánsdóttur**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Dvalarheimilisins Hlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Heiða Þórðardóttir, Jón Geir Ágústsson, Signý, Þórður, Margrét, Þórdís, María Sigríður, Jóhann Heiðar og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Sigurðardóttir**

(Lilla Lúthers frá Fosshóli)

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 3. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Svava Sigurðardóttir** — **Hilmar Sæmundsson**
**Sif Sigurðardóttir** — **Rúnar Jóhannesson**
**Sigurður Lúther Gestsson** — **Valgerður Kr. Guðbjörnsdóttir**
**Guðbjörg Birgisdóttir** — **Guðmundur G. Norðdahl**
**og ömmubörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir veitta samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæru,*

**Rögnu Dagmar Sölvadóttur**

Snægili 23, Akureyri.

Sérstakar þakkir fær Heimahlynning á Akureyri fyrir ómetanlegan stuðning. Guð blessi ykkur öll.

**Guðmundur Logi Óskarsson**
**Tinna Dögg Guðmundsdóttir** — **Bjarki Runólfsson**
**Rakel Ósk Guðmundsdóttir**
**Andrea Rut Guðmundsdóttir**
**Baldvina Gunnlaugsdóttir**
**Anton Sölvason** — **Margrét Sölvadóttir**
**Gunnlaugur Sölvason** — **María Sölvadóttir**
**Egill Sölvason** — **Guðfinna Sölvadóttir**
**og systkinabörn hinnar látnu.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Bára Ingibjörg Vigfúsdóttir**

Stigahlíð 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 2. mars. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13.00.

**Guðrún Katrín Aðalsteinsdóttir** — **Stefán Stephenssen**
**Íris J. Stephensen** — **Gunnlaugur Hans Stephensen**
**Aðalsteinn Stefán Stephensen**
**Albrecht Ehmann** — **Birgitta M. Braun**
**Árni Kristjánsson** — **Daníela Ehmann**
**Ingvar Ehmann**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Hinrik Ásgeirsson**

Byggðavegi 114, Akureyri,

lést sunnudaginn 4. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 12. mars kl. 13.30.

**Lilý Erla Adamsdóttir**
**Adam Ásgeir Óskarsson** — **Hugrún Helgadóttir**
**Elías Örn Óskarsson** — **Agnes Eyfjörð**
**Sigurður Viðar Óskarsson** — **Ulrica Sillus**
**Hörður Óskarsson** — **Erna Rós Ingvarsdóttir**
**Bryndís Óskarsdóttir** — **Ólafur Aðalgeirsson**
**afa- og langafabörn.**

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Ingvar Árnason**

Lækjarbergi 56, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 4. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elsa Aðalsteinsdóttir**
**Árni Ingvarsson** — **Helena Jensdóttir**
**Þórður Ingvarsson** — **Anna María Bryde**
**Ingvar, Arnar, Elsa Rún, Ásgeir Bragi**
**Árni Ingvarsson** — **Gerða Garðarsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Málfríður Sigurðardóttir**

Stillholti 9, Akranesi,

sem andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi miðvikudaginn 28. febrúar, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 9. mars kl. 14.

**Guðmundur Ó. Guðmundsson**
**Sigurður Guðmundsson** — **Hulda Guðbjörnsdóttir**
**Björgvin Guðmundsson** — **Lidia Andreeva**
**Birgir Guðmundsson** — **Ragnheiður Hafsteinsdóttir**
**Jón Þór Guðmundsson** — **Ástríður Jónasdóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jósef H. Sigurðsson**

fv. útibússtjóri, Drápuhlíð 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 28. febrúar. Útförin verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. mars kl. 15.00.

**Sveinbjörg Á. Jónsdóttir**
**Jón Jósefsson** — **Kristín Gísladóttir**
**Anna Guðrún Jósefsdóttir**
**Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir** — **Guðjón Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir minn og afi,*

**Bonne Bosch**

fæddur 9. sept. 1935,

andaðist á heimili sínu í Ommen, Hollandi föstudaginn 2. mars síðastliðinn. Benni, eins og hann var alltaf kallaður, kom til Íslands í maí 1964 og bjó hér á landi, lengst af í Vestmannaeyjum til ársins 1979. Útför Benna fer fram 10. mars næstkomandi í Hollandi.

**Margrét Ásta Bosch og dætur.**




*15% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum*

**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is











Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990




**ALEXANDER GRAHAM BELL (1847-1922) FÉKK EINKALEYFI FYRIR SÍMANUM Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1876**

*„Þegar einar dyr lokast opnast aðrar en oft einblínum við á lokuðu dyrnar og tökum ekki eftir þeim opnu.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÍSLENSKA ALPAFÉLAGIÐ: ÞRJÁTÍU ÁRA

## Alltaf hægt að kl



Íslenska alpafélagið verður þrjátíu ára næstkomandi sunnudag.

Í tilefni af afmælinu stendur félagið fyrir ýmsum viðburðum á þessu ári. Á föstudag kemur hingað til lands einn áhrifamesti fjallgöngumaður af sinni kynslóð, Steve House, og mun hann dvelja hér í tæpa viku. „Þetta er mjög stórt nafn og merkilegur karl. Það eru nokkrir aðilar sem ætla að sjá um hann og sjá til þess að hann fái að kynnast landi og þjóð,“ segir Ágúst Kr. Steinarsson, stjórnarmeðlimur Íslenska alpafélagsins.

Á mánudag heldur House fyrirlestur og myndasýningu um ævintýri sín auk þess sem hann ætlar að fara í fjallgöngur, ísklifur og margt fleira. House hlaut Gullnu ísöxina (Piolet d'Or) árið 2005 ásamt klifurfélaga sínum, Vince Anderson. Verðlaunin hlutu þeir fyrir að klifra hið hrikalega Rupal fés á Nanga Parbat (8.125 m) í Pakistan án allrar utanaðkomandi aðstoðar. Áherslur House af fjallamennsku einkennast af virðingu fyrir náttúrunni auk þess sem hann leggur áherslu á að ferðast hratt með lítinn farangur og skilja engan búnað eftir á fjallinu.

Að sögn Ágústs eru fimm til sex hundruð manns skráðir í alpafélagið, þar sem áhersla er lögð á jaðarsport á borð við ísklifur, fjallgöngur og skíðamennsku. „Við bjóðum upp á námskeið fyrir okkar félagsmenn í öllum greinum sem falla undir okkar áherslur. Við höldum líka árlegar myndasýningar þar sem við sýnum stuttmyndir af köppum sem eru í þessu sporti,“ segir hann.

Ágúst vill ekki meina að klifur sé erfitt sport. „Rétt eins og fólk getur labbað upp tröppur getur fólk alltaf fundið eitthvað til að klifra. Þetta er fyrir alla og fólk finnur bara það sem hentar því.“

AFMÆLI

**Jakob L. Kristinsson**, dósent í eiturefnafræði, er 64 ára í dag.



**Halldór Runólfsson** yfirdýralæknir er 59 ára í dag.





**Aðalsteinn Ingólfsson** listfræðingur er 59 ára í dag.



**Anna Kristine Magnúsdóttir** blaðakona er 54 ára í dag.



**50 ára**
er í dag

**Margrét Jónsdóttir**

ferðafræðingur og jógakennari

Tunguási 6, Garðabæ.

**ÞETTA GERÐIST: 7. MARS 1942**

## Löggan lemur mótmælendur


MARTIN LUTHER KING

Fyrir 42 árum upp á dag réðist 200 manna lögreglulið á 500 manna kröfugöngu svartra og hvítra í Alabama í Bandaríkjunum, þar sem krafist var aukinna mannréttinda. Tugir urðu fyrir meiðslum af vegna valdbeitingar lögreglu. Ríkisstjórinn hafði gefið skipun um að stöðva skyldi gönguna „til að tryggja öryggi almennings“. Mótmæli sem fram fóru í janúar og febrúar 1965 voru barin niður með valdi, en þar lést meðal annars baráttumaðurinn Jimmy Lee Jackson.

Tveimur dögum eftir ofbeldisverkin stóð dr. Martin Luther King fyrir annarri göngu. Hópur hans féll á kné og bað til guðs fyrir framan lögregluliðið sem stöðvaði gönguna, en ekki kom til átaka í það skipti. Dr. King höfðaði síðan mál fyrir alríkisdómi þar sem hann vildi fá viðurkenndan rétt fólks til að ganga fylktu liði til Montgomerys. Hinn 21. mars fór svo fram þriðja og síðasta gangan, þá undir vernd lögreglu. Í lok göngunnar voru fleiri þúsund manns viðstaddir mótmælafund og í ágúst sama ár var kosningalögum breytt þannig að bannað var að viðhafa ólíkar aðferðir á kjörstað eftir litarhafti eða kynþætti kjósenda.

# lifra eitthvað


**ÁGÚST KR. STEINARSSON** Ágúst bíður spenntur eftir komu Steve House hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afmælisfjallganga verður haldin á á sunnudag þegar farið verður á Skessuhorn. „Fyrsta ferðin sem var farin í þessu félagi árið 1977 var á þetta fjall. Við ætlum að fjölmenna á afmælisdaginn og það er opið öllum. Við ætlum að reyna að fá merka menn til að vera með leiðsögn og við ætlum að fara mismunandi leiðir og hafa góða fjölbreytni. Þetta verður vonandi mjög skemmtileg ferð.“ Helgina 16. til 18. mars verður síðan haldin Telemark-hátíð á Akureyri þar sem keppti verður í hinum ýmsu greinum. Nánari upplýsingar um Íslenska alpafélagið má finna á isalp.is.

freyr@frettabladid.is

### ÞÓRUNN FÓR Á BÓKAMARKAÐ



Þórunn Erlu Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, fékk 5.000 krónur til að eyða á bókamarkaðnum í Perlunni. Hún keypti meðal annars þessar bækur.

**The Cat´s Eyes og Alias Grace eftir Margeret Atwood.** „Ég fór í krókinn til Braga bóksala og keypti nokkrar hljóðbækur. Þegar maður vinnur við að skrifa hefur maður oft ekki orku í að lesa á kvöldin. Atwood hitti ég þegar hún kom hingað á bókmenntahátíð og langaði til að kynna mér hennar verk.“

**How the Irish Saved Civilization eftir Thomas Cahill.** Ég hafði lesið þessa en hún er bara svo góð. Ég reyni eins og ég get að fylgjast með hvað er á seyði í fræðunum annars staðar en á Íslandi.

**Walden eftir Henry David Thoreau.** Sonur minn er kominn með þessa og byrjaður að hlusta á.

**The Life of Thomas Moore eftir Peter Ackroyd.** Þessar hljóðbækur ættu að duga mér út skammdegið. Það tekur mig oft óratíma að sofna á kvöldin og þær eru því kærkomnar. Að auki fékk ég þrjár bækur á prenti, þar á meðal Ritgerðir og pistla Sigfúsar Daðasonar.

MINNINGARSJÓÐUR
MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR
AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM
- FYRRI ÚTHLUTUN 2007-

Markmið sjóðsins eru að stuðla að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef sjóðsins
**www.minningmargretar.is**

Umsóknir þurfa að berast í pósti fyrir 21. mars 2007.
Umsóknir skulu merktar: Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur,
pósthólf 4180, 124 Reykjavík



SJÁUMST
á landsfundi í Laugardalshöll 12.- 15. apríl

Geir H. Haarde
formaður

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
varaformaður

www.xd.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN




# STUÐ MILLI STRÍÐA VÍRUSINN OLLI ÞRIGGJA TÍMA HUGARANGRI

**INGI F. VILHJÁLMSSON** FÉKK SENDAN DAUÐADÓM ÚR PÓSTHÓLFI ÚR KENNARAHÁSKÓLANUM



Ég var á netkaffihúsi í Salamanca á Spáni þegar ég fékk skeyti úr pósthólfi stúlku sem var nemandi í Kennaraháskóla Íslands. Í póstinum stóð: „You´ve got the virus.“

Þetta var um eftirmiðdag að vori: Spánarmollan var komin. Pólóbolurinn límdist við bakfituna á mér í stólnum fyrir framan tölvuna. Það er vont að vera feitur, sveittur og vænisjúkur í hitastækju. Ég lokaði pósthólfinu og gekk heim. Hvað er stelpan að segja mér?

Ég lagðist í rúmið mitt og hélt áfram að hugsa um tölvupóstinn. Á endanum áttaði ég mig: Stelpan var að segja mér að ég væri með HIV.

Hún var vinkona gamallar kærustu sem hafði smitað mig. Kærastan þorði ekki að hafa samband við mig sjálf af ótta við að ég yrði brjálaður af reiði. Pósturinn var á ensku af því að ég hefði getað þekkt stíl vinkonunnar og hann var auðvitað ekki undirritaður. Ég átti ekki að komast að því hver gamla kærastan var. En hún gat ekki fengið það af sér að segja mér ekki frá dauðadóminum; hún vildi ekki hafa tvö líf eða fleiri á samviskunni.

Eftirleikurinn var auðveldur. Ég ætlaði að fljúga til Íslands daginn eftir og segja foreldrum mínum fréttirnar. Svo ætlaði ég að nota tímann og ferðast til allra landanna sem ég hafði ekki komið til. Fyrst ætlaði ég að fá staðfestingu á því sem ég vissi; ég þurfti að hringja í vinkonuna.

Ég fór aftur á netkaffihúsið og fann símann hennar. „Já, sæl. Þetta er Ingi Vilhjálmsson hérna. Þú varst að senda mér tölvupóst.“ „Ha, nei,“ sagði stelpan. „Skeytið kom úr pósthólfinu þínu,“ sagði ég. „Heldur þú að þetta hafi ekki bara verið tölvuvírus,“ sagði hún. – Mér hafði ekki dottið það í hug. Ég þakkaði stúlkunni kærlega fyrir upplýsingarnar og lagði á. Mér var létt. Tölvuvírusinn hafði orðið að HIV-vírusi í huganum á mér: Martröð sem endaði í myrkri.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










Skámáni kynnir:
KILLER JOE
Frábærar viðtökur!
★★★★
Fréttablaðið
"...upplifunin var eiginlega brjálæðisleg."
Tímarit M&M
"Björn Thors...var hreint og beint magnaður."
Víðsjá
"Unnur Ösp verður lengi í minnum höfð fyrir Dottie"
Tímarit M&M
"...eitthvað nýtt á íslensku leiksviði "
Morgunblaðið
"Maríanna Clara túlkar Shörlu frábærlega "
Fréttablaðið
"Þröstur Leó...meistarlegur leikur."
Tímarit M&M
"Björn Thors er frábær í hlutverki leigumorðingjans."
Fréttablaðið
"Mest mæðir á Unni Ösp og Birni Thors...
og þau eru satt að segja bæði æðisleg."
Tímarit M&M
"Leikhópurinn glansar"
Fréttablaðið
www.killerjoe.blog.is
Næstu sýningar:
Fim. 8.mars
Fös. 9.mars
Lau. 10.mars
Miðasala: 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.midi.is
skámáni
Landsbankinn
BORGARLEIKHÚSIÐ
Tilboðsverð til Vörðu- og Námufélaga kr. 1.900 á fyrstu 10 sýningarnar




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 11/3 kl. 14:00 uppselt, sun. 18/3 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýning **þri. 6/3 nokkur sæti laus.** Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn.**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Sun. 11/3 örfá sæti laus, mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.

**Ímyndunarveikin** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
**Þri. 6/3 kl. 17:00 örfá sæti laus.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** lau. 17/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **nokkur sæti laus**.
**Takmarkaður sýningafjöldi.**

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**

# Æviferill Sigurjóns opinn

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hefur opnað heildarskrá yfir verk listamannsins í vefrænu formi á heimasíðu safnsins, www.lso.is. Heildarskrá listaverka Sigurjóns Ólafssonar hefur verið í vinnslu í yfir tvo áratugi og nær yfir öll þrívíð listaverk sem vitað er með vissu að Sigurjón gerði. Nú eru skráð 624 verk og fylgja ljósmyndir 537 þeirra. Er þetta fyrsta heildarskrá myndlistarmanns á Íslandi sem birt hefur verið á netinu.**



**MYNDLIST SIGURJÓNS Á NETINU** Brautryðjandaverk fer fram í safni Sigurjóns með því að nýta tækni vefjarins til að byggja heildstæða skrá og aðgengilega um öll hans verk sem eru þekkt.

„Catalogue raisonne“ eru þær skrár kallaðar sem gerðar eru með bestu yfirsýn og þekkingu um verk einstakra listamanna. Þær eru grundvallarverk fyrir almenning sem hefur áhuga á starfsferli listamannsins, listfræðinga sem vinna að rannsóknum á viðkomandi eða öðrum listamönnum sem honum tengjast. Jafnframt eru þær nauðsynlegar þeim sem vilja fjárfesta eða eignast verk eftir viðkomandi. Víða um lönd eru slík verk gefin út í bókarformi með ærinni fyrirhöfn og kostnaði. Þar eru ljósmyndir í lit af verkunum hans, stærðarhlutföll og efnislýsing. Tilurð verksins rakin ef mögulegt er og það tímasett, tilgreind sýningarsaga þess, bæði á einkasýningum og samsýningum, heima og heima. Afdrif verksins hafi það glatast á einhverjum tíma, umfjöllun um það rakin ef til er og loks eignarstaða, sem vísar þá til eigenda ef um opinbera aðila er að ræða eða það tilgreint í einkaeign sem oft eru viðkvæmar upplýsingar og því ekki getið nafns eigenda nema um sé að ræða þekkta einkasafnara.

Galli við slíkar skrár í bókarformi hefur reynst sá að þær þarf að uppfæra með viðbótarútgáfum, upplag af slíkum bókverkum er ekki stórt alla jafna og því er oft erfitt að komast yfir slík verk um stærri listamenn. Þannig var Catalogue raisonne um olíuverk Asger Jorn í þremur bindum gefinn út fyrir fáeinum árum í Danmörku en er nú löngu orðinn ófáanlegur og selt erlendis á um hundrað þúsund íslenskra króna. Stór skrá var gefin út fyrir fáum árum um Dieter Roth og verk hans og yfirlitsverk eru til um Erró. Ekki er að efa að slíkt verk um Svavar Guðnason og verk hans hefði komið í veg fyrir þær falsanir sem tóku að birtast á síðasta áratug á markaði. Aðrar bókskrár en þessar eru ekki til um íslenska listamenn. Enda bók ekki lengur sama gagn og fyrr.

Vefurinn hefur gerbreytt þessu ástandi og nú er hægt að setja upp slíkar skrár á vef stærri safna eða gallería og uppfæra þá reglulega eftir heimtum. Starfsfólk Listasafns Sigurjóns óskar eftir samvinnu við þá sem eiga listaverk eftir Sigurjón, eða vita af þeim, að skoða viðkomandi skráningu á vef safnsins og senda safninu viðbætur og leiðréttingar eftir því sem við á. Sérstaklega er bent á þann kost fyrir eigendur verka Sigurjóns að fá verk sín staðfest af starfsliði safnsins. Framtak safnsins er hið merkasta og til fyrirmyndar.

Það er hlutverk stóru íslensku safnanna að láta vinna slíkar skrár, fyrst út frá eigin safneign og síðan skref fyrir skref í tengslum við skráningu verka og myndun úr einkaeign þegar saman eru teknar stærri yfirlitssýningar um íslenska listamenn eins og nú eru í undirbúningi um Jóhann Briem og Jón Engilberts. Þær eiga að vera aðgengilegar á neti.

Að sögn nýskipaðs forstöðumanns Listasafns Íslands, Halldórs Björns Runólfssonar, er stefnt að því að safneign þess verði brátt aðgengilega á neti og eru viðræður í gangi við Myndstef um það þjóðþrifamál. Halldór segir eðlilegt að hugað sé að því að aðrar skrár safnsins um einstaka listamenn og verk þeirra verði í framtíðinni hluti af þessum feng. Meðan biðstaða er í þessu framfaramáli fyrir almenning, listamenn og rétthafa, geta menn skoðað feril Sigurjóns Ólafssonar á vefslóðinni www.lso.is. Í vetur er Listasafn Sigurjóns opið laugardaga og sunnudaga kl. 14-17.

pbb@frettabladid.is




# Hljómfagur hvalreki

Danski sellóleikarinn Erling Blöndal Bengtsson heldur tónleika í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit í kvöld ásamt píanóleikaranum Ninu Kavtaradze og Einari Jóhannessyni klarinettuleikara.

Erling er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur en hann hefur haldið reglulega tónleika hér á landi um áratugaskeið enda á Ísland sérstakan stað í hjarta hans og hann á hingað rætur að rekja. Á tónleikunum í kvöld leikur hann ásamt tengdadóttur sinni en þau héldu einnig tónleika hér á landi fyrir fjórum árum.

Hann var aðeins þriggja ára þegar faðir hans kynnti hann fyrir sellóinu og ári síðar var hann farinn að koma fram á tónleikum. Sextán ára var honum veitt innganga í einn virtasta tónlistarskóla Bandaríkjanna, Curtis Institute of Music í Fíladelfíu, og varð nemandi hins heimsfræga sellósnillings Gregors Píatígorskís. Erling hefur komið fram sem einleikari víða um heim og leikið með flestum af fremstu hljómsveitum veraldar og hefur hljóðritað yfir 50 hljómplötur og geisladiska. Hann hefur enn fremur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir leik sinn.



**SELLÓLEIKARINN ERLING BLÖNDAL BENGTSSON** Hélt sína fyrstu tónleika hér á landi árið 1946. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Á efnisskrá tónleikanna í kvöld eru verk eftir Ludwig van Beethoven, Johannes Brahms og Dímítríj Sjostakovitsj.

Tónleikar hefjast kl. 20.30.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

4 5 6 **7** 8 9 10

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

12.30 **Ármann Helgason, Auður Hafsteinsdóttir** og **Örn Magnússon** flytja verk fyrir klarínettu, fiðlu og píanó á **háskólatónleikum** í **Norræna húsinu**. Fyrra verkið er Svíta eftir franska tónskáldið **Darius Milhaud** en það síðara er Tríó eftir armenska tónskáldið **Aram Khatchaturian**. Bæði verkin eru samin rétt eftir 1930 og eru með vinsælli kammerverkum tónskáldanna.

### LEIKLIST

20.00 Leikfélag **Menntaskólans í Reykjavík**, **Herranótt**, sýnir verkið **DJ Lilli** í **Loftkastalanum**. Leikstjóri er **Ólafur Egill Egilsson.**

### FYRIRLESTRAR

20.00 **Félagið Ísland-Palestína** sýnir heimildamyndina **Sófakynslóðin** á opnum fundi í **Friðarhúsinu**, Njálsgötu 87. **Egill Bjarnason**, 18 ára Selfyssingur sem nýlega kom heim úr tæplega fjögurra mánaða dvöl í **Palestínu**, segir frá sjálfboðaliðastarfi sínu á herteknu svæðunum í máli og myndum. **Sveinn Rúnar Hauksson**, formaður Félagsins Ísland-Palestína, mun einnig vera með tölu á fundinum um ástandið í Palestínu í dag.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 Nú stendur yfir sýning **Kristínar Guðmundsdóttur, Barnslegar minningar + löstur mannsins,** á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær.

# Heinesen í heimsókn

**Á morgun verður opnuð sýning á málverkum og vatnslitamyndum færeyska myndlistarmannsins Zachariasar Heinesen í Hafnarborg. Verða þar uppi yfir þrjátíu verk og eru þau mörg til sölu.**



**ZACHARIAS HEINESEN VIÐ VERK SÍN** Sýning hans í Hafnarborg stendur til 9. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Zacharias er kunnur hér á landi af verkum sínum en hann hefur sýnt hér áður bæði á samsýningum færeyskra listmanna og á sérsýningum, síðast í Gallerí Borg 1993. Hann átti verk á samsýningum hér síðast 2005 í Hafnarborg, en þar áður 1998, 1983 og 1961. Zacharias Heinesen á sér margar hliðar sem myndlistarmaður. Hann teiknar og málar olíu- og vatnslitamálverk ásamt því að gera bókaskreytingar, litógrafíur, tréristur og klippimyndir. Zacharias hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum. Verk eftir hann eru í eigu erlendra og íslenskra safna. Hann hefur einnig skreytt opinberar stofnanir og verk hans farið á færeysk frímerki og opinberar byggingar.

Zacharias Heinesen fæddist 1936 í Þórshöfn í Færeyjum og er sonur rithöfundarins William Heinesen. Hann nam við Myndlistarskóla Reykjavíkur hjá Sigurði Sigurðarsyni í eitt ár, en stundaði síðan nám við Listaháskólann í Kaupmannahöfn frá 1959 til 1963. Hann kom sér upp vinnustofu í Þórshöfn þaðan sem sér vítt yfir bæinn og hefur útsýnið veitt honum endalaus viðfangsefni. Árið 1986 hlaut Zacharias Heinesen heiðursverðlaun Henry Heerup og frímerki skreytt myndum eftir hann voru gefin út í Færeyjum árið 2001. Zacharias Heinesen dvaldi í gistivinnustofu Hafnarborgar árið 2005.

Sýningin ber heitið ZH06 og var sett upp í Listahöllinni í Þórshöfn í fyrra. Henni fylgir falleg sýningarskrá sem geymir greinarstúfa um listamanninn eftir þau Inger Smærup Sörensen, Gunnar Hoydal, Bárð Jakúpsson, Bent Ivre og Kinnu Poulsen. Þar eru ágætar lýsingar á eigindum Zachariasar, áhrifavöldum hans og þroska. Hann verður að telja einn merkilegasta málara frænda okkar nú um stundir og ættu áhugamenn um myndlist ekki að láta þessa sýningu framhjá sér fara.

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og á fimmtudögum er opið til kl. 21. Síðasti sýningardagur er sunnudagur 9. apríl. Frítt er í hafnfirsk söfn í boði Glitnis. - pbb


„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 9/3 kl. 20 Síðasta sýning

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 11/3 kl. 22 Sun 18/3 kl. 20
Sun 25/3 kl. 20 Sun 1/4 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. Lau 10/3 kl. 14 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Mið 4/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 Fim 5/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 14 Mán 16/4 kl. 21
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Þri 13/3 kl. 20 150.sýning! Síðasta sýning

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20
Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

**DAGUR VONAR**
Fim 8/3 kl. 20 UPPS. Fös 9/3 kl. 20 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20
Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 11/3 kl.14 Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 8/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Lau 10/3 kl. 20 Mið 14/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Síðustu sýningar

BORGARLEIKHÚSIÐ




**LÆRDÓMUR Í LEIKHÚSI** Febrúarmánuður var helgaður ungu fólki í Borgarleikhúsinu en fjölmargir þekkja innviði hússins ágætlega. Til dæmis þátttakendur í hæfileikakeppnum grunnskólanna, Skrekk, sem haldin hefur verið í húsinu.

# Ungt fólk á listabraut

Borgarleikhúsið fékk góða gesti í liðnum mánuði en þá voru dyr hússins opnaðar ungu fólki sem vildi kynna sér leikhúsmiðilinn. Forsvarsmenn leikhússins hvetja þannig til þess að ungt fólk kynnist ekki aðeins skemmtuninni heldur læri einnig að þekkja leikhúsið sem farartæki fyrir skoðanir, tilfinningar og baráttumál.

Nemendur þriggja skólastiga tóku þátt í verkefninu og komu hópar úr Háteigsskóla, Borgarholtsskóla og leiklistardeild Listaháskólans í heimsókn og kynntust starfsemi hússins, og ræddu þar við listamenn um leikhúsið, möguleika þess, áhrifamátt og fjölbreytileika. Eftir þessa kynningu unnu hóparnir þrír frumsamin verkefni sem sýnd verða á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld kl. 20.

Í tengslum við verkefnið var einnig efnt til örleikritunarsamkeppni fyrir ung leikskáld. Þátttakendur yngri en 25 ára eru hvattir til þess að skila inn verki eða hugmynd fyrir kl. 17 í dag. Verkin mega ekki vera lengri en 5.000 slög eða um það bil tvær síður. Verkunum skal skilað í fjórum eintökum merktum höfundinum, aldri, skóla, heimilisfangi og síma.

Milli kl. 13-17 verður tekið á móti hugmyndum í forsal leikhússins og mun dómnefndin sitja við lestur í allan dag. Sá heppni hlýtur að launum árskort fyrir tvo í leikhúsið. Úrslitin verða kunngjörð í lok dagskrárinnar.

Þess má einnig geta að Leikfélag Reykjavíkur býður börnum, 12 ára og yngri, frítt á leiksýningar, aðrar en barnasýningar og söngleiki, séu börnin í fylgd forráðamanna.


Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna



**Máttur á milli landa**
**– beislum mannauðinn!**

**Fundur á Grand Hótel Reykjavík – Hvammi**
**Fimmtudaginn 8. mars 2007 kl. 11.45 – 13.00**

- ***Gáttin að velgengni í nýju landi – mikilvægi mentorsins***
  *Gunhild Riske, mannfræðingur frá Danmörku – erindið verður flutt á ensku*
- ***Óskráður mannauður á vinnumarkaði***
  *Sigrún Jóhannesdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*
- ***Konur og stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda***
  *Sæunn Stefánsdóttir, formaður innflytjendaráðs*

*Fundarstjóri: Amal Tamimi frá Alþjóðahúsi*

*Í upphafi fundar er framreidd súpa, gratinerað brauð og kaffi. Verð 1.750 kr.*

*Að fundinum standa: ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa*

GIANNI SCHICCHI
Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA

**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**
Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning mið. 21. mars kl. 20**
2. sýn. sun. 25. mars **kl. 17**
2. sýn. þri. 27 mars kl. 20
3. sýn. fim. 29. mars kl. 20

*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Íslensk Anna Nicole braut fánalög

**Miss Hawaiian-Tropic keppnin var haldin á Nasa á laugardaginn en þar kepptu tíu stúlkur um hylli dómnefndar. Bikiní eins keppandans vakti athygli enda skrýddist hún íslenska fánanum.**

„Forsætisráðuneytið hefur ekki gefið leyfi fyrir notkun fánans með þessum hætti og gerir það ekki nema með alveg sérstökum undantekningum," segir Þórhallur Vilhjálmsson í forsætisráðuneytinu um það atvik að einn keppenda í Miss Hawaiian Tropic síðasta laugardag, Anna Nicole Grayson, kom fram í forláta-bikiníi sem hannað var í íslenska fánanum. Engar kvartanir hafa borist til forsætisráðuneytisins en Þórhallur telur nokkuð víst að þarna hafi fánalögin verið brotin.

„Þetta ætti að vera eitthvað sem fólk gæti kært til lögreglu enda varða brot á fánalögum við refsingu eða fjársektum og kemur til kasta lögreglu," útskýrir Þórhallur.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Hawaiian-Tropic, kom af fjöllum þegar Fréttablaðið bar undir hana þetta hugsanlega lagabrot. „Stúlkurnar fengu það hlutverk að hanna bikiní með íslensku þema og ég hafði ekki séð þau áður en keppendurnir klæddust þeim," útskýrir Ásdís sem þótti það auðvitað miður ef þarna hefðu einhver lög verið brotin.

„Hugmyndin kom bara af sjálfu sér og ég vissi reyndar ekki að þetta gæti brotið í bága við lög," segir Anna Nicole Grayson sem hannaði bikiníið og klæddist því í keppninni. Hún segir að engin þeirra sem saumuðu bikiníið hafi gert athugasemdir við notkunina á fánanum.

Íslensk fánalög eru ákaflega ströng og skýr og eru fordæmi fyrir því að hópar og einstaklingar hafi verið dæmdir fyrir að virða reglur um notkun á honum að vettugi. Í 12. grein fánalaga stendur meðal annars að: „Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki. Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar."

freyrgigja@frettabladid.is



**ÞYKIR ÞETTA MIÐUR** Ásdísi Rán þótti miður ef einhver lög hefðu verið brotin á laugardaginn.



**ÍSLENSKI FÁNINN** Anna Nicole klæddist þessu bikiníi sem vakið hefur mikla athygli og gæti verið lögbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Lindsay á djamminu

Lindsay Lohan fór út að skemmta sér í Los Angeles um helgina, aðeins nokkrum vikum eftir að hún kom úr meðferð. Leikkonan unga þótti líta fremur tuskulega út, var óvenju grönn og var með risastór sólgleraugu til að hylja andlit sitt. Til Lindsay sást á hóteli í LA eftir að hún kom af skemmtistaðnum Teddy's sem hún stundar reglulega. „Hún leit ekki vel út en ég veit ekki hvort hún var að drekka," sagði einn hótelgestanna.



**LINDSAY LOHAN** Enn á djamminu í Los Angeles.




ENNEMM / SÍA / NM25562



**UNNUR OG GARÐAR** Unnur Birna hefur haft í nógu að snúast síðan hún krýndi arftaka sinn.

# Unnur í myndbandi með Garðari Thor

Alheimsfegurðardrottningin fyrrverandi, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, leikur í nýjasta myndbandi Garðars Thors Cortes við lagið Luna en ráðgert er að það verði tekið til sýningar í Bretlandi á næstunni. Myndbandið var tekið upp í óspilltri náttúru Íslands og má meðal annars sjá Unni Birnu uppi á jökli. Jafnframt var söngkonan Heather Small Garðari til halds og trausts en einhverjir tónlistaráhugamenn ættu að kannast við hana úr hljómsveitinni M-People sem gerði lagið One Night in Heaven nánast ódauðlegt á skemmtistöðum landsins.

Blaðamaður frá sjónvarpsstöðinni Classic FMTV fylgdist með upptökum myndbandsins og að sögn Einars hélt sá ekki vatni yfir náttúrufegurðinni og myndbandinu en í bígerð er klukkutímalangur þáttur um Garðar Thor og feril hans.



**Í NÁTTÚRU ÍSLANDS** Unnur Birna harkaði af sér kulda og trekk fyrir myndbandið.

- fgg










## SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE NUMBER 23 | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| THE LAST KING SÝND Í LÚXUS | kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| GHOST RIDER | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS | kl. 8 og 10.30 SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 4 og 4.45 STUTTMYND |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

## REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| NOTES ON A SCANDAL** | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| PAN'S LABYRINTH** | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE** | kl. 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45 B.I. 12 |

**SÍÐUSTU SÝNINGAR

## Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SMOKIN' ACES | kl. 6, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| THE NUMBER 23 | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| GHOST RIDER | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Gwyneth Paltrow** hittir aðrar frægar mæður reglulega svo börnin þeirra geti leikið sér saman. Gwyneth og eiginmaðurinn **Chris Martin** eiga börnin Apple og Moses, sem fá oft að leika sér við börn **Stellu McCartney** og **Madonnu** og **Guy Ritchie**. „Þetta er fyrirkomulag sem hentar okkur öllum,“ segir Gwyneth.



**Nicole Kidman** hefur undanfarið varið tíma sínum í að læra hvernig kálfar eru geldir. Í væntanlegri mynd leikkonunnar, Ástralíu, leikur hún enska hefðardömu sem erfir nautgripabú í Ástralíu. Þó að ekki sé víst hvort Kidman muni gelda kálfa í myndinni segir hún betra að vera við öllu búin.



**Christian Bale**, sem þekktur er fyrir leik sinn í Batman Begins og American Psycho, segir að hann myndi eingöngu taka að sér hlutverk í rómantískri gamanmynd ef hann væri heimilislaus og mjög örvæntingarfullur. Bale kveðst vilja alvörugefnari hlutverk en svo, og segist þar að auki aldrei hafa haft gaman af rómantískum gamanmyndum.



**Jared Leto** komst í hann krappan með hljómsveit sinni, 30 Seconds to Mars, á dögunum. Á tónleikum í Texas stökk Leto út í áhorfendaskarann. Fólksfjöldinn réðst að honum með þeim afleiðingum að Leto nefbrotnaði og meiddist á fæti og í andliti. Leto kláraði þó tónleikana, og sagði þá hafa verið með þeim betri sem hann hefur leikið á.

AANG MEST SPENNAN






Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PARIS, JE T'AIME | kl 17:45 - 20:00 - 22:20 | | LETTERS FR.. | kl. 5:30-8-10:40 | B.i. 16 |
| ASTERIX ET OBELIX | kl.17:45 | | PERFUME | kl. 8 | B.i. 12 |
| LE PETIT JERUSALEM | kl.20:00 | | DREAMGIRLS | kl. 8 | Leyfð |
| LES AMANTS RÉGULIERS | kl.22:15 | | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| BREAKING AND E.... | kl. 10:40 | B.i. 12 | BABEL | kl. 5:30 - 10:40 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | ALPHA DOG | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| SMOKIN' ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.16 | THE BRIDGE TO... | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 8 - 10:20 | B.i.12 | VEFURINN HE.. m/ísl. tali | kl. 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 3:40 | Leyfð |
| | | | SKOLAÐ Í .. m/ísl. tali | kl. 3:40 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 8:30-10-10:30 | LEYFÐ | DIGITAL |
| BLOOG DIAMOND | kl. 10:40 | B.i. 16 | DIGITAL |
| THE BRIDGE TO TER... | kl. 6 | LEYFÐ | |
| VEFURINN HE... m/ísl. tali | kl. 6 | LEYFÐ | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| BREAKING AND... | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE BRIDGE TO... | kl. 6 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 10:10 | B.i. 16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Cameron Diaz** hefur komið víða við á síðustu dögum. Fyrir viku sást til hennar með leikaranum **Djimon Hounsou** úr myndinni Blood Diamond. Síðastliðna helgi birtist leikkonan svo með nýjan dökkan prins upp á arminn, en hún sást láta vel að fyrirsætunni **Tyrese Gibson** á bar í Los Angeles.

Eftir að **Jake Gyllenhaal** og **Reese Witherspoon** sáust yfirgefa sama hús í New York á dögunum velta margir því fyrir sér hvort þar sé komið nýjasta parið í Holllywood. Gyllenhaal og Witherspoon stigu út úr húsinu sitt í hvoru lagi, en fóru af staðnum í sama bíl. Þau hafa þekkst síðan að þau léku saman í myndinni Rendition, og segja þeir sem til þekkja að Gyllenhaal hafi reynst Witherspoon vel í skilnaði hennar við Íslandsvininn **Ryan Philippe**.



**Kanye West** býður samstarfsmönnum sínum bara upp á það besta. Fyrir kvöldmáltíð með nánasta samstarfsfólki sínu í gær lét rapparinn sækja bæði kokk og mat til Wales. Veitingastaðurinn The British Raj í Wales hefur getið sér svo gott orð að West réð matreiðslumeistara þeirra til starfa án þess að hafa smakkað matinn sjálfur. Talið er að fyrirkomulagið hafi kostað um 300.000 krónur.



Samkvæmt nýrri bók **Judy Gibson**, sem rak vændishús í Hollywood, er **Ben Affleck** á meðal þeirra sem heimsóttu vændiskonur hennar. Bókin kom út fyrir viku síðan, og í henni nefnir Gibson tólf fyrrum viðskiptavini. Fyrir utan Affleck má þar finna nöfn **Bruce Willis** og leikarans **Gary Busey**. Affleck hefur ekki svarað ásökunum, og lögfræðingur Willis segir þær lygi.




Stálgrindarhús • Vélar og tæki • Hellur • Byggingarvörur • Múrvörur • Málning • Pípulagnir • Gólfefni

DI VALKOSTURINN

mest – allt til bygginga



MEST við Norðlingabraut 12 er nýr og glæsilegur valkostur fyrir fagaðila í byggingariðnaði og fólk í framkvæmdum. Hjá MEST færðu leiðbeiningar og aðstoð reyndra fagmanna og allt sem þú þarft til lóðaframkvæmda, bygginga og viðhalds.

Enginn býður þér meira en MEST - kíktu til okkar í Norðlingaholtið.

ENNEMM / SÍA / NM25562

MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík / Bæjarflöt 4, Reykjavík / Norðlendingaholti, Reykjavík / Bæjarhraun 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði / Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

## > Marel skoraði á La Manga

Marel Baldvinsson skoraði fyrra mark Molde í 2-0 sigri liðsins á MyPa frá Finnlandi á æfingamóti á La Manga á Spáni í gær. Marel lagði einnig upp síðara mark liðsins en hann lék allan leikinn í gær. Guðjón Baldvinsson var í byrjunarliði Álasunds sem lék einnig í sama æfingamóti gegn HamKam í gær. Hann var ekki nema tvær mínútur að ná sér í gult spjald en honum var skipt af velli í hálfleik. Haraldur Freyr Guðmundsson lék allan leikinn fyrir Álasund sem vann leikinn, 4-1. Guðjón er nú til reynslu hjá félaginu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON:** STJÓRNAR KVENNALANDSLIÐINU Í FYRSTA SINN Í KVÖLD

# *Fáum alvöruandstæðing í fyrsta leik*

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu spilar í dag sinn fyrsta leik undir stjórn nýs landsliðsþjálfara, Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar. Liðið er komið til Portúgals þar sem liðið tekur þátt í Algarve Cup í þriðja sinn og fyrsti leikurinn er gegn Ítölum. „Þetta verður erfiður leikur á móti Ítalíu sem er númer þréttán á heimslistanum. Maður rennir tiltölulega blint í sjóinn með mótherjana því það er ekki eins og ég hafi legið yfir vídeó-spólum með liðunum. Ég hef meiri áhyggjur af liðinu mínu núna,“ segir Sigurður Ragnar.

„Ég reikna með að við spilum 4-3-3 á morgun og við munum líka prófa að spila 4-4-2 í þessari ferð. Það eru þessi tvö helstu leikkerfi sem við erum að spá í. Þetta er annars frábært tækifæri til þess að þróa liðið áfram. Við fáum þarna fjóra leiki á tíu dögum og það er gríðarlega mikilvægt að geta verið með hópinn saman í svona langan tíma. Stelpurnar þurfa að kynnast okkur þjálfurunum og við þeim og við þurfum að sjá hvernig þær ná saman í hóp. Þetta er mikilvæg ferð til að byggja upp liðsandann og fara yfir taktík og skipulag. Við getum vonandi nýtt þessa ferð sem best þannig að við séum klár með liðið í lok maí,“ segir Sigurður Ragnar sem er með tuttugu leikmenn í hópnum. „Ég er búinn að segja við allar stelpurnar að þær fái allar tækifæri til þess að spila í þessari ferð en kannski mismikið. Ég valdi þær til þess að skoða þær í leikjum en ekki til þess að hafa þær í hóp,“ segir Sigurður sem hefur valið Katrínu Jónsdóttur sem fyrirliða liðsins. „Við erum heppin með það að við erum með marga leiðtoga í liðinu og ég er með Katrínu sem fyrirliða í þessari ferð. Við sjáum síðan hvernig það gengur,“ segir Sigurður sem er klár í slaginn fyrir sinn fyrsta landsleik. „Það er mjög spennandi að fara inn í þennan fyrsta leik og við fáum líka alvöru andstæðing í fyrsta leik. Ég er mjög spenntur að sjá hvernig liðinu gengur. Þetta eru allt mjög góðar knattspyrnukonur og það er vonandi að liðið nái vel saman og við náum að smella saman í þessari ferð,“ segir Sigurður.



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| GRÓTTA-FH | 25-25 |

*Meistaradeild Evrópu*

**16-LIÐA ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-BARCELONA | 0-1 |

0-1 Eiður Smári Guðjohnsen (75.).
Liverpool vann á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

| | |
|---|---|
| VALENCIA-INTER | 0-0 |

Valencia vann á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

| | |
|---|---|
| LYON-ROMA | 0-2 |

0-1 Francesco Totti (22.), 0-2 Mancini (44.).
Roma vann samanlagt, 2-0.

| | |
|---|---|
| CHELSEA-PORTO | 1-1 |

0-1 Quaresma (15.), 1-1 Arjen Robben (48.)., 2-1 Michael Ballack (79.).
Chelsea vann samanlagt, 3-2.

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| **AC MILAN-CELTIC** | **(0-0)** |
| ARSENAL-PSV EINDHOVEN | (0-1) |
| **BAYERN MÜNCHEN-REAL MADRID** | **(2-3)** |
| MANCHESTER UNITED-LILLE | (1-0) |

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Birgir til Kína

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson keppir á móti á Hainan-eyju í Kína í næstu viku en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni sem hann er þátttakandi í.

Hann hefur tekið þátt í þremur mótum á þessu tímabili og komist í gegnum niðurskurðinn í tveimur þeirra, síðast í Indónesíu.

**- esá**

# Mark Eiðs Smára dugði ekki til

**Liverpool sló út Evrópumeistara Barcelona þrátt fyrir 1-0 tap á Anfield í gær. Niðurstaðan er sanngjörn en heimamenn voru óheppnir að skora ekki í fyrri hálfleik. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sigurmarkið í gær.**

**FÓTBOLTI** Síðari umferð 16-liða úrslita Meistaradeildar Evrópu hófst í gær þar sem hæst bar leikur Evrópumeistara síðustu tveggja ára, Liverpool og Barcelona. Fyrrnefnda liðið vann 2-1 sigur í Barcelona í fyrri leiknum. Í gær unnu hins vegar Börsungar með marki varamannsins Eiðs Smára Guðjohnsen en það dugði ekki til. Liverpool komst áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Fyrri hálfleikur var að stærstum hluta eign Liverpool. Þeir áttu að nýta sér þau fjöldamörgu tækifæri sem leikmenn Liverpool fengu til að komast yfir í leiknum en þeir voru vissulega gríðarlega óheppnir.

John Arne Riise byrjaði á því að skjóta í slá og svo á 27. mínútu var gerð stórhríð að marki Börsunga. Valdes varði í tvígang frá Dirk Kuyt og Craig Bellamy og svo varði Carles Puyol skalla frá Riise á marklínu. Nokkru síðar gerði Valdes sig sekan um slæm mistök er hann hljóp út í teig til að hreinsa boltann en það gekk ekki betur en svo að hann lagði boltann fyrir Sissoko. Hann skaut að auðu markinu en boltinn hafnaði í slánni.

Liverpool stjórnaði leiknum algerlega fyrsta hálftímann. Síðasta stundarfjórðunginn lögðust heimamenn aftar á völlinn og reyndu að loka á allar hugsanlegar leiðir sem Börsungar gætu nýtt sér að marki sínu. Rafa Benitez, stjóri Liverpool, vissi vel að það yrði erfitt fyrir gestina að skora tvö mörk á Anfield og því lagði hann ofurkapp á að stöðva sóknir Börsunga.



**SKORAÐI Á ANFIELD** Eiður Smári Guðjohnsen átti góða innkomu í leik Liverpool og Barcelona í gær og skoraði eina mark leiksins. NORDIC PHOTOS/AFP

Stórstjörnur Barcelona áttu gríðarlega erfitt uppdráttar. Samuel Eto'o átti hörmulegan dag í sókninni, sem og Deco á miðjunni. Ronaldinho var týndur og fátt virtist ganga upp hjá Xavi. Iniesta og Messi reyndu en máttu sín lítils. Leikmenn Liverpool létu hins vegar engan bilbug á sér finna.

Þegar hálftími var til leiksloka skipti Rijkaard Eto'o út af fyrir Ludovic Giuly. Við það lifnaði sóknarleikur Börsunga eitthvað. Rijkaard vildi þó bæta um betur og skipti Eiði Smára inn á tíu mínútum síðar.

Þetta virkaði. Eiður Smári sýndi að hann átti að vera löngu kominn inn á þegar hann fékk sendingu inn fyrir vörn Liverpool frá Messi, lék á Reina og skilaði boltanum í netið. Glæsilegt hjá landsliðsfyrirliðanum.

Börsungar reyndu hvað þeir gátu til að skora annað mark sem þeir þurftu til að komast í fjórðungsúrslit. En það var frekar Liverpool sem var nærri því að jafna metin. Gerrard átti gott skot að marki og varamennirnir Pennant og Crouch unnu vel saman þegar skot þess síðarnefnda fór fram hjá af stuttu færi.

Það eru því enn og aftur vonbrigði hjá Eiði Smára í Meistaradeildinni. **eirikur@frettabladid.is**





*Það er engin ástæða til að láta sér líða illa.*
*Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.


Síðustu leikir 16-liða úrslita Meistaradeildarinnar:

# Hefna leikmenn Lille á Old Trafford?

**FÓTBOLTI** Fyrri leikur Lille og Manchester United hafði mikil eftirmál en enska liðið vann leikinn 1-0 á umdeildu sigurmarki Ryan Giggs sem tók þá aukaspyrnu án þess að leikmenn franska liðsins væru tilbúnir. Lille-menn hafa síðan keppst við að mótmæla frá því að þeir hótuðu því að ganga af velli strax eftir markið. Í kvöld fá þeir hins vegar tækifæri til þess að hefna sín inni á vellinum en um leið þurfa þeir að endurskrifa söguna því Manchester United hefur aldrei tapað fyrir frönsku liði á heimavelli.

Í kvöld kemur líka í ljós hvort mark Mark van Bommel tveimur mínútum fyrir leikslok verði afdrifaríkt fyrir leikmenn Real Madrid sem mæta til München með 3-2 sigur í farteskinu úr fyrri leiknum. „Áhorfendurnir geta verið okkar tólfti maður í leiknum,“ sagði Ottmar Hitzfeld, þjálfari Bayern, fyrir leikinn. „Við vitum að við verðum að skora annars er þetta búið,“ sagði Fabio Cannavaro hjá Real Madrid.

Arsenal gæti dottið út úr þriðju keppninni á tveimur vikum þegar liðið tekur á móti PSV Eindhoven en hollenska liðið vann fyrri leikinn 1-0 og nægir því jafntefli á Emirates-vellinum í kvöld.



**KLÁR** Wayne Rooney verður í eldlínunni með Man. Utd í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Það er óvíst hvort Thierry Henry getur spilað en það er ekkert nýtt fyrir Lundúnaliðið sem hefur verið án fyrirliða síns stærsta hluta tímabilsins.

Arsene Wenger sagði hins vegar að ef Henry væri klár myndi hann velja hann í liðið. „Þeir spila varlega og unnu okkur á skyndisókn í fyrri leiknum. Við verðum að skora sem fyrst.“

Síðasti leikur kvöldsins er heimsókn Celtic til AC Milan en fyrri leik liðanna lauk með jafntefli og heimamenn mega því passa sig gegn Skotunum í kvöld. **- óój**

Þrefaldur pottur 3

370 milljónir

170+200
1. vinningur

Bónus-vinningur
2 milljónir

Vertu með fyrir kl. 17, í dag.

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
lotto.is

ENNEMM / SIA / NM26458

**> JUDE LAW**

Íslandsvinurinn Jude Law er fæddur í London árið 1972. Foreldrar hans störfuðu báðir sem kennarar en reka nú leiklistarskóla í Frakklandi. Jude byrjaði að leika í leikritum tólf ára gamall og hætti alfarið í skóla þegar hann var sautján ára til að geta leikið í sápuóperunni Families. Fyrsta stóra kvikmyndahlutverk Judes var í myndinni Gattaca árið 1997 og hefur ferillinn legið upp á við síðan þá. Í kvöld klukkan 20.00 verður myndin Alfie sýnd á Stöð 2 Bíó en þar verður hægt að berja Jude augum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á SKELFILEGAR PYNTINGAR

# Miðaldirnar enn við lýði

Fyrri hluti breskrar sjónvarpsmyndar um Elísabetu I Englandsdrottningu var sýndur í Ríkissjónvarpinu síðastliðinn sunnudag. Myndin fjallaði á áhugaverðan hátt um bæði opinbert líf og einkalíf Elísabetar á efri árum hennar. Með aðalhlutverk fóru gæðaleikararnir Helen Mirren og Jeremy Irons, sem reyndar lést í þessum fyrri hluta.

Eitt atriði kom manni reyndar í opna skjöldu, eða þegar Bretar pyntuðu svikara sem þeir töldu að ógnuðu veldi þeirra. Garnirnar voru bókstaflega raktar úr fólki og ýmislegt fleira ógeðfellt sem best er að nefna ekkert frekar. Persóna Jeremy Irons lýsti einnig aftökunni á drottningu Skotlands þar sem þurfti fleiri en eitt axarhögg til að drepa hana.

Vægðarlausið var algjört á þessum tímum þar sem fólk var tekið af lífi opinberlega til að sýna vald yfirvalda og til að vara fólk á sama tíma við því að snúast gegn þeim.

Með tímanum hafa aftökur fengið á sig sífellt fleiri gagnrýnisraddir og núna fara þær að mestu fram fyrir luktum dyrum og eru flestar framkvæmdar á „mannúðlegan" hátt með sprautu í æð. Pyntingar eru að sjálfsögðu fordæmdar víða um heim, þó svo að sumum þjóðum finnist þær eðlilegar í skjóli baráttunnar gegn hryðjuverkum.

Því má segja að athæfi Breta frá miðöldum séu enn við lýði í dag, bara í öðruvísi mynd. Núna fær lýðurinn ekki lengur að sjá pyntingarnar eða aftökurnar, ekki nema myndefni sé lekið til fjölmiðla og þá virðast allir vera tilbúnir til að opna augun.



**HELEN MIRREN** Mirren með tvenn Golden Globe-verðlaun sem hún fékk fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsmyndinni Elizabeth I og kvikmyndinni The Queen.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.55 Nægtaborð Nigellu** RÚV



▶ **20.00 Alfie** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 South Park** SIRKUS



▶ **21.00 Britain´s Next Top Model** SKJÁREINN



▶ **21.10 Nip/Tuck** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Suðandi stuð** (4:21)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (24:42)
**18.30 Herkúles** (23:28)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (5:22)
Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
▶**21.00 Nægtaborð Nigellu** (11:13)
**21.25 Aukaleikarar** (5:6)
(Extras) Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Hér er fylgst með aukaleikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Spilafíkn**
Fræðslumyndband frá SÁS, Samtökum áhugafólks um spilafíkn, þar sem sögð er saga unglings sem ánetjast spilafíkn með alvarlegum afleiðingum. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.spilavandi.is. e
**22.50 Teiknarinn Priit Pärn**
(Pärnography) Eistnesk heimildamynd um myndlistarmanninn Priit Pärn sem teiknar skopmyndir og myndasögur, myndskreytir bækur og gerir teiknimyndir.
**23.45 Kastljós**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Alfie**
**08.00 The Perez Family** (e)
**10.00 Win A Date with Ted Hamilton!**
**12.00 The Big Bounce**
**14.00 The Perez Family** (e)
**16.00 Win A Date with Ted Hamilton!**
**18.00 The Big Bounce**
▶**20.00 Alfie**
Þessi rómantíska gamanmynd er með hjartaknúsaranum Jude Law í aðalhlutverki.
**22.00 Buffalo Soldiers**
**00.00 Van Wilder**
**02.00 The Fan**
**04.00 Buffalo Soldiers**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race** (5:14)
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters** (3:7) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 American Idol** (14:41)
**14.00 American Idol** (15:41)
**14.50 American Idol** (16:41)
**15.50 Shoebox Zoo**
**16.13 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.38 Stubbarnir**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Oprah**
**20.25 Extreme Makeover** (10:23)
▶**21.10 Nip/Tuck** (10:15)
Stranglega bönnuð börnum.
**22.00 Medium** (5:22)
(Miðillinn) Allison gefur Joe myndavél í afmælisgjöf en ekki líður á löngu áður en hún fer að sjá óhuggulegar myndir í gegnum linsuna. Bönnuð börnum.
**22.45 Grey´s Anatomy** (14:22)
**23.30 Kompás**
**00.05 Fled**
**01.40 The Closer** (15:15)
**02.25 Blind Justice** (4:13)
**03.10 A Thing Called Love** (5:6)
**04.10 Medium** (1:22)
**04.55 Entourage** (2:14)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Britney and Kevin. Chaotic**
▶**20.30 South Park**
**21.00 Smith**
Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.
**21.50 Supernatural**
(4:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**22.40 Insider**
Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.05 Da Ali G Show** (e)
**23.35 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)
Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en sú fyrri!
**00.05 Gene Simmons. Family Jewels**
(Happily Unmarried)
**00.35 Sirkus Rvk** (e)
**01.05 Entertainment Tonight**
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Innlit / útlit** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace - NÝTT** (e)
**20.00 Out of Practice - Lokaþáttur**
Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier.
**20.30 Fyrstu skrefin** (2:12)
Rætt verður við Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðing um hvernig fjölskyldan getur undirbúið komu nýs einstaklings í fjölskylduna auk þess sem rætt verður við hjón sem eru að pakka niður og eru á leið til Kína að ná í stúlkuna sína sem þau hafa beðið eftir í tvö ár.
▶**21.00 Britain's Next Top Model** (2:10)
Stelpurnar fá nýtt útlit og þær eru ekki allar sáttar við útkomuna. Síðan fá þær kennslu í förðun og þrjár þeirra fá að fara á deit með sætum strákum á meðan hinar þurfa að þjóna þeim.
**22.00 Jericho** (5:22)
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Close to Home** (e)
**00.55 The Silvia Night Show** (e)
**01.25 Vörutorg**
**02.25 Beverly Hills 90210** (e)
**03.10 Melrose Place (e)**
**03.55 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Fulham - Aston Villa** (frá 3. mars)
**16.00 Portsmouth - Chelsea** (frá 3. mars)
**18.00 Arsenal - Reading** (frá 3. mars)
**20.00 Juventus - Piacenza** (frá 4. mars)
**22.00 Liverpool - Man. Utd.** (frá 3. mars)
**00.00 Watford - Charlton** (frá 3. mars)
**02.00 Dagskrárlok**





Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

## Í KVÖLD

### SIRKUS KL. 19.30

**Britney og Kevin**

Í kvöld hefur Sirkus sýningar á raunveruleikaþætti Britney Spears og Kevins Federline. Í þættinum er fylgst með tilhugalífi þeirra og undirbúningi brúðkaupsins sem fjallað var um í flestum fjölmiðlum heims á sínum tíma. Þetta er ómissandi sjónvarpsefni fyrir alla þá sem vilja kynnast Britney betur.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ UGLY BETTY Í SJÓNVARPINU KL. 20.10



Ljóta Betty er ný bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem heitir Betty og hefur alltaf langað að vinna við blaðaútgáfu. Það virðist ekki vera neitt pláss fyrir þybbið og ófrítt fólk í þeim bransa en Betty fær þó vinnu sem aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.20** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**15.50 Þýski handboltinn**
**16.20 Meistaradeild Evrópu - endurs.**
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**18.30 Coca Cola mörkin**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Arsenal - PSV) Bein útsending.
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Bayern - Real Madrid) Útsending frá síðari leik Bayern München og Real Madrid í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**00.00 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - Lille) Útsending frá síðari leik Manchester United og Lille í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**01.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Bamses Billedbog **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Ud i det blå **8.00** Italienske fristelser **8.30** Smagsdommerne **9.10** Mit kenyanske hjem **9.25** OBS **9.30** Attention Mobning **10.00** DR-Derude i Kina **10.30** DR Explorer: Afrika - 18 grader syd **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **13.20** Hammerslag **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Det Vildeste Westen **15.15** Skum TV 2007 **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Cirkeline - Ost og kærlighed **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Kongehuset **19.00** Eksperiment Mobning - når de voksne slås **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Forbrydelsen **23.20** OBS **23.25** Arbejdsliv - find et job **23.55** Mission integration

## NRK 1

**8.30** Ansikt til ansikt med kronhjorten **9.00** Siste nytt **9.05** Muntlig spørretime **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Distriktsnyheter fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter fra Hedmark og Oppland **13.20** Distriktsnyheter fra Oslo og Akershus **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Familien **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: Fylla - noe å le av? **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Ugler i mosen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Eva og Adam **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Best på bortebane **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** Den tredje vakten **23.30** Det første året

## SVT 1

**8.30** Vet hut! **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Great thinkers of our time **10.00** Garage guld **10.30** UR-val **11.00** Rapport **11.05** Prins Joachims Schackenborg **13.10** Den stora illusionen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice börjar skolan **17.20** Små spöken **17.30** Hjärnkontoret **17.45** Klister **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Stockholm live **20.30** Entourage **21.00** Om inte **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** Leende guldbruna ögon **23.50** Bingo Royale


VERKFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
VIÐSKIPTAFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
STÆRÐFRÆÐI
ÍÞRÓTTAFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
FRUMGREINAR

# OPIÐ HÚS
## Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK
LAUGARDAGINN 10. MARS KL. 12-16, OFANLEITI 2



Komdu og hittu nemendur, kennara, námsráðgjafa og annað starfsfólk skólans og kynntu þér það nám sem er í boði.

ALLIR VELKOMNIR!



### Kynning á háskólanámi STOFA 131B
Kl. 13:00 Lögfræði
Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar
Kl. 13:30 Viðskiptafræði
Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar
Kl. 14:00 Stærðfræði og stærðfræði/kennslufræði
Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði
Kl. 14.30 Kennslufræði
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar
Kl. 15:00 Íþróttafræði
Viðar Halldórsson, lektor í íþróttafræði

### Kynning á tækni- og verkfræðideild STOFA 101
Kl. 13.00 Tölvunarfræði
Luca Aceto, sviðsstjóri tölvunarfræðisviðs
- Tölvunarfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Kerfisfræði

Kl. 13.30 Verkfræði
- Heilbrigðisverkfræði, Haraldur Auðunsson, sviðsstjóri heilbrigðistæknisviðs
- Rekstrarverkfræði, Hlynur Stefánsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs
- Fjármálaverkfræði, Hlynur Stefánsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs
- Hátækniverkfræði, Ásgeir Þór Eiríksson, sviðsstjóri hátækni- og rafmagnssviðs

Kl. 14.00 Tæknifræði
Ingunn Sæmundsdóttir, sviðsstjóri bygginga- og véltæknisviðs
- Byggingartæknifræði
- Vél- og orkutæknifræði
- Rafmagnstæknifræði

Kl. 14:30 Iðnfræði
Ingunn Sæmundsdóttir, sviðsstjóri bygginga- og véltæknisviðs og Kristín Ágústsdóttir, deildarfulltrúi
- Byggingariðnfræði
- Véliðnfræði
- Rafiðnfræði

Kl. 15.00 Frumgreinar
Málfríður Þórarinsdóttir, sviðsstjóri frumgreinasviðs

### Kynning á meistaranámi STOFA 231B
Kl. 13.00 Meistaranám í viðskiptadeild
- Alþjóðaviðskipti, Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður alþjóðaviðskiptanáms
- Fjármál, Jón Þór Sturluson, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum
- Reikningshald og endurskoðun, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum

Kl. 13.30 MBA
Finnur Oddsson, forstöðumaður MBA-námsins
Kl. 14.00 Meistaranám í lögfræði
Guðmundur Sigurðsson, prófessor í lögfræði
Kl. 14.30 Meistaranám í tölvunarfræði
Björn Þór Jónsson, forstöðumaður meistaranáms í tölvunarfræði
Kl. 15.00 Meistaranám í byggingarverkfræði og byggingartæknifræði
Ingunn Sæmundsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í verkfræði og tæknifræði
Kl. 15.30 Meistaranám í lýðheilsufræði
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

FABRIKAN 2007

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1 • SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

## GAMLA MYNDIN



*„Ég held ég hafi verið að reyna að safna hári á þessum tíma, ég hef reynt það nokkrum sinnum. Jakkinn er væntanlega skærasta flík sem ég hef átt í gegnum tíðina. Ég man að kjóllinn sem ég held á er búinn til úr angóruullarnærbolum.“*

Björg Ingadóttir, fatahönnuður og annar eigandi Spaksmannsspjara. Myndin er tekin 1996.

# Stjáni stuð aftur á öldur ljósvakans

„Mér líst æðislega á þetta. Ég verð með svipaðan þátt og ég var með, leiki og skemmtilegheit,“ segir Kristján Þórðarson útvarpsmaður, eða Stjáni stuð eins og hann er jafnan kallaður. Stjáni mun stjórna helgarþætti á nýrri útvarpsstöð þeirra Capone-bræðra, Búa Bendtsen og Andra Freys Viðarssonar. Stöðin kallast Reykjavík FM og fer í loftið á allra næstu dögum. Tíðni nýju stöðvarinnar verður að líkindum 105.

Þónokkuð er liðið síðan Stjáni stuð var síðast á öldum ljósvakans. Það er því mikið tilhlökkunarefni fyrir hann og aðdáendur hans að von sé á endurkomu meistarans. Aðdáendurnir þurfa þó ekki að kvíða því að kappanum hafi farið aftur meðan á fjarveru hans stóð.

Stjáni er nefnilega með æfingastúdíó heima hjá sér sem hann kallar Bylgjan 2. Eins og áður verður eiginkona hans honum stoð og stytta í útsendingum.

„Já, Soffía verður með mér og svarar í símann. Henni finnst mjög gaman að vera með mér,“ segir Stjáni kokhraustur. Hann fagnar því sérstaklega að mega spila gamla og góða músík eins og Rolling Stones og Bítlana. „Þarna má ég spila tónlist sem ég fíla, ég mátti það aldrei á X-inu enda hef ég aldrei fílað tónlistina á X-inu.

„Stjáni er góður vinur minn og á skilið að vera í loftinu,“ segir Búi Bendtsen sem verður útvarpsstjóri á stöðinni. Auk Capone-bræðra verða þeir Doddi litli og Ómar Bonham með þætti á Reykjavík FM.

**- hdm**



**CAPONE AFTUR Í LOFTIÐ** Þeir Andri Freyr og Búi verða aðalmennirnir á Reykjavík FM.



**STJÁNI STUÐ** Verður með þátt á nýrri útvarpsstöð sem fer í loftið á næstu dögum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** komst auga á **6** mjöður **8** tunna **9** til sauma **11** í röð **12** öngla **14** veisla **16** skammstöfun **17** stefna **18** heiður **20** samtök **21** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1** tónlistartegund **3** tveir eins **4** kjamsa **5** hald **7** avókadó **10** fugl **13** knæpa **15** áhrifavald **16** persónufornafn **19** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** sást, **6** öl, **8** áma, **9** nál, **11** jk, **12** króka, **14** partí, **16** þe, **17** átt, **18** æra, **20** aa, **21** raða.
**LÓÐRÉTT: 1** fönk, **3** áá, **4** smjatta, **5** tak, **7** lárpera, **10** lóa, **13** krá, **15** ítak, **16** þær, **19** að.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ómar Benediktsson
2. Sara Stridsberg
3. Leonardo DiCaprio.

ÍKVÖLD
Góður matur á efri hæðinni
Á MORGUN
Jónsson/Gröndal Kvintett
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is




**DICAPRIO Á ÍSLANDI** Í gær var talið líklegt að Leonardo DiCaprio myndi lenda hér á landi að næturlagi þannig að sem minnst færi fyrir honum. Hann ku ætla að kíkja á næturlíf miðborgarinnar þegar myndatökum Vanity Fair lýkur. SAMSETT MYND/KRISTINN

**LEONARDO DICAPRIO:** VILDI ÓLMUR KYNNAST REYKJAVÍK

# Tók Ísland fram yfir Alaska

Mikil leynd hvílir yfir komu stórleikarans Leonardo DiCaprio hingað til lands í myndatöku fyrir tímaritið Vanity Fair. Fréttablaðið greindi frá því að von væri á DiCaprio í gær og var upphaflega reiknað með honum síðdegis. Talsverðar breytingar hafa þó átt sér stað á ferðatilhögun DiCaprio, en áður en blaðið fór í prentun var talið líklegt að leikarinn myndi lenda að næturlagi til að forðast óþarfa áreiti.

Meðal þeirra sem eru í föruneyti DiCaprio eru fjölmiðlafulltrúi leikarans og unnusta, fyrirsætan Bar Rafaeli, en hún sat fyrir í einu vinsælasta tímaritaeintaki heims, baðfatablaði Sport Illustrated.

Annie Leibovitz, einhver frægasti ljósmyndari heims, tekur myndirnar en hún er hálfgerður hirðljósmyndari þotuliðsins í Hollywood. Starfsmenn Leibovitz komu hingað fyrir nokkrum dögum og leituðu heppilegra staða og voru augljóslega mjög ánægðir með það sem fyrir augu bar. Upphaflega stóð til að stjörnuhersingin héldi til Alaska fyrir myndatökuna en þegar frá því var horfið kom upp sú hugmynd að fara til Íslands. Í fyrstu var þó einungis reiknað með stuttu stoppi og að leikarinn myndi ekki einu sinni hafa næturdvöl hér á landi en DiCaprio krafðist þess að fá að kynnast næturlífi Reykjavíkur sem og landinu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun DiCaprio, starfsfólk Vanity Fair og True North eyða stærstum hluta dvalarinnar í að ferðast um landið og finna heppilega tökustaði en heimildir blaðsins hafa verið á reiki um hvar þær færu fram. Upphaflega var talið að DiCaprio yrði myndaður á Snæfellsjökli og þá voru einnig sögusagnir á kreiki um að þær færu fram við Jökulsárlón. Og var því fleygt fram að leikaranum yrði komið fyrir úti á ísjaka í miðju lóninu. Ekkert fékkst þó staðfest í þessum efnum og Einar Björn Einarsson, staðarhaldari í Jökulsárlóni, kannaðist ekki við komu True North eða stórrar kvikmyndastjörnu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Starfsfólk True North var þögult sem gröfin þegar Fréttablaðið leitaði svara og Finnur Jóhannesson, sem unnið hefur baki brotnu við að undirbúa komu leikarans hingað, vildi ekkert láta hafa eftir sér.

freyrgigja@frettabladid.is



**ANNIE LEIBOWITS** Er einhver frægasti ljósmyndari heims um þessar mundir og smellir myndum af stórstjörnum fyrir öll stærstu tímaritin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kristinn Hrafnsson** fréttamaður hlaut ákúrur frá herra **Karli Sigurbjörnssyni** biskupi í miklu bréfi sem biskup sendi **Kompási og Ara Edwald** forstjóra 365 vegna umfjöllunar um stöðu kirkjunnar í Kompási. Biskupi mislíkaði efnistök Kristins, sagði hann með slagorðaglamur og sleggjudóma, eins og Fréttablaðið greindi frá. Kristinn ætlar ekki að sitja þegjandi undir slíku og hefur tekið saman mikla greinargerð þar sem hann gefur lítið fyrir gagnrýnina og skilning biskups á eðli fjölmiðla. Hins vegar gengur illa að afgreiða málið til Biskupsstofu því ritstjórnarfulltrúi þáttarins, **Þórir Guðmundsson**, er á skíðum í mið-Evrópu ásamt reyndar talsmanni biskups: **Öddu Steinu Björnsdóttur**.



Og ástarlíf **Höllu „X-Factor“ Vilhjálmsdóttur** hefur tekið nýja stefnu. Halla var í sambandi við Kristján Ra eftir að þau kynntust við uppfærslu Footloose-söngleiksins en vikuritið Séð og heyrt greindi frá sambandsslitum þeirra fyrir ekki margt löngu. Halla sást skömmu síðar á stefnumóti með **Jude Law** en glöggir gestir gufunnar í Laugum á laugardag sáu Höllu hins vegar í góðu yfirlæti með gamla kærastanum **Kristjáni Ra.** Og gátu ekki annað en dáðst að þessu myndarlega pari. Ekki fylgir þó sögunni hvort neistinn hafi kviknað að nýju.



Ekkert lát virðist vera á komu stórlaxa til Íslands. Morgunblaðið greindi frá því á forsíðu fyrir skömmu að bandaríski hasarleikarinn **Vin Diesel** væri væntanlegur og þá til að leika í kvikmyndinni Babylon A.D. **Snorri Þórisson** og kvikmyndafyrirtækið **Pegasus** hafa haft samskipti við Hollywood en eitthvað virðist dæmið vera að springa í loft upp. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verkefnið minnkað til muna og jafnvel er talið að það verði blásið af.



**- jbg/fgg**

# Nýyrði tileinkað dr. Hannesi Hólmsteini

Þeir sem horfðu á fréttaskýringaþáttinn 60 mínútur á sunnudagskvöld hjuggu margir hverjir eftir nýyrði í innslagi um þáttastjórnandann umdeilda Bill O'Reilly, þar sem hugtakinu „right conservative“, eða hægrisinnaður íhaldsmaður, var snarað yfir á hið ástkæra ylhýra sem „hólmsteinska“.

„Þetta er léttlyndisleg þýðing sem við höfum stundum notað hér á kontórnum og kastað á milli okkar,“ segir Matthías Kristiansen þýðandi, sem þýddi téðan þátt. Í þýðingunni er auðvitað verið að vísa til doktors Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, eins ötulasta talsmanns frjálshyggjunnar á Íslandi um árabil. Sérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við voru á einu máli um að þýðingin væri vel heppnuð; tilvísunin og merkingin væru skýr og orðið félli vel að íslensku beygingakerfi.



**ÞJÁLAR ÞÝÐINGAR** Matthías Kristiansen og Gísli Ásgeirsson þýðendur kasta oft á milli sín léttlyndislegum þýðingum á skrifstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGA

Matthías vill þó sem minnst úr málinu gera og telur ólíklegt að orðið festist í sessi. „Ég held að þeir sem horfa á 60 mínútur séu almennt með svo þroskaða málvitund að það er ólíklegt að hugmyndaheimur þeirra raskist út af einni galgopalegri þýðingu og á ekki von á að þetta nýyrði eigi eftir að gera sig gildandi, frekar en mörg önnur.“

Sjálfur er doktor Hannes hæstánægður með þýðinguna. „Mér er mikill sómi sýndur,“ segir hann og bætir við að sér þætti það ekki ónýtt að hafa áhrif á tungumálið. „Það væri mér sannarlega mikill heiður ef þetta orð tæki sér bólfestu í tungumálinu í þessari merkingu.“

**- bs**



**HANNES HÓLMSTEINN** Fyndist það mikil upphefð ef íhaldssemi yrði kennd við hann í framtíðinni.


SKRÁÐU ÞIG Í VORLEIK ZIK ZAK
Í NÆSTU VERSLUN OKKAR.
FRÁBÆRIR VINNINGAR DREGNIR
ÚT DAGLEGA Á LÉTT 96,7
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
GERÐAR KRISTNÝJAR

# *Það var barn í dalnum*

Nýlega flutti Ríkissjónvarpið frétt af manni sem steyptist á höfuðið ofan í brunn svo hann rotaðist. Slysið varð að nóttu til utan alfaraleiðar en þangað hafði maðurinn flúið undan hópi manna sem ógnaði honum. Eftir að hann rankaði við sér tókst honum að klöngrast upp úr brunninum af eigin rammleik en þá tók við önnur píslarganga því ökumenn sem áttu leið hjá hirtu ekki um að bjóða blóðugum manninum far. Ekki höfðu þeir heldur fyrir því að láta lögregluna vita af honum símleiðis. Loks stöðvaði þó leigubílstjóri og ók manninum á slysavarðstofuna.

**FRÉTTAMAÐURINN** las okkur pistilinn í lok fréttarinnar. Hann sagði að „margir mættu skammast sín" og taldi upp þá sem ógnuðu manninum, ökumennina sem óku hjá og ekki síst borgaryfirvöld sem byrgja ekki brunna. Um áhorfendur hríslaðist eflaust ónotakennd yfir því að geta einhvern tímann þurft að treysta á aðstoð samborgara sinna.

**FYRIR** örfáum árum tóku fréttir um afsagaðar haglabyssur og menn sem muldu hnéskeljar á öðrum að verða fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum. Það undarlega var að starfsmenn spítalanna könnuðust ekkert við að þangað hefði neinn leitað með svo illa útleikin hné. 17. febrúar birti Mogginn síðan grein þar sem skýrt er frá því að ekkert bendi til þess að ofbeldisverkum sé neitt að fjölga. Þar er sagt að staðtölur sýni að dregið hafi úr ofbeldi í miðborginni. Aftur á móti hafi ofbeldi tengdum handrukkunum og á bráðamóttöku Landspítalans aukist, auk hótana í garð lögreglunnar. Sömuleiðis hafi grófum líkamsárásum fjölgað og ennfremur er nú algengara en áður að hnífum og kylfum sé beitt.

**SEM** sagt, líkamsárásir innan viss hóps eru grófari en áður en þeim fjölgar ekki. Af umfjöllun fjölmiðla mætti hins vegar oft halda að þarna úti ríkti styrjöld þar sem svarthvítir barnaníðingar laumast um, konur hárreita leigubílstjóra og útlenskir nauðgarar ganga lausir en eins og kunnugt er þurfa þeir ekki að flagga hreinu sakavottorði áður en þeim er hleypt í naglhreinsanirnar – ekki frekar en íslensku nauðgararnir reyndar. Það er því í raun engin furða að fólk skuli gefa í þegar alblóðugur maður veifar eftir fari og hugsi sem svo að hann hljóti nú að vera sjálfur með síma á sér. Áhugi fjölmiðla á hvers konar ofbeldi gefur því miður ekki oft tilefni til að æsa upp hjálpsemina í fólki. Og hver á þá helst að skammast sín?


MARKAÐURINN
**Einfalt mál**
með Fréttablaðinu alla miðvikudaga





www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36822 03/07

**Hraðþjónusta Toyota** - engar tímapantanir

Reglubundið viðhald þarf ekki að vera óþægilegt. Með tilkomu Hraðþjónustu Toyota er það bæði einfaldara og fyrirhafnarminna en áður.

Hraðþjónusta Toyota gefur þeim sem eru önnum kafnir kost á að njóta þjónustu sem losar fólk undan óþarfa umstangi og snúningum. Næst skaltu biðja um Hraðþjónustu Toyota og komast að raun um hvað hún getur breytt miklu fyrir þig á annasömum degi.




Hraðþjónusta Toyota - ekið inn að ofanverðu, Dalbrekkumegin

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2
Kópavogur
Sími: 570-5070
www.toyota.is